

**SKOÐUN** Þórunn Erlu Valdimarsdóttir segir það tímaskekkju að byggja steypurisa við Austurvöll. 13



**MENNING** Guðmundur Arnar, verðlaunahafi í Cannes, er með mynd í fullri lengd í bígerð. 30



**SPORT** Bjarni Fritzson segir Akureyringa hvergi bangna þótt lykilmenn séu horfnir á braut. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
29. maí 2013
124. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Orkunni þjappað

Skógræktin kannar hvort viðarkynding í Grímsey sé hagkvæmur kostur. Viðlíka lausn á Hallormsstað hefur gefist ágætlega. Viðarkurli er þjappað svo að betra sé að flytja það. 4

**Segir aðflugsljós skemma** Felix Bergsson, íbúi við Ægisíðu, segir fyrirhuguð lendingarljós eyðileggja eitt af fáum opnum svæðum í Vesturbænum. 2

**Leitar réttar síns** Fornleifafræðingur leitar réttar síns vegna skýrslu á vef menntamálaráðuneytisins. 6

**Ótímabær aðgerð** Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík segir ótímabært að loka flugbrautum. 8




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | SV | 6 |
| Akureyri | 14° | SV | 3 |
| Egilsstaðir | 14° | SV | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SV | 4 |
| Reykjavík | 8° | SV | 7 |

**SKÚRIR SV-TIL** Í dag verða sunnan eða suðvestan 3-8 m/s og skúrir um S- og V-til. Léttskýjað og hiti að 16 stigum N- og A-lands. 4

**4 SÉRBLÖÐ**

Markaður | Þjóðgarðar | Stöð 2 | Fólk





**KOSS FRÁ MÖMMU** Íslandsævintýri þessa litla drengs var úti í gær þegar átján lögreglumenn fylgdu fjölskyldunni um borð í leiguþotu sem flutti hana aftur til Króatíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Botox notað gegn ofvirkni þvagblöðru

Allt að 12 prósent karla og kvenna geta verið með ofvirka blöðru. Botoxi er dælt í vegg þvagblöðrunnar ef blöðruþjálfun og lyf í töfluformi virka ekki.

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun hefur heimilað notkun lyfsins botox við ofvirkri þvagblöðru af óþekktri orsök.

„Við höfum um árabil fyrst og fremst notað botox við meðferð þeirra sem eru með ofvirka blöðru vegna taugavandamála eins og MS og mænuskaða. Það nýjasta er notkun botox við meðferð annarra sjúklinga," segir Guðmundur Geirsson, dósent í þvagfæraskurðlækningum.

Ofvirk þvagblaðra er mjög algengt vandamál, að sögn Guðmundar. „Talið er að 10 til 12 prósent karla og kvenna á hverjum tíma geti verið með ofvirka blöðru. Tíðni vandamálsins eykst með aldrinum."

Guðmundur segir fyrst metið hversu alvarlegur vandinn er áður en botoxi er dælt í vegg þvagblöðrunnar. „Fyrst eru gefnar almennar leiðbeiningar um blöðruþjálfun og lyf gefið í töfluformi. Ef slíkt virkar ekki og mikill vandi er enn til staðar erum við farin að bjóða upp á meðferð með botoxi."

Árangur af botox-meðferðinni sést eftir tvo til þrjá daga, að því er Guðmundur greinir frá. „Viðkomandi losnar þá við tíð og bráð þvaglát sem ofvirk blaðra veldur. Meðferðin endist í sex til tíu mánuði en þetta virkar þó ekki hjá öllum." Að sögn Guðmundar hefur reynslan undanfarin ár af meðferðinni hjá sjúklingum með mænuskaða verið mjög góð. „Sjúklingarnir geta þá sleppt því að taka lyf í töfluformi sem oft valda aukaverkunum. Botoxið lamar blöðruna en það þarf hvort sem er að tappa af henni. Þeir sem ekki eru með taugasjúkdóma fá minni skammta því það má ekki gefa of mikið. Þá getur orðið þvagtregða eða jafnvel teppa."

Aðgerðin er framkvæmd á göngudeild þvagfærarannsókna á Landspítalanum og hafa sjúklingar hingað til greitt göngudeildargjald fyrir.

ibs@frettabladid.is

> **Viðkomandi losnar þá við tíð og bráð þvaglát sem ofvirk blaðra veldur. Meðferðin endist í sex til tíu mánuði en þetta virkar þó ekki hjá öllum.**
>
> *Guðmundur Geirsson*
> *dósent í þvagfæraskurðlækningum*

### NÆR 40 PRÓSENT KVENNA MEÐ ÞVAGLEKA

Ofvirk þvagblaðra er jafn algeng meðal karla og kvenna. Hluti þeirra sem er með ofvirka blöðru er jafnframt með þvagleka. Áreynsluþvagleki er algengari hjá konum en körlum. Vöðvar og bandvefur geta orðið slappir við meðgöngu eða skaddast við barnsfæðingu.

Tíðni þvagleka meðal kvenna reyndist vera 38 prósent samkvæmt könnun sem gerð var hér á landi fyrir rúmum áratug. Á göngudeild þvagfærarannsókna á Landspítalanum fer fram meðferð sjúklinga með ýmsa þvagfærasjúkdóma, m.a. þeirra með ofvirka þvagblöðru.






Brostnar vonir þegar 27 flóttamenn voru fluttir í lögreglufylgd til Króatíu:

# Kýrnar seldar fyrir von á Íslandi

**FÓLK** „Þetta er fólk sem horfir upp á að börnin þeirra glata öllum tækifærum," segir Katrín Oddsdóttir lögmaður, talsmaður tveggja fimm manna fjölskyldna frá Króatíu sem fluttar voru úr landi í gær.

Alls var 27 manns frá Króatíu vísað úr landi en 23 úr þremur fjölskyldum urðu eftir þar sem konurnar hafa ekki króatískt ríkisfang.

Katrín segir fólkið flest af serbneskum uppruna og hafa flúið mismunun og áreiti í Króatíu. „Þeim fannst alltaf eins og að ef þau gætu sýnt einhvern veginn fram á að þau væru engar afætur þá gætu þau kannski fengið að vera," segir Katrín. Fólkið sé vonsvikið og hafi selt aleiguna fyrir Íslandsferðina. „Önnur fjölskyldan átti fjórar kýr og seldi þær að lokum allar frá sér í örvæntingu til að komast hingað. Ég held að enginn leiki sér að því að gerast flóttamaður."

- gar sjá síðu 8

> **Önnur fjölskyldan átti fjórar kýr og seldi þær að lokum allar frá sér í örvæntingu til að komast hingað. Ég held enginn leiki sér að því að gerast flóttamaður.**
>
> *Katrín Oddsdóttir*
> *lögmaður*







## SPURNING DAGSINS



Jorge, kom þér það ekki spánskt fyrir sjónir að verða ekki Íslandsmeistari?

**Jú, en það er samt bara pappír.**
Spánverjinn Jorge Fonseca vann Íslandsmótið í kotru annað árið í röð en má ekki titla sig Íslandsmeistara því hann er ekki íslenskur ríkisborgari.

Miklu fleiri leita til Hjálparstarfs kirkjunnar vegna breyttrar greiðsluþátttöku:

# Hjálparbeiðnir vegna lyfjakaupa

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirspurnum til Hjálparstarfs kirkjunnar um stuðning vegna lyfjakaupa hefur fjölgað mikið frá því að ný lög um greiðsluþátttökukerfi tóku gildi í byrjun maí, að því er Bjarni Gíslason, fræðslu- og upplýsingafulltrúi hjálparstarfsins, greinir frá.

„Það er erfitt fyrir okkar skjólstæðinga að mæta óvæntum kostnaði, jafnvel þótt hann sé tímabundinn og þeir borgi síðar minna eða ekkert. Við heyrum hjá þeim sem leita til okkar að þegar kostnaðarhlutdeild hefur hækkað, til dæmis í 10 til 15 þúsund krónur þótt það sé tímabundið, þá ræður fólk ekki við það. Við höfum ekki getað hjálpað þeim sem hafa orðið fyrir því að kostnaðarhlutdeild þeirra hefur aukist því að þá værum við fljót að tæma sjóði okkar,“ segir Bjarni.



BJARNI GÍSLASON

Hann bendir á greiðsludreifingu lyfsala. „Hægt er að skipta upphæðinni í þrjá til fjóra hluta. Ef upphæðin er 16 þúsund er greiðslan 4 þúsund krónur á mánuði en ef upphæðin er 60 þúsund þá er greiðslan 15 þúsund krónur. Þeir sem eru verst settir eiga erfitt með að greiða slíka upphæð jafnvel þótt heildarkostnaður ársins verði ekki meiri en áður. Viðmót og viðhorf þeirra sem veita þjónustu og upplýsingar skipta miklu máli þegar fólk finnur fyrir óöryggi vegna þessa.“ -ibs

Veikum körlum betur sinnt:

# Konurnar fá síður aðstoð

**SVÍÞJÓÐ Konur sem eru með Alzheimers-sjúkdóminn, sem er hrörnunarsjúkdómur, fá minni heimilisaðstoð en karlar með sjúkdóminn, að því er kemur fram í sænskri könnun. Þremur klukkustundum munar á þjónustunni sem karlar og konur fá.**

**„Mig furðar á því hversu munurinn er mikill og greinilegur,“ segir Carina Wettmo, doktor í læknisfræðilegum vísindum, í viðtali á fréttavef Dagens Nyheter.** -ibs



**YFIR ÞÚSUND** Fundargestir voru sumir ósáttir við að forsætisráðherra mætti ekki.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forsætisráðherra sendi aðstoðarmann sinn:

# Vilja láta stíga varlega til jarðar

**UMHVERFISMÁL Fjölmenni safnaðist saman fyrir framan Stjórnarráð Íslands síðdegis í gær í þeim tilgangi að afhenda Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra áskorun Landverndar um að ný ríkisstjórn endurskoði afstöðu sína til stóriðjuframkvæmda og virkjana.**

**Forsætisráðherra sá sér ekki fært að hitta forsvarsmenn náttúruverndarfólks og tók aðstoðarmaður hans, Jóhannes Þ. Skúlason, við áskorun úr hendi Guðmundar Harðar Guðmundssonar, formanns Landverndar.**

**„Landvernd hvetur til víðtæks samráðs stjórnvalda við almenning, náttúruverndar- og útivistarsamtök, ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög með það að markmiði að ná þjóðarsátt um náttúruverndar- og virkjanamál,“ segir í ályktun Landverndar.** - shá

Heilsugæslustöð lokað:

# Læknir grunaður um barnaníð

**SVÍÞJÓÐ** Heilsugæslustöð í Sigtuna í Svíþjóð hefur verið lokað í kjölfar handtöku læknis sem þar starfaði. Læknirinn er grunaður um mörg kynferðisbrot gegn börnum og kynferðislega áreitni.

Sænskir fjölmiðlar hafa það eftir embættismanni að nauðsynlegt hafi verið að grípa strax til aðgerða. Ekki hafi fengist fullnægjandi upplýsingar frá heilsugæslunni um öryggi sjúklinga sem verður vísað til annarra heilsugæslustöðva. Læknirinn situr nú í gæsluvarðhaldi. -ibs

Viðræður um ESB-aðild dýrar:

# Hafa kostað tæpan milljarð

**STJÓRNMÁL** Nýkjörin ríkisstjórn ætlar að gera nýja úttekt á stöðu aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið. Kostnaður ríkisins vegna þeirra mun nema tæpum 900 milljónum króna. Í apríl gaf utanríkisráðuneytið út ítarlega skýrslu um stöðu viðræðnanna.

Nýja ríkisstjórnin hyggst samkvæmt stjórnarsáttmála gera hlé á aðildarviðræðum við ESB. Að sama skapi hefur ríkisstjórnin ekki gefið það út hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhald aðildarviðræðna fari fram. - ósk

# Segir ný aðflugsljós skemma fyrir útivist

Íbúi við Ægisíðu segir fyrirhuguð lendingarljós munu eyðileggja eitt af fáum opnum svæðum í Vesturbænum. Skorar á borgaryfirvöld að hætta við framkvæmdina. Annar íbúi er ósáttur við ljósin en segir öryggissjónarmið vega þungt.

**SKIPULAGSMÁL** „Við erum alveg gáttaðir á þessu,“ segir Felix Bergsson leikari, sem býr við Ægisíðu, um fyrirhuguð lendingarljós sem koma á upp við flugvöllinn. Möstrin eru átta talsins og munu ná niður í fjöruborð, en þau hæstu eru 5,4 metrar að hæð. Lendingarljósin eru hluti af samkomulagi borgaryfirvalda við innanríkisráðherra um uppbyggingu við Reykjavíkurflugvöll.

Felix segir ljósin muni breyta miklu fyrir Vesturbæinga, en að halda svæðinu opnu sem útivistarsvæði.

„Það eru svo fá opin og almennileg svæði eftir í Vesturbænum og mér finnst ótrúlegt að borgaryfirvöld, sem þó hafa sýnt mikla viðleitni í umhverfismálum, skuli ekki fá þessu breytt. Við treystum því að það verði gert.“

Pétri Péturssyni prófessor, nágranna Felix, þykir einnig sárt að setja þurfi upp lendingarljós á svæðinu. Hins vegar verði öryggissjónarmið að ráða för.



PÉTUR PÉTURSSON

„Ef það er mat sérfræðinga út frá öryggissjónarmiði að ljósin séu nauðsynleg held ég að maður verði að beygja sig undir það. Ég hef stundum verið að hugsa um það, þegar flugvélarnar koma inn til lendingar og maður horfir nánast í augun á flugmönnunum, hvenær að því komi að ein þeirra lendi á þakinu hjá mér.“

Felix telur hins vegar litla þörf á ljósunum. Hann bendir á að ekki sé langt síðan flugmálayfirvöld sóttust eftir því að koma upp möstrum í Hljómskálagarði. Tekist hafi að koma í veg fyrir það, en nú sé sama frekjan í gangi.

„Getur fólk ímyndað sér ef það væru fimm metra há möstur í Hljómskálagarðinum núna? Þetta er sams konar. Ef flugvöllurinn er farinn að verða svona frekur á umhverfi sitt, þá þurfa menn virkilega að fara að hugsa málið,“ segir Felix og bendir á að einnig eigi að fella tré í Öskjuhlíð vegna flugsins.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÓSÁTTUR** Felix Bergsson telur vegið að útivistarsvæðinu við Ægissíðu. Hann er ósáttur við Ögmund Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra Vinstri grænna, sem stóð að samningnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Skipulagsferlið að hefjast

Hugmyndirnar um uppsetningu mastranna hafa verið kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði borgarinnar. Þær eiga hins vegar eftir að fá nánari útfærslu og fara í grenndarkynningu.

„Það er ekki rétt, sem einhver hefur haldið fram, að þetta sé að fara í framkvæmdir í sumar.,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. „Skipulagsferlið er að hefjast og það er allt eftir og þá á eftir að gefa framkvæmdaleyfi. Útfærslan er að því að miklu leyti eftir, þó þetta séu fyrstu óskir.“






Pyntinganefnd Evrópuráðs gerir athugasemdir við áfangaheimili fyrir fanga:

# Eðlilegt að greiða fyrir vistina

**FANGELSISMÁL** Pyntinganefnd Evrópuráðs gerir athugasemdir við að á Íslandi sé ekkert áfangaheimili rekið fyrir konur sem eru að ljúka afplánun. Þetta kemur fram í drögum að skýrslu nefndarinnar um fangelsismál.

Nefndin gerir einnigt athugasemd við að fangar þurfi að borga fyrir dvöl sína í Vernd, áfangaheimili sem rekið er af líknarfélagi. Hún hefur óskað eftir útskýringum á þessu fyrirkomulagi frá íslenskum stjórnvöldum. Páll Winkel fangelsismálastjóri segir Vernd líknarfélag og ekki rekið í hagnaðarskyni.

„Fangarnir sem þar eru vistaðir, konur og karlar, greiða 60 þúsund fyrir fæði og húsnæði á mánuði en flestir vistmannanna eru í launaðri vinnu úti í samfélaginu. Ef þeir eru ekki í launaðri vinnu þiggja þeir örorkubætur.“

Páll segir eðlilegt að vinnandi menn borgi fyrir fæði og húsaskjól en bendir á að engum hafi verið vísað frá áfangaheimilinu vegna vanefna. Um áfangaheimili fyrir konur segir Páll konur aðeins vera um fimm prósent fanga á Íslandi. Konum bjóðist að ljúka afplánun á Vernd en sé eitthvað því til fyrirstöðu sé hægt að vista konur á annars konar áfangaheimilum.

„Smæð okkar gerir okkur stundum erfitt fyrir,“ segir Páll en bendir jafnframt á að fangelsisyfirvöld séu ekki sammála öllum þeim athugasemdum sem koma fram í skýrsludrögum nefndarinnar og að þeim verði svarað. - hó



**FANGELSISMÁLASTJÓRI** Páll Winkel, fangelsismálastjóri segir eðlilegt að fangar greiði fyrir dvöl sína á áfangaheimili þar sem þeir stundi fulla vinnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET




# 3.190 ÞÚS. KR.

*FÁÐU MEIRA ÚT ÚR FERÐALAGINU Í SUMAR*




Bíll á mynd: Chevrolet Cruze Station LTZ

## NÝR CRUZE STATION

Chevrolet Cruze Station er nýr og spennandi fjölskyldubíll sem uppfyllir allar kröfur þeirra sem vilja mikið pláss og þægindi fyrir sig og fjölskylduna. Hann er auk þess betur búinn en margir mun dýrari bílar. Komdu í heimsókn og kynntu þér Cruze Station. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn frá Chevrolet – á enn lægra verði.

| | |
|---|---|
| Chevrolet Cruze Station LT 1.6 l • bensín • bsk | **Verð: 3.190 þús. kr.** |
| Chevrolet Cruze Station LT 1.8 l • bensín • ssk | **Verð: 3.690 þús. kr.** |
| Chevrolet Cruze Station LTZ 2.0 l • dísel • ssk | **Verð: 4.390 þús. kr.** |

**Kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is**

Opið alla virka frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## GENGIÐ 28.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,87 | 124,47 |
| Sterlingspund | 187,13 | 188,03 |
| Evra | 160,07 | 160,97 |
| Dönsk króna | 21,474 | 21,6 |
| Norsk króna | 21,202 | 21,326 |
| Sænsk króna | 18,631 | 18,741 |
| Japanskt jen | 1,2142 | 1,2214 |
| SDR | 184,86 | 185,96 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 218,3988

Útskriftarnemar menntaskóla í Gautaborg fengu slæmar fréttir:

# Skólinn gleymdi skylduáfanga

**SVÍPJÓÐ** Útskriftarnemar í menntaskóla í Gautaborg eru mjög ósáttir eftir að upp komst að skólinn þeirra gleymdi að kenna áfanga sem skylda er að hafa lokið fyrir útskrift. Útskriftin er um næstu helgi.

„Þetta er virkilega það versta sem maður gat ímyndað sér,“ hefur sænska blaðið Metro eftir Aryan Roozytalab útskriftarnema.

„Við eigum að útskrifast eftir fjóra daga og ég á að klára áfanga sem ætti að kenna á heilu ári. Það er ómögulegt,“ sagði Patricia Kjellby nemi við Expressen. „Í hreinskilni sagt er ég mjög pirruð yfir því að þetta hafi uppgötvast núna.“

Áfanginn sem um ræðir er trúarbragðafræði, og nemendur segjast hafa spurst fyrir um málið fyrir löngu. Að sögn Christel Berver, skólastjóra Aniaramenntaskólans, á málið rætur sínar að rekja til misskilnings um námsskrána. „Þegar þú lest lögin er hægt að túlka það sem svo að hægt sé að skipta út trúarbragðafræði fyrir félagsfræði.“ Það mátti hins vegar ekki og því situr fjöldi nemenda nú sveittur við og reynir að lesa námsefni heils vetrar á nokkrum dögum.

Roozytalab vonast til þess að þetta gangi upp. „Ég vinn tvær vinnur sem ég þarf nú að sinna meðan ég klára heilan áfanga á einni viku. Ég á líka eftir að kaupa fötin og skipuleggja veisluna.“ **- þeb**



**STÚDENTAR** Nemarnir sitja nú sveittir við lesturinn til að geta útskrifast um helgina og sett upp húfur svipaðar þessum íslensku stúdentshúfum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Finnar sinna gæslu á Íslandi:

## Von á fimm orrustuþotum

**FINNLAND** Forseti Finnlands, Sauli Niinistö, segir sátt ríkja þar í landi með þátttöku Finna í loftrýmisgæslu á Íslandi, en í febrúar er von á fimm orrustuþotum til þess að sinna gæslu. Þetta er í fyrsta sinn sem ríki utan Atlantshafsbandalagsins sinnir varnar- og öryggismálum á vettvangi bandalagsins.

Forseti Finnlands segir að friður ríki í landinu um þessa ákvörðun þótt að finnska ríkið hafi ekki endanlega samþykkt hana. **- ósk**

Oscar Pistorius sektaður:

## Skuldar skatt

**SUÐUR-AFRÍKA** Oscar Pistorius, suðurafríski spretthlauparinn sem grunaður er um að hafa myrt kærustu sína, var sektaður vegna skattsvika í síðustu viku. Pistorius var gert að telja fram allar eignir sínar við réttarhöldin og í kjölfarið komst upp um skattaskuld Pistorius. Hann hefur nú gert upp skuldina.



**OSCAR PISTORIUS**

Pistorius hefur viðurkennt að hafa skotið kærustu sína Reeva Steenkamp til dauða á heimili sínu í febrúar. Hann heldur því fram að hann hafi haldið að hún væri innbrotsþjófur. Réttarhöld vegna málsins hefjast í næsta mánuði. **-ósk**

**REYKJAVÍK**

### Kennsl borin á lík

Líkið sem fannst við Gróttu á Seltjarnarnesi á föstudaginn síðasta var af Önnu Kristínu Ólafsdóttur. Hennar hafði verið leitað síðan 12. apríl. Útför Önnu hefur þegar farið fram.

# Þjappa orkunni svo kynda megi Grímsey

Skógrækt ríkisins rannsakar hvort viðarkynding í Grímsey sé hagkvæmur kostur. Dæmi eru um slíka lausn á Hallormsstað sem hefur gefist ágætlega. Þjappa þarf orkunni með sérstakri aðferð svo mögulegt sé að flytja hráefnið út í eyjuna.

**LANDBÚNAÐUR** Skógrækt ríkisins rannsakar hagkvæmni þess að kynda byggðina í Grímsey með viðarkögglum eða kurli sem unnið er úr grisjunarvið. Þróa þurfti aðferð við að gera hráefni til orkuvinnslunnar eins létt og fyrirferðarlítið og mögulegt vegna vandamála við flutning út í eyjuna.

Þröstur Eysteinsson, sviðsstjóri hjá Skógræktinni, segir að það sem verið er að skoða sé hvort hægt sé að innleiða viðarkyndingu í eynni. Grímsey sé í raun einn síðasti bærinn á landinu þar sem kynt er með olíu enda innan svokallaðra. „Þetta er tilraun við að kurla við og köggla hann síðan, sem felst í raun í því að þjappa saman orkunni í viðnum. Það er vegna þess að ef á að kynda Grímsey með viðarkyndingu þá þarf að leysa vandann við að flytja orkugjafann sína leið,“ segir Þröstur.

Að nýta viðarkyndingu hér á landi er ekki óþekkt. Nefna má kyndistöð Skógarorku á Hallormsstað þar sem kurlaðir eru um 600 rúmmetrar af viði á ári í þá orkuframleiðslu. Á staðnum er skólinn, íþróttahúsið og hótelið á staðnum hitað með orku frá Skógarorku. Stefnt er að því að hita fleiri hús á þennan hátt á staðnum.

„Þetta virkar alveg, en þar er verið að keppa við niðurgreitt rafmagn og þetta stendur ekki undir sér að fullu, það verður að segjast alveg eins og er,“ segir Þröstur um viðarkyndinguna austur á Hallormsstað.

Á vef Akureyrar, en árið 2009 samþykktu íbúar Grímseyjar og Akureyrar með miklum meirihluta að sameina sveitarfélögin, segir að í Grímsey búa um 90 manns. Þar er verslun, tvö gistiheimili, veitingastaður, handverkshús, kaffihús, sundlaug og félagsheimili. Raforka í Grímsey er framleidd með díselrafstöð og kælivatn frá rafstöðinni nýtist sundlauginni á staðnum.

Niðurstöður rannsóknaverkefnis Skógræktarinnar verða kynntar í sumar. svavar@frettabladid.is



**FRÁ GRÍMSEY** Alls eru á fjórða tug íbúðarhúsa í eynni en raforka er framleidd með dísilrafstöð. MYND/MAGNÚSBJARNASON

### Kögglað og þurrkað eins og korn

Síðastliðið sumar var gerð tilraun með kögglun á lerki og stafafuru sem unnið var úr grisjunarvið. Grisjunarviðurinn var höggvinn á vormánuðum 2012. Kurlið var síðan þurrkað á Grund í Eyjafjarðarsveit í þurrkaðstöðu fyrir korn, en aðferðin felst í því að heitu lofti er blásið upp um ristar á gólfi og í gegnum kurlið. Samtals voru þurrkaðir um 9,2 rúmmetrar af kurli úr þrenns konar hráefni.



**KÖGGLAR** Framtíðareldsneyti Grímseyinga? MYND/RÚNARÍSLEIFSSON

Hafði verið leitað lengi:

## Lík blakstjörnu fannst á Spáni

**SPÁNN, AP** Lögregla á Spáni hefur að öllum líkindum fundið lík hollensks pars sem hafði verið saknað frá því um miðjan maí. Spánverji hefur verið handtekinn í tengslum við líkfundinn.

Ingrid Visser var landsliðskona í blaki og var með manni sínum, Lodewijk Severein, í Murcia á Spáni. Þau fóru af hóteli sínu í borginni þann 13. maí og áttu að hitta lækni daginn eftir. Hann lét lögreglu vita þegar þau komu ekki að hitta hann. Í kjölfarið fór fram umfangsmikil leit að parinu, og hvarf þeirra vakti mikla athygli í heimalandinu og víðar. **- þeb**

Fátækt meðal Evrópubúa:

## Fjórar milljónir fá matargjafir

**HJÁLPARSTARF** **Matargjafir Alþjóða Rauða krossins í Evrópu hafa tvöfaldast á fjórum árum. Framkvæmdastjóri samtakanna, Bekele Geleta, segir í viðtali við breska blaðið Independent að gripi stjórnvöld í Evrópu ekki til aðgerða gegn atvinnuleysi og aukinni fátækt megi búast við aukinni spennu meðal borgaranna.**

**Það er ekki bara í Miðjarðarhafslöndunum sem fátæktin eykst, heldur einnig norðar í Evrópu. Þörfin fyrir aðstoð hefur ekki verið meiri síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Árið 2009 fengu 2,3 milljónir Evrópubúa matargjafir en nú er fjöldinn 4,3 milljónir. Innan Evrópusambandsins eru 12 milljónir án vinnu.** **-ibs**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**FÍNT VEÐUR** Veðrið verður svipað hjá okkur næstu daga. Fremur hægar suðlægar áttir og væta með köflum um sunnan og vestanvert landið. Flott veður norðaustanlands í dag með hita að 16°C.




**Á morgun**
8-15 S- og V-til, annars hægari.




**Föstudagur**
8-15 m/s, hvassast SV-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Billund | 17° | Gautaborg | 18° | London | 16° | Orlando | 30° | San Francisco | 15° |
| Basel | 14° | Frankfurt | 12° | Kaupmannahöfn | 18° | Mallorca | 23° | Ósló | 20° | Stokkhólmur | 19° |
| Berlín | 22° | Friedrichshafen | 10° | Las Palmas | 22° | New York | 27° | París | 16° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




PIPAR\TBWA • SÍA • 131735



**MERIDA FINSE 1222**
**HERRAHJÓL**
**109.990 KR.**
**Léttgreiðslur 18.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 51, 56 cm
Bremsur: Tektro, V-brake
Gírar: Shimano Acera



**MERIDA FINSE 1222**
**DÖMUHJÓL**
**109.990 KR.**
**Léttgreiðslur 18.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 41, 46, 51 cm
Bremsur: Tektro, V-brake
Gírar: Shimano Acera



**MERIDA KRÅKEOY 7**
**109.990 KR.**
**Léttgreiðslur 18.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 51, 55 cm
Bremsur: Fót- og handbr.
Gírar: Nexus 7 gírar
Gaffall: Stál



**MERIDA MATTS TFS-300**
**FJALLAHJÓL**
**149.990 KR.**
**Léttgreiðslur 24.998 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 16, 18, 20, 22, 24"
Bremsur: Tectro, diska
Gírar: Shimano SLX-9
Þyngd: 13,85 kg



**MERIDA CROSSWAY 10**
**GÖTUHJÓL HERRA**
**99.990 KR.**
**Léttgreiðslur 13.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 48, 52, 55, 58 cm
Bremsur: Tectro Novela
Gírar: Shimano Acera-x



**MERIDA CROSSWAY 10**
**GÖTUHJÓL DÖMU**
**99.990 KR.**
**Léttgreiðslur 13.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 46, 50, 54 cm
Bremsur: Tectro Novela
Gírar: Shimano Acera-x



**MERIDA BYGDØY 3**
**DÖMUHJÓL**
**89.990 KR.**
**Léttgreiðslur 14.998 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 47, 51 cm
Bremsur: Hand- og fót
Gírar: Nexus 3 gírar



**MERIDA BYGDØY 7**
**DÖMUHJÓL**
**109.990 KR.**
**Léttgreiðslur 18.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 47, 51 cm
Bremsur: Hand- og fót
Gírar: Nexus 7 gírar



**MERIDA BIG NINE TFS300**
**FJALLAHJÓL**
**169.990 KR.**
**Léttgreiðslur 28.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Stærðir: 15, 17, 19, 21"
Bremsur: Tectro, diska
Gírar: Shimano XT-9
Þyngd: 13,8 kg



**MERIDA DINO 20**
**BARNAHJÓL 6–8 ÁRA**
**49.990 KR.**
**Léttgreiðslur 8.332 KR.**
**í 6 mánuði.**

Bremsur: Power v-br 821A
Gírskipting: Shimano
Gírar: 6
Dekk: 20"



**MERIDA BELLA 16**
**BARNAHJÓL 4–6 ÁRA**
**29.990 KR.**
**Léttgreiðslur 4.998 KR.**
**í 6 mánuði.**

Bremsur: Fót- og handbr.
Þyngd: 7,9 kg
Dekk: 16"



**MERIDA DINO/BELLA 12**
**BARNAHJÓL 2–4 ÁRA**
**24.990 KR.**
**Léttgreiðslur 4.165 KR.**
**í 6 mánuði.**

Bremsur: Fótbremsur
Grind: Ál
Þyngd: 7,5 kg
Dekk: 12"
Hjálpardekk fylgja.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í litum hvaða ríkis er heimsins stærsti fáni?
**2.** Hvaða þrjú lið komust upp í úrvalsdeild í enska boltanum?
**3.** Í hvaða landi er Íslendingur grunaður um morð um helgina?

**SVÖR:**

**1.** Rúmeníu. **2.** Cardiff, Hull og Crystal Palace. **3.** Noregi.

Fornleifafræðingur leitar réttar síns vegna stjórnsýsluúttektar menntamálaráðuneytis:

# Telur fornleifaskýrslu vera ærumeiðandi

**STJÓRNSÝSLA** Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur og aðjunkt við Háskólann á Hólum, telur að í stjórnsýsluúttekt menntamálaráðuneytisins á stöðu og þróun fornleifarannsókna á Íslandi sé að finna rangfærslur um störf hennar sem til þess séu fallnar að valda henni álitshnekki og fjártjóni.

Ragnheiður hefur leitað til lögmannsstofunnar Rökstóla til að gæta hagsmuna hennar vegna vinnslu, birtingar og umfjöllunar um skýrsluna.

Fornleifafræðingurinn Brynja Björk Birgisdóttir vann skýrsluna sem var til umfjöllunar í Kastljósi á mánudagskvöld. Þar kom fram að engum skýrslum hefði verið skilað um fjölda ríkisstyrktra verkefna og að eftirliti með þeim væri ábótavant. Í skýrslunni eru tekin nokkur dæmi, þar á meðal rannsókn Ragnheiðar. Hólaverkefnið er sagt dæmi um skort á faglegu mati og gagnrýni við styrk- og leyfisveitingar. Eins segir að 150.000 munum sem hér hafa fundist hafi ekki verið skilað til varðveislu til Þjóðminjasafnsins.

Ráðuneytið fjarlægði skýrsluna fljótlega af vef sínum. Eftirfarandi texti var birtur þegar hún var gerð opinber 22. maí. „Skýrsla þessi er unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti af Brynju Björk Birgisdóttur og endurspeglar ekki í öllum tilvikum álit og niðurstöður ráðuneytisins. Ráðuneytið ráðgerir að taka niðurstöður skýrslunnar til athugunar í samvinnu við Minjastofnun Íslands.“ - shá



**FRÁ HÓLUM Í HJALTADAL** Aldrei var leitað til fornleifafræðings vegna rannsókna hans þótt þær séu gagnrýndar hart í skýrslunni.

Íslendingur grunaður um morð:

## Óskýr mynd af atburðarásinni

**NOREGUR** „Lögreglan vill taka formlega skýrslu af honum áður en hún gefur upplýsingar um það hvað vitni og aðrir hafa sagt,“ sagði Svein Kjetil Stallemo, verjandi íslenska karlmannsins sem grunaður er um morð í Noregi, í samtali við fréttastofu 365.

Maðurinn var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald í fyrradag. Saksóknari fór fram á úrskurð fyrir luktum dyrum vegna þess að fjöldi vitna ætti eftir að gefa skýrslu og ekki nægilega skýr mynd komin á atburðarásina. Stallemo segir skjólstæðing sinn ætla að sýna lögreglunni samstarfsvilja. - ósk



**Í SÍMANUM** Þrýst er á að farsímar verði merktir svo gæði gagnaflutnings þeirra sjáist. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Farsímatakið skiptir máli:

## Snjallsímaloftnetin misgóð

**FJARSKIPTI Fjarskiptaeftirlitsstofnanir Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hafa með bréfi til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins farið fram á að innleiddar verði merkingar á farsímtækjum með tilliti til hæfni þeirra til að nema merki frá fjarskiptasendum.**

**„Móttökugeta farsíma fer annars vegar eftir hæfni tækisins sjálfs og hins vegar eftir því hvernig notandinn heldur á símanum. Mikill munur getur verið á hæfni tækjanna til að taka á móti merkjum frá sendum,“ segir í tilkynningu á vef Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS).** - óká

# Ráðamenn hræðast aukið atvinnuleysi

Beina þarf sjónum Evrópu að atvinnuleysi ungs fólks því annars verður til heil kynslóð sem ekki trúir á stjórnvöld og Evrópusambandið, segja ráðherrar innan ESB. Möguleiki að styrkja ungt fólk til vinnu í öðrum löndum til að ná jafnvægi.

**EVRÓPUMÁL** „Við þurfum að bjarga heilli kynslóð fólks sem er hrædd,“ sagði Enrico Giovannini, atvinnumálaráðherra Ítalíu, í gær um atvinnuleysi ungs fólks í Evrópu. „Við höfum best menntuðu kynslóðina hingað til í þessari heimsálfu og við erum að setja hana í bið.“

Giovannini og aðrir ráðherrar frá Ítalíu, Frakklandi og Þýskalandi ræddu vandamálið á ráðstefnu um næstu skref Evrópu í París í gær. Ráðamenn innan Evrópusambandsríkjanna hafa áhyggjur af miklu atvinnuleysi meðal ungs fólks og vilja að fyrirtæki hjálpi í auknum mæli til við að leysa atvinnuleysisvandann.Þeir vöruðu við því í gær að ungt fólk í Evrópu muni missa trú á stjórnvöldum í eigin ríkjum og Evrópusambandinu ef sjónum verður ekki beint að þessu stóra vandamáli. Tæplega eitt af hverjum fjórum ungmennum í Evrópu er án vinnu.

Atvinnuleysi hefur verið viðvarandi vandamál frá því að fjármálakreppan skall á álfunni og mælist það 10,9 prósent í Evrópusambandsríkjunum. Hjá ungu fólki er meðaltalið í kringum 22 prósent en í verst settu ríkjunum, eins og Grikklandi og Spáni, er yfir helmingur ungs fólks án vinnu.

Evrópusambandið hefur þegar heitið sex milljörðum evra í verkefni sem á að tryggja öllu ungu fólki á svæðinu vinnu, lærlingsstöðu eða einhvers konar þjálfun innan fjögurra mánaða frá því að það missir vinnuna.

Þrátt fyrir þetta mikla atvinnuleysi segir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að fólk vanti í um tvær milljónir starfa á svæðinu. Mörg þessara starfa eru í öðrum löndum en þeim sem atvinnuleysið hrjáir mest, til dæmis Þýskalandi. Því hefur nú verið lagt til að ungu fólki verði gert auðveldara að flytja á milli landa. Þannig verði hægt að brúa þetta bil.

Ein tillagan sem komið hefur upp í þessum tilgangi er sú að útvíkka Erasmus-verkefnið. Verkefnið hefur hingað til gert stúdentum kleift að stunda skiptinám í öðru Evrópuríki. Stúdentar fá styrk til námsins og hugmyndin er sú að fólk sem fær vinnu eða lærlingsstöður í öðrum ríkjum fái einnig styrki í gegnum verkefnið.

thorunn@frettabladid.is



**BIÐRÖÐ Á SPÁNI** Atvinnuleysið er einna mest á Spáni, og flestir sem eru án vinnu hafa verið það í meira en ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### 72,5 prósent án vinnu í Grikklandi

Atvinnuleysið er mjög mismikið eftir svæðum innan Evrópusambandsins. Í fyrra var minnsta atvinnuleysið í Bæjaralandi, Tübingen og Freiburg í Þýskalandi, á bilinu 4,2 til 4,8 prósent. Mesta atvinnuleysið var í Dytiki í héraðinu Makedóníu í Grikklandi þar sem það mældist 72,5 prósent. Næstmest var það í Ceuta og Kanarí-eyjum á Spáni, 70,6 og 62,6 prósent.



**ENDUR** Mikilvægt er sagt að vernda andarungana á Tjörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja vernda andarungana:

## Ekki gefa öndunum brauð

**DÝRALÍF Starfsmenn Reykjavíkurborgar biðja fólk að gefa ekki öndunum á tjörninni brauð nú þegar andarungar eru óðum að klekjast úr eggjum sínum.**

**Sílamávurinn, sem er helsti vargfuglinn við Tjörnina, er sagður sækja stíft í brauðið og um leið í andarungana þegar þeir skríða úr eggi eða eru á sundi. Hægt sé að leggja öndunum lið við að koma upp ungum sínum með því að hætta að gefa brauð yfir sumartímann og þá helst í júní og júlí á meðan andarungar eru að komast á legg.** - hó

Vinningshafi maraþons:

## Gaf medalíuna

**EÞÍÓPÍA** Lelisa Desisa, vinningshafi í karlaflokki Boston-maraþonsins, gaf íbúum Boston medalíuna sína við hátíðlega athöfn í bandaríska sendiráðinu í Eþíópíu á sunnudaginn.

Desisa, sem er frá Eþíópíu, meiddist ekki í sprengjutilræðinu í maraþoninu, en þrír létust og meira en 260 manns hlutu áverka. Desisa sagðist gefa medalíuna sína sem virðingarvott við fórnarlömb sprengjutilræðisins.

Desisa bætti því við að hann hygðist aftur taka þátt í Boston-maraþoninu að ári. - ósk




VR
FYRIRTÆKI ÁRSINS
2013

# Til hamingju starfsfólk Johan Rönning!

Á 80 ára afmælisári sínu fagnar Johan Rönning hf. með stolti efsta sætinu í vinnumarkaðskönnun VR.

*„Johan Rönning er ótvíræður sigurvegari í hópi stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri, og er það annað árið í röð sem fyrirtækið fær titilinn Fyrirtæki ársins í þessum stærðarflokki.“*

Johan Rönning er einnig meðal fyrstu fyrirtækja sem fagnar Jafnlaunavottun VR.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-13-005














Johan Rönning hf. er samstæða Johan Rönning rafbúnaðar, Rönning heimilistækjaverslunar, Sindra fagverslun með iðn- og byggingavörur og Hebron vinnufatnaðar. Rekstrareiningar félagsins eru 10 talsins víðs vegar um landið.

SINDRI RÖNNING HEBRON VINNUFATNAÐUR JOHAN RÖNNING




**Á HEIMLEIÐ** Reynslan af Íslandi var blendin fyrir þessa fjölskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÞUNG SPOR** Íslensk lögreglukona gætti þessara króatísku barna sem flugu til síns heima í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aleigan seld fyrir draum sem brást

Dauft var yfir hópi 27 króatískra kvenna, karla og barna sem send voru til síns heima í gær eftir að hafa verið synjað um hæli hér á Íslandi.

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er fólk sem horfir upp á að börnin þeirra glata öllum tækifærum,“ segir Katrín Oddsdóttir lögmaður, talsmaður tveggja fimm manna fjölskyldna frá Króatíu sem fluttar voru úr landi í gær.

Alls var 27 manns frá Króatíu vísað úr landi en 23 úr þremur fjölskyldum urðu eftir þar sem konurnar hafa ekki króatískt ríkisfang. Eftir er að greiða úr þeirra málum.

Fólkið flaug utan með þotu sem ríkislögreglustjóri leigði undir hópinn. Stefnan var á Zagreb, höfuðborg Króatíu.

Útlendingastofnun ákvað að fólkið ætti ekki rétt á vernd hér á Íslandi og vísaði því úr landi. Ákvörðunin var kærð til innanríkisráðuneytisins sem ákvað að fólkið yrði sent brott áður en endanlegur úrskurður ráðuneytisins sjálfs liggur fyrir.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði við Stöð 2 í gær að farið væri eftir íslenskum lögum. Málið hefði verið afgreitt í tíð forvera hennar en að hún myndi hafa gert það sama.

„Það er mjög óheppilegt að fólkið hafi ekki fengið að bíða þangað til ráðuneytið hafði fjallað um málið.“ segir Katrín, sem kveður fólkið flest tilheyra serbneska þjóðarbrotinu í Króatíu. Þar sé ekki gróið um heilt frá því í borgarastríðinu fyrir tuttugu árum. Fólki sé mismunað á ýmsan hátt.

„Börnin þeirra fá ekki að ganga í sama skóla og fá ekki aðgang að íþróttafélögum. Fólkið er útilokað frá mörgum störfum og sætir alls kyns áreiti og aðkasti endalaust og flýr milli mismunandi bæja í von um skárra líf,“ segir Katrín.

Önnur hjónin sem Katrín liðsinnti tilheyra bæði serbneska þjóðarbrotinu en hin eru í „blönduðu hjónabandi“, það er maðurinn er Króati en konan af serbneskum ættum. „Það eru mjög miklir fordómar þegar fólk giftist þvert á þessi þjóðarbrot. Þá er því eiginlega útskúfað af bæði Serbum og Króötum,“ segir hún.

Einna alvarlegast segir Katrín vera að börnin hafi ekki fengið að ganga í skóla á meðan þau hafa beðið örlaga sinna á Íslandi síðustu mánuðina. „Það er gróft brot á þeirra réttindum,“ fullyrðir hún en bætir þó við að ein stúlkan hafi nýlega fengið inni í grunnskóla á Reykjanesi með eftirgangsmunum.

Að sögn Katrínar drógu reyndar önnur konan og börn hennar kærur sínar til baka til að komast heim og með börnin í skóla því þau hafi verið búin að vera svo lengi frá skóla hér á Íslandi.

> **Þeim fannst alltaf eins og þau gætu sýnt einhvern veginn fram á að þau væru engar afætur og þá gætu þau kannski fengið að vera.“**
>
> *Katrín Oddsdóttir lögmaður*

Katrín kveður hina fjölskylduna hins vegar staðráðna í að koma aftur hingað. Konan hafi verið búin að útvega sér starf í fiskvinnslustöð á Reykjanesi sem hún hafi getað gengið að fengi hún atvinnuleyfi.

„Þau voru mjög leið og vonsvikin því þau hafa svo mikinn áhuga á að vera hér og leggja sitt af mörkum. Þeim fannst alltaf eins og að ef þau gætu sýnt einhvern veginn fram á að þau væru engar afætur þá gætu þau kannski fengið að vera,“ segir Katrín.

Að sögn Katrínar seldi fólkið aleiguna til að komast hingað.

„Önnur fjölskyldanna átti fjórar kýr og seldi þær að lokum allar frá sér í örvæntingu til að komast hingað. Ef Króatía gengur í Evrópusambandið í júlí þá vilja þau reyna að koma aftur sem ríkisborgarar Evrópusambandslands en þá er spurning hvort þau geti komið sér hingað,“ segir Katrín, sem kveður óvissu bíða fólksins í Króatíu. Vísast haldi þó mismununin áfram. „Ég held að það leiki sér enginn að því að gerast flóttamaður.“

gar@frettabladid.is



**VÍSAÐ ÚR LANDI** Lögmaður tveggja króatískra fjölskyldna segir alvarlegt að börnin hafi ekki fengið skólavist á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**STAÐA OG ÞRÓUN MANNAUÐSSTJÓRNUNAR**

Morgunverðarfundur – CRANET rannsóknin 2012

Rannsóknarmiðstöð í mannauðsstjórnun við viðskiptadeild HR kynnir niðurstöður rannsóknar og útgáfu CRANET skýrslu **fimmtudaginn 30. maí kl. 8:30–10:00** í stofu M101.

Meðal viðfangsefna skýrslu og erinda:

- Staða mannauðsstjórnunar í skipulagsheildinni
- Mönnun og ráðningar
- Starfsþróun og endurgjöf
- Laun og umbun
- Samskipti við starfsmenn
- Mannafli – samdráttar- og viðsnúningsaðgerðir
- Þroskastig mannauðsstjórnunar

**Fundarstjóri:** Ketil Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu.

**Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.**
**Skráning:** skraning@hr.is.
**Hvar:** Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, stofu M101.


Arney Einarsdóttir, lektor og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar í mannauðsstjórnun við viðskiptadeild HR.


Ásta Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent og stundakennari við viðskiptadeild HR.


Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild HR.


Anna K. Georgsdóttir, meistaranemi í stjórnun og eflingu mannauðs við viðskiptadeild HR.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

CRANET

hr.is




**VATNSMÝRIN** Drög að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur gera ráð fyrir að tveimur flugbrautum Reykjavíkurflugvallar verði lokað árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gagnrýnir áætlanir um rýmingu Vatnsmýrar:

# Ótímabært að loka flugbrautum 2016

**SAMGÖNGUR** Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, telur ekki tímabært að tveimur af þremur flugbrautum Reykjavíkurflugvallar verði lokað á næstu þremur árum eins og kemur fram í drögum að nýju aðalskipulagi.

Tillögurnar kveða á um að haldið verði í áform um að tveimur flugbrautum, þar á meðal aðalbrautinni, verði lokað fyrir árslok 2016. Árið 2024 verði flugvallarstarfsemi svo endanlega hætt. Júlíus Vífill segir óraunhæft að krafturinn í uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu verði með þeim hætti að aðkallandi sé að flugvöllurinn fari fyrir 2016.

„Menn þurfa ekki annað en að skoða uppbygginguna á íbúðahúsnæði í Reykjavík á undanförnum árum til að sjá það. Þar fyrir utan munu þær íbúðir sem þarna rísa verða dýrar. Við verðum að stuðla að því að hér rísi ódýrar íbúðir fyrir ungt fólk.“

Hvað verði um flugvöllinn síðar meir verði að láta öðrum eftir að ákveða.

Stjórnarsáttmáli Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks kveður á um að framtíðarstaðsetning Reykjavíkurflugvallar verði tryggð í nálægð við stjórnsýslu og aðra þjónustu, án þess þó að tekin væri afstaða til skipulags Vatnsmýrarinnar. Júlíus Vífill segir aðspurður að skipulagsvaldið sé á hendi borgarinnar.

„Borgin hefur skipulagsvaldið en það er flóknara en svo, því að þarna eru miklar fjárfestingar og miklir hagsmunir undir. Það er ekki svo einfalt að borgin geti ein og sér skipað ríkinu fyrir.“

- þj

steypu hrærivélar



Lescha steypurhrærivél SBM P150 150 lítra (hægt að taka í sundur - þýsk gæði)
59.900,-

Lescha steypuhrærivél SM 145S 140 lítra (þýsk gæði)
71.900,-

Drive-HM-140 1600W - 14 cm hræripinni - 2 hraðar
19.990,-

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau verða fyrir ofbeldi



**MCCAIN Í SÝRLANDI** McCain kom til Sýrlands frá Tyrklandi í fylgd uppreisnarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Háþróaðar sprengjuflaugar á leið til sýrlenskra stjórnvalda:

# Rússar ætla að afhenda flaugar

**SÝRLAND, AP** Rússar segjast ætla að afhenda sýrlenskum stjórnvöldum vopn til þess að aftra því að önnur ríki blandi sér í stríðið í Sýrlandi.

Sergei Ryabkov, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, sagði í gær að háþróaðar sprengjuflaugar sem ríkið mun senda til Sýrlands muni stuðla að stöðugleika og geti komið í veg fyrir að aðrir skerist í leikinn. Rússar gagnrýndu einnig þá ákvörðun Evrópusambandsins að hafa ekki endurnýjað vopnasölubann til uppreisnarmanna í landinu. Rússar telja að þessi ákvörðun ESB muni minnka möguleika á því að hægt verði að ná samkomulagi á friðarráðstefnu í Genf sem stendur til að halda í júní.

## Í óvænta heimsókn til Sýrlands

Öldungadeildarþingmaðurinn John McCain fór í óvænta heimsókn til Sýrlands á mánudag.

Hann ræddi við leiðtoga uppreisnarmanna í landinu á sama tíma og utanríkisráðherrar Evrópusambandsins ákváðu að aflétta vopnasölubanni til uppreisnarmannanna.

Uppreisnarmennirnir ræddu við McCain um aukinn stuðning Bandaríkjanna. Að sögn The Daily Beast, sem fyrst greindi frá ferð McCain, vilja þeir meðal annars að þeim verði séð fyrir vopnum, að flugbanni verði komið á yfir landinu og að Bandaríkin standi fyrir loftárásum á stjórnarherinn og Hezbollah.

Ryabkov segir að samningur milli Rússlands og Sýrlands um sölu á sprengjuflaugunum hafi verið undirritaður fyrir mörgum árum síðan.

Leiðtogi frjálsa sýrlenska hersins hótaði í gær að gera árásir á Hezbollah-samtökin í Líbanon, hætti samtökin ekki hernaði í Sýrlandi.

- þeb

MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND-ROVER
ABOVE AND BEYOND



*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM57990

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ LAUGARDAG
FRÁ 12–16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070




Fyrirtæki

# Með Vist er T Plús í sterkara sambandi

**Sérfræðingar** Símans sjá um rekstur tölvukerfisins

**Vist auðveldar varðveisluna**
Þórleifur og samstarfsfólk hans hjá T Plús vinnur við að halda utan um eigur viðskiptavina sinna, hvort heldur það eru verðbréf, sjóðir eða séreignarsparnaður. Þau eru með kerfin sín í Vist og njóta þannig öryggis og minni kostnaðar. Þeim gefst meiri tími til að sinna kjarnastarfseminni og eru laus við óvænt útgjöld vegna tölvukerfisins.

**Hringdu í síma 800 4000 og sérfræðingar Símans aðstoða þig við að finna hagkvæmustu lausnina.**

Nánar á siminn.is

Síminn

Króatía gengur í Evrópusambandið 1. júlí:

# Barnafjölskyldur fluttar með valdi

Í gær voru 27 manns fluttir nauðugir með leiguflugi til Króatíu. Þetta voru fjölskyldur með börn sem höfðu selt aleigu sína til að freista gæfunnar á Íslandi. Ein konan úr hópnum var nýbúin að næla sér í vinnu við fiskvinnslu og ein stúlkan hafði fengið inni í grunnskóla í Reykjanesbæ. Það kostar íslenska skattgreiðendur minnst átta milljónir að leigja flugvélina en barnafjölskyldurnar voru fluttar út á Keflavíkurflugvöll í fylgd lögreglufólks.

Fólkið hafði sótt um pólitískt hæli hér á landi en það átti erfitt með að sjá fyrir sér í heimalandi sínu vegna ofsókna. Þau eru af óæskilegum ættum, segja þau, og fá ekki að njóta sannmælis í Króatíu. Mörg hjónanna giftu sig þvert á hefðir hvað varðar þjóðerni og trúarbrögð og segjast hafa þurft að flytjast bæ úr bæ í heimalandinu í leit að betra lífi.



Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is

Allar þessar frásagnir eru sláandi og sorglegar. Framkoma stjórnvalda er til skammar og við eigum ekki að sjá á forsíðu íslensks dagblaðs grátandi börn sem vísað er úr landi. Hvað þá þegar það er vitað að fyrsta júlí næstkomandi gengur Króatía í Evrópusambandið og þá getur fólkið snúið aftur og sest hér að.

Það er Útlendingastofnun sem tók ákvörðun um að synja þessu fólki um hæli á Íslandi. Sú ákvörðun var kærð til innanríkisráðuneytisins en þar var litla hjálp að fá, hvorki hjá ráðuneytinu né hjá ráðherranum, Ögmundi Jónassyni.

Sjálfsmynd þjóðar sem vísar barnafjölskyldum úr landi og leigir undir þær flugvél er æði skrýtin. Við erum einfaldlega ekki að breyta rétt. Þetta er ekki það Ísland sem við segjum frá þegar erlendur ferðamaður tekur okkur tali á kaffihúsi niðri í bæ. Þá segjum við allt aðra sögu en þá sem birtist á forsíðu Fréttablaðsins í dag.

Upphaflega stóð til að senda 50 manns með þessari flugvél. Karla, konur og börn. En Króatía neitaði að taka við 23 því í þeim fjölskyldum eru konurnar með annað ríkisfang. Íslensk yfirvöld vildu ekki stía þeim í sundur og því bíða þau á Íslandi enn um sinn. Nema stofnanir okkar finni glufu og leigi aðra flugvél til að fljúga því fólki og börnunum þeirra úr landi.

Það hefði verið flott byrjun hjá nýjum innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, að láta til sín taka og aðstoða þetta fólk. Hún hins vegar taldi það ekki sitt hlutverk þegar hún ræddi við okkur í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Hún sagði málið hafa verið lengi í vinnslu og í samræmi við íslensk lög. Hún var helst ósátt við að Króatía vildi ekki taka við þeim 23 sem sitja föst á Íslandi.

Við eigum að geta gert miklu betur og þessum átta milljónum væri betur varið í að hjálpa þessu fólki að setjast hér að og koma sér fyrir. Króatía gengur sem fyrr segir í Evrópusambandið eftir mánuð og sum þeirra sem Fréttablaðið náði tali af í gær eru ákveðin í að snúa þá til baka. Þá ættum við að sjá sóma okkar í að taka vel á móti þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verk fyrir aðstoðarmann

Á annað þúsund manns mættu fyrir utan Stjórnarráðshúsið í gær til að afhenda Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra umsagnir vegna Rammaáætlunar. Tilefnið var ummæli Sigmundar um að flestar umsagnirnar sem bárust á sínum tíma hafi í raun verið ein og sama umsögnin. Sigmundur var upptekinn á fundi með Finnlandsforseta í gær. Við slíkar aðstæður hefði verið einboðið að nýr umhverfisráðherra, Sigurður Ingi Jónsson, hefði tekið við undirskriftunum, hann er jú líka varaformaður Framsóknarflokksins. En óekki, aðstoðarmaður Sigmundar var sendur í verkið.



### Burt með ykkur

Nú er verið að senda heila flugvél fulla af Króötum aftur til síns heima, með ærnum tilkostnaði. Nú má, og á að, ræða þetta mál út frá mannréttindasjónarmiðum, af nægu er að taka í þeim efnum. Lítil sem engin rannsókn hefur farið fram á aðstöðu fólksins heima fyrir og fyllsta ástæða til að ræða það. Það skal þó ekki gert hér, heldur aðeins velt upp þeirri spurningu hvort þetta sé réttmæt eyðsla á almannafé.



### Sitt er nú hvert fjársveltið

Króatarnir sem um ræðir verða orðnir löglegir hér eftir fimm vikur, þegar Króatía verður aðili að ESB. Er rétt að eyða milljónum í að koma þeim úr landi þangað til, vegna prinsippafstöðu? Hvað ef það væri þó ekki nema vika í að þeir yrðu löglegir hér? Útlendingastofnun kvartar iðulega yfir því að hún sé fjársvelt stofnun og að auka verði fjárveitingar hennar til muna, eigi hún að fúnkera. Er ekki eitthvað skrýtið við að eyða öllu þessu fé fjársveltu stofnunarinnar í að koma af landi brott fólki sem er aðeins fimm vikum of snemma á ferðinni?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Óvissa um niðurfærslu skulda

FJÁRMÁL



Össur Skarphéðinsson
alþingismaður

Stefnuyfirlýsing nýju stjórnarinnar er að mörgu leyti athyglisverð – og fyrir sinn hatt prýðileg. Hún ber þó augljóslega með sér að í vöfflutúrunum tókst oddvitum hennar ekki að leiða í jörð ágreining um hvernig á að efna kosningaloforð Framsóknar um að lækka höfuðstól verðtryggðra skulda um 300 milljarða.

Sigmundur Davíð sagði efndir þessa loforðs forsendu nýrrar ríkisstjórnar. Það ætti því að vera svartalágmark að hans eigin ríkisstjórn segi skýrt hvaða leið eigi að fara til að efna loforðið. Það er þó ekki gert í stefnuyfirlýsingunni.

Skýringin á því er óþægileg. Hún liggur í óleystum ágreiningi milli flokkanna um hvaða leið ber að fara. Fyrir kosningar margítrekaði Bjarni að hugmyndir Framsóknar væru óraunhæfar og leystu engan vanda. Í Kastljósi í síðustu viku var hann á svipuðum slóðum.

### Ný óvissa

Þessi óleysti ágreiningur birtist nokkuð nakinn í stefnuyfirlýsingunni. Þar greinir ríkisstjórnin frá tveimur aðalleiðum til að bæta hlut skuldara – en getur ekki gert upp á milli þeirra! Í stað þess að eyða óvissu býr hún til nýja óvissu fyrir þá sem glíma við verðtryggðan skuldavanda.

Af ýmsum ástæðum efa ég ekki augnablik að Sigmundur Davíð hefur einlægan vilja til að efna loforðið. En hann gerði tvenn mistök:

Í fyrsta lagi lagði hann upp í leiðangurinn án þess að útkljá ágreininginn við Sjálfstæðisflokkinn. Í öðru lagi lét hann svo fjármálaráðuneytið í hendur sjálfstæðismanna og þeir munu því ráða hvort, og þá hvernig, skuldaniðurfærsluleiðin verður farin.

**➜ Andstaðan innan þingflokks Sjálfstæðismanna við niðurfærsluleið Framsóknar flestum ljós. Nú getur hann í ofanálag túlkað tvíbent orðalag stjórnarsáttmálans þannig að ekkert sé í gadda slegið milli flokkanna. Hann mun haga sér í samræmi við það.**

Andstaðan innan þingflokks Sjálfstæðismanna við niðurfærsluleið Framsóknar er flestum ljós. Nú getur hann í ofanálag túlkað tvíbent orðalag stjórnarsáttmálans þannig að ekkert sé í gadda slegið milli flokkanna. Hann mun haga sér í samræmi við það.

Eftir rómantíska hveitibrauðsdaga er því öldungis óvíst að við taki ástir samlyndra hjóna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Menningarþjóð geymir gullin sín

SKIPULAG



**Þórunn Erlu Valdimarsdóttir**
sagnfræðingur og rithöfundur

Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af Nasa og tröllskugga hóteli í viðkvæma miðbænum okkar því nýja stjórnin segist í stjórnarsáttmála sínum telja mikilvægt að fegra hið manngerða umhverfi, borgir og bæi og lofar að setja lög um verndarsvæði í byggð í samræmi við það sem tíðkast víða erlendis „… og að styrkja heildarmynd svæðis sem nýtur verndar til samræmis við upprunaleg einkenni þess og auka þannig á menningarlegan styrk þess og aðdráttarafl.“

Samt þori ég ekki annað en að hella enn upp á skyldu sagnfræðingsins og brýna mína þjóð. Meira en tvö hundruð tónlistarmenn og hljómsveitir hafa skrifað undir plagg þar sem mótmælt er fyrirhuguðu deiliskipulagi við Ingólfstorg og Austurvöll – og því hneyksli að skemmtistaðurinn Nasa verði rifinn. Boðað hefur verið til mótmælafundar fimmtudaginn 30. maí á Ingólfstorgi og Austurvelli. Allir sem unna menningu og miðbæ verða nú að rísa upp.

Ég treysti okkar ágæta menntamálaráðherra, stjórnarmanni sögufélags og þekktum menntavini og forsætisráðherra Sigmundi Davíð til að taka þær reglur úr sambandi sem hóta að kasta skugga á dúkkulegu dómkirkjuna og dúkku þinghúsið fína.

### Tímaskekkja og voði

Ríkur maður keypti hús kringum Ingólfstorg og Landsímahúsið og vill selja verktökum dýrt til að byggja hótel með á fjórða hundrað herbergi. Á hlaðinu við dómkirkjuna og þinghúsið. Jafnstórt og Hótel Saga plús tvær Hótel Borgir.

Samfélag litla lýðveldisins verður að bregðast við og vernda það sem eftir er af heildarmynd gamla tímans og eina danssal miðbæjarins og eina upprunalega skemmtihús og samkomusal Kvosarinnar. Gamaldags tónleikasal með mikla sögu. Vernda sérhvern sólfermetra okkar í þessu dýrmæta almenningsrými miðsvæðis til næstu alda. Útsetja ný sólskinslög og minjalög, afturvirk og framvirk. Taka eignarnámi á eðlilegum prís, þeim sama og viðkomandi tók úr buddu sinni er hann keypti húsin.

Eyðilegging miðborgahúsa átti sér stað víða í Vesturheimi á sjöunda áratug síðustu aldar, og er talin skandall. Miðbæjarmarkaðurinn skyggir síðan á þessum tíma á elstu hús Reykjavíkur við Aðalstræti og í Grjótaþorpi og nú stendur til að stækka steypurisa sem nær frá smáhýsi við Austurvöll að Aðalstræti. Þetta er tímaskekkja og voði. Hryllingur í dúkkumiðbæ þar sem götur eru mjóar og sól svo lágt á lofti.

### Nóg af rútuprumpi

Myrkur og skuggi eru óvinir númer eitt í landi sem hangir í heimskautsbaugi. Allir sem koma í miðbæinn skynja gæðin sem felast í birtunni og skjólinu á okkar opna stóra Austurvelli. Svipuð lífsgæði eru á Ingólfstorgi sem skartar mannlífi árið um kring og allir meta sem eiga þarna dagleið um. Sem sagnfræðingur og íbúi fullyrði ég að leifar nítjándu aldar húsasögu og rými borgarbúa til framtíðar skaðist stórkostlega við þessa ráðagjörð.

Salur Nasa-Sigtúns-Sjálfstæðishússins-Kvennaskólans sem snýr framhlið að Austurvelli er eina innréttingin sem eftir er í gömlum reykvískum samkomuhúsum, fyrir utan kaffihús Mokka. Innviðir Naustsins, Hótel Borgar, Hressingarskálans, Kaffi Traðar og Reykjavíkur apóteks hurfu – svo mætti lengi telja. Enga innanhússsögu má lengur lesa úr innréttingum opinna staða. Borgir stæra sig af veitingahúsum sem standa óbreytt og vekja upp tilfinningu fyrir liðinni tíð – nema Reykjavík. Hún er svo mikill kjáni, þessi elska. Stórskaðar greinina sem hún situr á.

Ráðamenn, íhugið ábyrgðina gagnvart framtíðinni og gagnvart almenningi þegar þið gerið mistök af þessu tagi! Uppgjör framtíðar verður sárt, eins og eftir mistökin með Fjalaköttinn. Troðfull af hótelum er Kvosin þegar farin að minna á stressaða flugstöð og nóg er komið af rútuprumpi í elstu götum borgarinnar. Í guðanna og gyðjanna bænum, látum þetta ekki yfir okkur ganga. Plís. Sálrænn skaði meiðir líkt og sverð. Tónlistarstemmningin í Hörpunni er dásemd, en tónlistin sem hefur náð lengst frá skerinu af öllu okkar brölti þarf að geta notið sín í kósý ramma fortíðar. Lifi Nasa og lifi hver einasti sólskinsfermetri sem Kvosin á! Myrkar miðaldir og vanmáttarkennd tilheyra liðinni tíð.

### Ákall

Kjarni yfirvofandi mistaka sést í hnotskurn í ákalli BIN hópsins (Björgum Ingólfstorgi og Nasa.) Skora ég á vakandi borgara og landsmenn að renna yfir hann:

Tíu ástæður til að mótmæla risahóteli í miðborginni og niðurrifi NASA:

1. Nasa salurinn er gersemi með merka sögu og hefur þjónað borgarbúum frá 1944.
2. Nýbyggingum í öðrum stíl verður troðið á milli, og alveg upp að, timburhúsunum við suðurhlið Ingólfstorgs.
3. Illa verður farið með Landsímahús Guðjóns Samúelssonar sem nú á að hækka með kvistum í öðrum stíl.
4. Byggt verður á opna svæðinu milli Austurvallar og Fógetagarðs. Þannig verður fallegri opnum milli garðanna lokað og þrengt að Alþingi og öryggi þess.
5. Aukið skuggavarp verður á Austurvöll.
6. Fógetagarðurinn, þessi gamli kirkjugarður Reykvíkinga, verður hótel-inngangur.
7. Stígurinn milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs verður afhentur hóteleigandanum endurgjaldslaust. Telst það sanngjarnt?
8. Í samkeppni um þennan reit var lofað tillögum um endurhönnun Ingólfstorgs til hagsbóta fyrir borgarbúa. Efndir eru engar.
9. Umferðarmálin eru óleyst: Að þessu risahóteli verður ekki hægt að koma bíl nema eftir einbreiðu Kirkjustræti fram hjá Dómkirkjunni og Alþingi. Og því fylgir ekki eitt einasta bílastæði.
10. Allir þessir gallar sýna að ekki er staðinn vörður um hagsmuni almennings í þessari deiliskipulagstillögu. Við krefjumst þess að það verði gert.




**LAUGAVEGUR 10** Krökkt er af svona búðarandlitum í Mýrinni í París, enda bannað að breyta þeim. Inni getur allt annað verið í sölu, sem er sýnt með tauhlíf ofan við og í sjálfum glugganum. Yndi ferðamanna og gluggi til fortíðar.

> Ráðamenn, íhugið ábyrgðina gagnvart framtíðinni og gagnvart almenningi þegar þið gerið mistök af þessu tagi!



# HÚSGAGN

## 30% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM



Nýjar vörur frá Riverdale, Van Roon living, pb home, idp, HTL og L&L

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

# NADAGAR!

## 15% AFSL. AF ALLRI GJAFAVÖRU













# HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1935** Lokið er við byggingu Hoover-stíflunnar.

**1947** Farþegaflugvél frá Flugfélagi Íslands á leið frá Reykjavík til Akureyrar rekst á Hestfjall við Héðinsfjörð og 25 manns farast.

**1971** Minnisvarði um Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, konu hans og dótturson er afhjúpaður á Þingvöllum þar sem þau fórust í eldsvoða 10. júlí 1970.

**1973** Tom Bradley er kosinn fyrsti þeldökki borgarstjóri Los Angeles.

**1999** Hin sænska Charlotte Perrelli vinnur Eurovision-söngvakeppnina sem haldin er í Ísrael. Selma Björnsdóttir frá Íslandi lendir í öðru sæti.



**KENNIR Á NETINU** Jónas Kristjánsson hefur opnað blaðamannaskóla á vefsíðu sinni Jonas.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Miðlar af 50 ára reynslu sinni á netinu

Jónas Kristjánsson opnar blaðamannaskóla á vefsíðu sinni Jonas.is í dag.

Blaðamannaskóli Jónasar Kristjánssonar, fyrrverandi ritstjóra DV og Fréttablaðsins, opnar í dag á vefsíðu hans, Jonas.is. Þar getur hann verið í daglegum samskiptum við nemendur sína í fjarnámi.

Alls eru 350 fyrirlestrar í boði á átta námskeiðum um blaðamennsku. 50 ára reynsla Jónasar af blaðamennsku er nýtt til hins ýtrasta, ásamt heimsins bestu kennslubókum, uppfullum af reynslu erlendra ritstjóra.

Jónas byrjaði að miðla af reynslu sinni í Háskólanum í Reykjavík þar sem hann hélt námskeið fyrir blaðamenn um tveggja ára skeið. „Ég er búinn að vera lengi í bransanum og var alltaf dálítið pirraður á því að maður gat ekki fengið nýtt fólk án þess að kenna því," segir hann spurður út í tilurð blaðamannaskólans. „Það vantaði að fólk kæmi með eitthvað með sér þegar það byrjaði að vinna, eins og er í útlöndum. Mér finnst ekki nægilegt að kenna fólki fjölmiðlafræði, akademíska grein úr félagsvísindum, sem er ágætt út af fyrir sig en blaðamenn þurfa að læra handverk."

Jónas segir hina hefðbundnu skiptingu á milli dagblaða, sjónvarps og útvarps vera að rofna. Þess vegna þurfi blaðamenn núna að kunna alls kyns tæknilega hluti sem þeir þurftu ekki að kunna hér áður fyrr. Þannig verður rækilega fjallað um vefmiðla, nýmiðla, margmiðlun og samþætta miðlun í náminu. Einnig segir hann rannsóknarblaðamennsku hafa breyst á þann veg að alls kyns gagnaleit í tölvum er orðin fyrirferðarmeiri en áður. „Hún er orðin uppistaðan í mestu skúbbum nútímans," segir hann um gagnablaðamennsku.

Námið í netskólanum segir hann henta vel blaðamönnum sem nú þegar starfa hjá fjölmiðlum og einnig þeim sem vilja prófa sig áfram sjálfir en vantar tæknilegan grunn og rekstrargrundvöll til þess. freyr@frettabladid.is

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**AÐALHEIÐUR TORFADÓTTIR**
**Vogatungu 3, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 26. maí. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju, þriðjudaginn 4. júní nk. klukkan 15.00.

**Ragnar Ásmundsson**
**Tinna Ragnarsdóttir**
**Víðir Ragnarsson** **Auður Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

**SKÚLI SKÚLASON**
**verkfræðingur,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Neskirkju í Reykjavík föstudaginn 31. maí kl. 13.00.

**Kristinn Pétur Skúlason**
**Jón Skúlason** **Hildigunnur Ólafsdóttir**
**Baldur Skúlason** **Kristín Jónasdóttir**
**Anna Skúladóttir** **Brynjólfur Mogensen**
**Sigurgísli Skúlason** **Kristín R. Úlfljótsdóttir**
**Guðrún Skúladóttir** **Magnús Eggertsson**
**Arna Skúladóttir**
**Hrefna M. Skúladóttir** **Erik Fjelsted**
**K. Freyja Skúladóttir**
**og frændsystkini.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**EINAR MATTHÍASSON PH.D.**
**Ljósalandi 19, Reykjavík,**

sem lést þriðjudaginn 21. maí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Guðbjörg Guðbergsdóttir**
**Gunnþórunn Einarsdóttir** **Guðjón Gunnarsson**
**Karl Einarsson** **Brynja Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KARL GUÐGEIR GUÐMUNDSSON**
**Skúlagötu 40, Reykjavík,**

lést föstudaginn 24. maí.
Útför verður auglýst síðar.

**Þorsteinn Jósep Karlsson**
**Sigríður Guðrún Karlsdóttir** **Ragnar Benjamín Ingvarsson**
**Hjalti Guðbjörn Karlsson** **Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR HALLFRÍÐAR MAACK**
**Hraunbæ 61, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við læknum og hjúkrunarfólki gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir ómetanlegan kærleik og hjálp. Árbæjarsöfnuði og öllum þeim sem í kirkjunni kvöddu Guðrúnu með tónlist, virðingu og þökk færum við hugheilar þakkir.

**Sverrir Sveinsson**
**Ingibjörg Sverrisdóttir** **Sölvi Ólafsson**
**Anna Svava Sverrisdóttir** **Úlfar Örn Valdimarsson**
**María Vigdís Sverrisdóttir** **Ragnar Auðunn Birgisson**
**Skúli Sverrisson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LOVÍSA H. BJÖRNSSON**

sem lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 21. maí sl. verður jarðsungin föstudaginn 31. maí kl. 13.00 frá Áskirkju.

**Árni Gunnarsson**
**Rannveig Gunnarsdóttir** **Tryggvi Pálsson**
**Sigurjón Gunnarsson** **Sigríður Olgeirsdóttir**
**Gunnar Örn Gunnarsson** **Olga Bergljót Þorleifsdóttir**
**Halldór Gunnarsson** **Anna Persson**
**Þórarinn Gunnarsson** **Berglind Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁGÚST SÆMUNDSSON**
**Þrúðvangi 9, Hellu,**

lést á dvalarheimilinu Lundi, Hellu sunnudaginn 19. maí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Oddakirkju á Rangárvöllum laugardaginn 1. júní kl 13.00.

**Guðrún Jóna Haraldsdóttir**
**Guðbjörg Ágústsdóttir** **Agnar Már Sigurðsson**
**Haraldur Ágústsson** **Ingigerður Ólafsdóttir**
**Elín Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**FINNBOGA HAUKS SIGURJÓNSSONAR**
**Árskógum 8, Reykjavík.**

Við þökkum starfsfólki heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og hjúkrunarheimilisins Eir sem veittu honum aðstoð og umönnun.

**Bára Marteinsdóttir** **Reynir Eggertsson**
**Bragi Finnbogason** **Guðný Guðgeirsdóttir**
**Birgir Finnbogason** **Margrét Ásgeirsdóttir**
**Lárus Finnbogason** **Hulda R. Rúriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR ÓLAFSSON**
**stýrimaður,**
**Furuhlíð 1, Hafnarfirði,**

sem lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 23. maí, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 31. maí kl. 13.00.

**Sigrún Oddsteinsdóttir**
**Örn Snævar Ólafsson** **Halldóra Garðarsdóttir**
**Ólafur Ólafsson**
**Arndís Gísladóttir** **Ingvi Þór Ástþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. maí 2013 | 21. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



VIÐ KOMUM VÍÐA VIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN








## FLEST NÝ STÖRF ORÐIÐ TIL Í FISKI OG FERÐAÞJÓNUSTU

- **Íslenskur vinnumarkaður breyst varanlega eftir bankahrun**
- **Hátt í tíu þúsund störf tapast í mannvirkjagerð**
- **Nýsköpunarfyrirtæki hafa skapað hundruð starfa á síðustu árum**













## Bágborið atvinnuástand í City

Stærstu bankar Bretlands hyggjast enn fækka störfum á þessu ári samkvæmt Bloomberg. Gangi fyrirætlanirnar eftir verða störf hjá stóru bresku bönkunum; Royal Bank of Scotland, HSBC, Lloyds og Barclays, samtals 606 þúsund í lok árs, svipaður fjöldi og árið 2004. Samanlagt hafa breskir bankar því fækkað störfum um fjórðung frá hápunkti góðærisins árið 2008. Að mati greinenda má rekja nýjustu uppsagnirnar til skuldakreppunnar á evrusvæðinu sem hefur dregið verulega úr arðsemi fjárfestingarbankastarfsemi bresku bankanna. - mþl

## Ásta Dís, Hallbjörn og Steinar Þór á leið inn í stjórn VÍS

Kosið verður til stjórnar VÍS á hluthafafundi á morgun. Framboðsfrestur rann út á laugardag og gefa fimm einstaklingar kost á sér í fimm sæti. Þeir eru Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, Hallbjörn Karlsson fjárfestir, Steinar Þór Guðgeirsson hæstaréttarlögmaður, Helga Jónsdóttir héraðsdómslögmaður og Guðrún Þorgeirsdóttir, fjárfestingarstjóri Klakka. Þær Helga og Guðrún sitja í stjórninni í dag en ljóst er að þeir Magnús Scheving Thorsteinsson og Ingi Rafn Jónsson, frá Klakka, og Benedikt Jóhannesson stjórnarformaður munu hverfa úr stjórninni. VÍS var skráð á hlutabréfamarkað í apríl í kjölfar sölu á 70% hlutafjár félagsins í útboði. Klakki var áður eigandi alls hlutafjár félagsins en á nú 30%. - mþl

## Gerjun í Norður-Kóreu

Kommúnistastjórnin í Norður-Kóreu hefur veitt fyrirtækjum þar í landi takmarkað frelsi til þess að ráða launum starfsmanna. Ríkisstjórnin hefur hingað til ákvarðað laun allra íbúa. Að sögn Ri Ki Song, sérfræðings við hagfræðistofnun Norður-Kóreu, mega fyrirtæki nú nota hluta af hagnaði til að greiða duglegu starfsfólki meira. Er vonast eftir því að þessir hvatar valdi því að framleiðni í landinu aukist. Á síðasta ári var bændum í Norður-Kóreu veitt frelsi til að stjórna eigin matvælaframleiðslu og til þess að halda eftir hluta framleiðslunnar. Að sögn AP fréttaveitunnar telja greinendur að þessar ákvarðanir gætu varðað veginn í átt að markaðshagkerfi í Norður-Kóreu. - mþl




## Fróðleiksmolinn

DataMarket

**Húsnæðismál:** Staða heimilisgeirans á Norðurlöndum árið 2011

### Hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði og leiguhúsnæði




http://data.is/11mjWtX

### Hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði með eða án veðlána




Býr í eigin húsnæði án húsnæðisléna (skuldlaust húsnæði)
Býr í eigin húsnæði með húsnæðislán og önnur veðlán

http://data.is/11mjQm3

### Hlutfall heimila í og án fjárhagsvandræða




*27 LÖND

Húsnæðiskostnaður þung byrði
Húsnæðiskostnaður verulega þung byrði
Húsnæðiskostnaður ekki þung byrði

http://data.is/11mjJ9T HEIMILD: EUROSTAT

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagurinn 29. maí**
- Vísitala neysluverðs í maí birt
- Vodafone birtir uppgjör

**Fimmtudagurinn 30. maí**
- Tölur um nýskráningar og gjaldþrot í apríl
- Vísitala framleiðsluverðs í apríl
- Íslandsbanki birtir uppgjör sitt vegna fyrsta ársfjórðungs
- Vodafone kynnir uppgjör sitt vegna fyrsta ársfjórðungs
- Hluthafafundur í VÍS

**Föstudagurinn 31. maí**
- Tölur um þjónustuviðskipti við útlönd á 1. ársfjórðungi birtar
- Tölur birtar um vöruskipti við útlönd frá janúar til apríl 2013 og á árinu 2012

**Þriðjudagurinn 4. júní**
- Mannfjöldaspá Hagstofunnar

**Miðvikudagurinn 5. júní**
- Þjóðskrá birtir tölur um fasteignamarkaðinn í júní

**Fimmtudagurinn 6. júní**
- Tölur um gistinætur og gestakomur á hótelum í apríl birtar
- Bráðabirgðatölur um vöruskipti við útlönd í maí birtar

**Föstudagurinn 7. maí**
- Útboð ríkisbréfa
- Hagstofan birtir tölur um landsframleiðslu á 1. ársfjórðungi 2013
- Tölur um vísitölu launa á 1. ársfjórðungi birtar
- Aðalfundur Haga fer fram

**Mánudagurinn 10. maí**
- Upplýsingar um fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi birtar

**Þriðjudagurinn 11. maí**
- Þjóðskrá birtir tölur um fjölda þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
- Efnahagslegar skammtímatölur fyrir júní birtar

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Lífeyrissjóðir stærstu eigendur hlutabréfa

*Innlendir aðilar eiga í kringum 75% af hlutabréfum í félögunum á Aðallista Kauphallarinnar en erlendir aðilar 25%. Lífeyrissjóðirnir eru mjög fyrirferðamiklir á hlutabréfamarkaðnum og þá hafa fjárfestingarsjóðir stækkað mikið.*

HLUTABRÉFAMARKAÐUR
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Lífeyrissjóður verslunarmanna (LV) er stærsti eigandi hlutabréfa á Íslandi. Sjóðurinn á 9,2% af markaðsvirði allra hlutabréfa á Aðallista Kauphallarinnar. Þetta kemur fram í Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka frá því í gær.

Samanlagt markaðsvirði félaganna tíu er 403 milljarðar króna. Stærstu félögin eru Marel, Össur, Icelandair Group og Eimskip með samanlagt markaðsvirði 294 milljarða. En auk þeirra eru á listanum Hagar, VÍS, TM, Reginn, Vodafone og Nýherji.

Á vefsíðu Kauphallarinnar eru aðgengileg gögn um 20 stærstu hluthafa hvers félags. Samanlagt veita þau gögn upplýsingar um eignarhald á 84% af markaðsvirði félaganna. Benda þær upplýsingar til þess að innlendir aðilar eigi um 75% allra hluta í félögunum á aðallistanum og að erlendir aðilar eigi 25%.

Af innlendu aðilunum eru stóru lífeyrissjóðirnir fyrirferðarmiklir en fjórir lífeyrissjóðir eru í hópi tíu stærstu hluthafanna í íslensku félögunum. Eins og áður sagði er LV stærsti einstaki hluthafinn en sá næststærsti er fjárfestingarfélagið Eyrir Invest. Raunar á LV 10% eignarhlut í Eyri en stærstu hluthafar Eyris eru feðgarnir Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson með 20,2% og 17,3% eignarhluti. Þá á Horn, fjárfestingarfélag Landsbankans, 13,7% hlut í Eyri.



**KAUPHÖLLIN** Samanlagt markaðsvirði þeirra tíu félaga sem skipa Aðallista Kauphallarinnar eru 403 milljarðar króna. Þeirra stærst eru Marel, Össur, Icelandair Group og Eimskip. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Stærstu hluthafar skráðra hlutabréfa

| Hluthafi | Markaðsvirði í milljörðum kr. | Af heild |
|---|---|---|
| 1. Lífeyrissjóður verslunarmanna | 37,2 | 9,2% |
| 2. Eyrir Invest | 33,7 | 8,4% |
| 3. William Demant Invest | 33,5 | 8,3% |
| 4. LSR og tengdir sjóðir | 28,8 | 7,1% |
| 5. Sjóðir Stefnis | 27,1 | 6,7% |
| 6. Gildi lífeyrissjóður | 17,4 | 4,3% |
| 7. Erl. hluth. Össurar aðrir en WDI og ATP | 14,4 | 3,6% |
| 8. Yucaipa-sjóðir | 13,1 | 3,2% |
| 9. Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 8,6 | 2,1% |
| 10. Grundtvig Invest ApS | 8,5 | 2,1% |
| 11. Klakki ehf. | 7,8 | 1,9% |
| 12. Sjóðir Landsbréfa | 7,5 | 1,9% |
| 13. Stafir lífeyrissjóður | 7,5 | 1,9% |
| 14. Íslandsbanki hf. | 6,6 | 1,6% |
| 15. Sjóðir Íslandssjóða | 6,4 | 1,6% |
| 16. Columbia Acorn International | 6,4 | 1,6% |
| 17. Hagamelur ehf. | 5,3 | 1,3% |
| 18. ATP | 5,0 | 1,2% |
| 19. Söfnunarsjóðir lífeyrisréttinda | 4,9 | 1,2% |
| 20. Stapi lífeyrissjóður | 4,8 | 1,2% |

Af erlendu aðilunum er danski fjárfestingarsjóðurinn William Deman Invest stærsti hluthafinn en félagið er stærsti einstaki hluthafinn í Össuri. Þá er bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Yucaipa áttundi stærsti hluthafi Íslands í gegnum eign sína í Eimskip, sem er umtalsverð.

Fjárfestingarsjóðir Stefnis, Landsbréfa og Íslandssjóða eru allir í hópi 15 stærstu eigenda hlutabréfa á Íslandi en vekja má athygli á því að lífeyrissjóðirnir eiga fjölda hlutdeildarskírteina í öllum sjóðunum.

Hlutabréfaeign fjárfestingarsjóða hefur vaxið mjög hratt að undanförnu. Leiða tölur Seðlabankans það í ljós að eign ýmissa innlendra fjárfestingarsjóða um í innlendum hlutabréfum tvöfaldaðist frá því í október í fyrra og þar til í apríl, fór úr tæpum 26 milljörðum króna í 53 milljarða.

### Markaðsvirði hlutafélaga

**MILLJÖRÐUM KRÓNA**






MAZDA.IS

mazda

ZOOM-ZOOM

# SPARNEYTINN MAZDA CX-5

FJÓRHJÓLADRIFINN
BLUETOOTH
1800 KG DRÁTTARGETA
SNERTISKJÁR
21 CM VEGHÆÐ
BLINDPUNKTSAÐVÖRUN



SPARAÐU MEÐ
**SKYACTIV**
NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

BEINSKIPTUR FRÁ 5.390.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 5.690.000 KR.

**Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltingarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.**

**Skynvætt fjórhjóladrif (4WD), blindpunktsaðvörun (RVM) og snjallhemlunarkerfi (SCBS) gera Mazda CX-5 öruggari. Bluetooth símabúnaður, i-stop spartækni, snertiskjár, mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð og stórt farangursrými skapa þér frábært notagildi.**

**Komdu í reynsluakstur.**

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. $CO_2$ losun 155 g/km.
Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*







## HVAÐ RÆÐUR MESTU UM VIÐSPYRNUNA?

Gylfi Zoëga segir að reynsla annarra þjóða af fjármálakreppum sé sú að batinn á vinnumarkaði í kjölfarið sé yfirleitt hægur. „Við skilyrði fljótandi gengis gerist hann með þeim hætti að vinnuafl færist úr þeim greinum sem urðu fyrir áfalli við fall krónunnar í hinar sem högnuðust á henni. Hins vegar tekur þetta ferli tíma sem skýrir að hluta hversu hægt atvinnuleysi hefur lækkað. Þá skiptir líka máli að skuldir fyrirtækja hafa verið miklar og því ekki við því að búast að fyrirtæki ráði til sín margt fólk fyrr en búið er að lækka skuldirnar.“

Þá segir Gylfi að óvissa um þróun gengis, skatta og efnahagsskilyrði erlendis dragi úr eftirspurn eftir vinnuafli. „Að síðustu getur bótakerfið hægt á aðlöguninni ef einstaklingar sjá hag sínum betur borgið á atvinnuleysisskrá en í hinum vaxandi atvinnugreinum, það er, ef ný störf bjóða tiltölulega lág laun í samanburði við þau störf sem hurfu og einnig atvinnuleysisbætur.“

# Flest ný störf í ferðaþjónustu og fiski

***Íslenskur vinnumarkaður hefur breyst eftir hrun. Störfum í tengslum við ferðaþjónustu og sjávarútveg hefur fjölgað mjög en störf í mannvirkjagerð þurrkast út. Þá hafa nýsköpunarfyrirtæki látið til sín taka síðustu ár.***

**VINNUMARKAÐUR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Starfandi Íslendingum hefur fjölgað mest í ferðaþjónustu og í greinum tengdum fiskveiðum frá bankahruninu árið 2008. Á sama tímabili hefur störfum í tengslum við mannvirkjagerð fækkað mikið og sömuleiðis störfum í tengslum við fræðslustarfsemi og kennslu og störfum í fjármálageiranum. Þetta leiða tölur Hagstofunnar um fjölda starfandi í ólíkum atvinnugreinum í ljós en á síðasta ári voru enn tíu þúsund færri starfandi á Íslandi en árið 2008. Markaðurinn kannaði í hvaða geirum ný störf hafa orðið til á Íslandi frá bankahruni.

### ÞRÍR ÁHRIFAÞÆTTIR HAFT MEST AÐ SEGJA UM VINNUMARKAÐ

Þegar litið er til þess hvar ný störf hafa orðið til á síðustu árum er gagnlegt að byrja á því að skoða hvernig íslenskur vinnumarkaður hefur breyst síðustu ár.

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði, hefur ásamt Kjartani Hanssyni nýlokið við ritun á enn óbirtri grein um helstu breytingarnar á íslenskum vinnumarkaði frá aldamótum. Rannsóknir þeirra Gylfa og Kjartans leiddu í ljós að það eru þrír þættir sem skýra 80% af þeim breytingum sem orðið hafa í landslagi vinnumarkaðarins á þessum tíma.

Gylfi segir að fyrsti þátturinn sé alþjóðlegur og felist í straumi vinnuafls úr framleiðslugreinum yfir í þjónustustarfsemi. Annar þátturinn orsakist af stóriðjuframkvæmdum hér á landi sem fjölgað hafi störfum í orkufrekum iðnaði og hjá veitufyrirtækjum.

„En það er þriðji og síðasti stóri áhrifaþátturinn sem er kannski áhugaverðastur en hann felst í fjármagnshreyfingum til og frá Íslandi,“ segir Gylfi og heldur áfram: „Aðstreymi fjármagns olli gengishækkun krónunnar sem gerði innflutning ódýran og hafði einnig í för með sér aukn-


GYLFI ZOËGA


GISSUR PÉTURSSON

ingu á framboði lánsfjár innanlands í formi gengistryggðra lána með lágum vöxtum. Þetta hafði í för með sér hækkun eignaverðs, aukna fjárfestingu og aukna einkaneyslu.“

Gylfi segir að þessi þróun hafi myndað mikinn viðskiptahalla þar sem erlend lán hafi verið tekin til að greiða fyrir umframneyslu landsmanna. Þá hafi sumar atvinnugreinar eflst á kostnað annarra.

„Störfum fjölgaði í mannvirkjagerð, fjármálastarfsemi og verslun. […] Þegar aðstreymi fjármagns breyttist í útstreymi á árinu 2008, erlendir aðilar vildu fá fé sitt til baka, þá féll krónan. Þær atvinnugreinar sem höfðu blómstrað árin 2004 til 2008 drógust saman en ný störf urðu til í ferðaþjónustu og sjávarútvegi þar sem hagnaður varð nú mjög mikill og samkeppnishæfni meiri en áður,“ segir Gylfi.

### FERÐAÞJÓNUSTAN HALDREIPIÐ

Sú saga sem rannsóknir Gylfa og Kjartans segja um þróun vinnumarkaðarins á síðustu árum er staðfest af hagtölum. Sé þróun á fjölda starfandi í ólíkum atvinnugreinum skoðuð á árunum 2008 til 2012 sést að starfandi fjölgaði mest í störfum tengdum ferðaþjónustu og sjávarútvegi á þessu tímabili. Á meðan fækkaði störfum í til dæmis mannvirkjagerð stórkostlega.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir þó að fjöldi annarra geira hafi farið illa út úr bankahruninu. „Í fyrsta lagi kom verkefnastoppið í mannvirkjagerð mjög illa við tengdar greinar, svo sem arkitekta og verkfræðistofur. Þá varð mik-


HJÁLMAR GÍSLASON

ill samdráttur í allri flug- og flutningastarfsemi og það varð hálfgert hrun hjá ferðaskrifstofum. Það varð kannski minni samdráttur í fjármálastarfsemi en maður bjóst við en í greinum sem höfðu notið mjög góðs af bönkunum, svo sem á auglýsingastofum, fækkaði störfum talsvert. Þá varð samdráttur í upplýsingatækni og útgáfustarfsemi, prentun og hjá fjölmiðlum. Í versluninni fækkaði störfum svo mest í bílasölu og munaðarvöru.“

Gissur segir að fyrst eftir bankahrunið hafi það verið frumvinnslugreinarnar sem bjuggu til störf. „Sjávarútvegur og landbúnaður héldu sínu striki þótt mikil framleiðniaukning í sjávarútvegnum hafi valdið því að störfum hefur ekki fjölgað þar jafn mikið og ella. En svo hefur vitaskuld orðið stór aukning starfa í ferðaþjónustu sem hefur kannski reynst okkar haldreipi,“ segir Gissur.

### NÝSKÖPUN HAFT SITT AÐ SEGJA

Sé þróun starfandi í ólíkum atvinnugreinum skoðuð á árunum 2010 til 2012 blasir við nokkuð önnur mynd en ef þróunin er skoðuð frá árinu 2008. Ástæðan er sú að árin 2008 og 2009 einkenndust af uppsögnum en viðspyrnan hófst að ráði árið 2010. Sé þróunin skoðuð frá árinu 2008 blandast saman áhrif niðursveiflunnar og efnahagsbatans en það er einnig forvitnilegt að skoða einungis hvar störfum hefur fjölgað eftir að efnahagsbatinn hófst.

Kemur í ljós að störfum í verslun, ýmissi þjónustu og iðnaði hefur fjölgað talsvert frá árinu 2010. Einn þáttur sem hefur haft nokkuð að segja um þessa þróun er sú mikla gerjun sem átti sér stað í sprotaheiminum á Íslandi eftir bankahrunið.




Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri Datamarket (sem var einmitt stofnað árið 2008), segir að mörg hundruð störf hafi orðið til hjá nýjum fyrirtækjum á síðustu árum.

„Háskólinn í Reykjavík hefur í rúman áratug verið að fylgjast með starfi sprotafyrirtækja á Íslandi. Segja má að slík starfsemi hafi náð ákveðnum lágpunkti á árunum 2007 til 2008, þegar einungis tvö fyrirtæki voru starfandi hér á landi sem skilgreina mátti sem sprotafyrirtæki. Á meðan efnahagslífið var á fullu í kringum stóriðjuuppbyggingu og svo uppgang bankanna þá var ekkert að gerast í sprotaheiminum,“ segir Hjálmar og heldur áfram: „En svo gerist það í hruninu að það kemur los á fólk, enda miklar breytingar hjá mörgum fyrirtækjum, auk þess sem margir beinlínis misstu vinnuna. Því varð til í byrjun árs 2009 óformlegur klúbbur sem nefndist Hugmyndaráðuneytið sem hélt reglulega fundi í rúmt ár. Þarna var bæði fólk sem var með reynslu af stofnun sprotafyrirtækja en líka fólk sem var að stíga sín fyrstu skref og jafnvel stöku fjárfestar.“

Hjálmar segir að meðal þátttakenda á þessum fundum hafi verið einstaklingar sem á síðustu árum hafi komið að uppbyggingu fjölda nýrra sprotafyrirtækja. Má í því samhengi nefna fyrirtæki á borð við OZ, Clara, Gogogic, Meniga, Carbon Recycling International, Plain Vanilla og ReMake Electric, auk Datamarket og fjölda annarra. Segir Hjálmar að hjá þeim fyrirtækjum sem tengst hafi Hugmyndaráðuneytinu starfi í dag í kringum 250 manns. Þá séu ótalin afleidd störf og störf hjá eldri fyrirtækjum sem tóku þátt í starfi Hugmyndaráðuneytisins og hafa stækkað síðan, svo sem CCP og Marorku.

„Þessi hópur var mjög miðaður við hugbúnaðargeirann en er hins vegar auðvitað bara hluti af þeirri gerjun sem átti sér stað á þessum tíma. Fjöldi annarra fyrirtækja hefur sprottið upp í hefðbundnum þjónustugeirum sem ég hef kannski ekki jafn góða innsýn í. Í því samhengi má nefna ferðaþjónustu, fyrirtæki í tengslum við líftækni-, lyfja- og heilbrigðisþjónustu og fleira,“ segir Hjálmar sem leggur áherslu á að þetta hafi allt verið sjálfsprottið.

Loks segir Hjálmar að rannsóknir frá bæði Bandaríkjunum og Evrópu bendi til þess að mikill meirihluti nýrra starfa verði jafnan til hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og hvetur því til þess að rekstrarumhverfi slíkra fyrirtækja sé gert sem best.



## OPIÐ Í DIMMUBORGUM

**Umhverfisstofnun hefur bent á að búið er að opna alla göngustíga í Dimmuborgum. Einn lítill skafl er þó á Kirkjuhringnum og einhverjir pollar á göngustígum en óhætt er að fara um svæðið án þess að skaða viðkvæman gróður þess. Óheimilt er að ganga utan göngustíganna á þessum árstíma.**

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara
Amerísk gæðavara







# SONURINN SÁ UM SAMNINGANA

**FERÐALAG** *Tónlistarmaðurinn KK fór í eftirminnilega ferð til Sjanghaí ásamt sonum sínum tveimur. Hann lýsir borginni sem iðandi mannlífspotti þar sem ekki þurfi að óttast vasaþjófa. Feðgarnir gerðu góð kaup á mörkuðunum.*

Ég fór í mjög skemmtilega ferð til Sjanghaí fyrir tveimur árum," segir Kristján Kristjánsson tónlistarmaður þegar hann er inntur eftir ferðasögum. Ferðina segir hann hafa verið eftirminnilega þar sem synir hans tveir voru með.

„Ég var að spila fyrir Íslands hönd á Heimssýningunni og sá eldri spilaði á bassa með hljómsveitinni. Sá yngri var nýfermdur. Við vorum í nokkrar vikur úti," segir hann og lýsir borginni sem iðandi mannlífspotti.

„Sjanghaí er skemmtileg og risastór. Mannmergðin er gífurleg og fólkið dásamlegt. Þarna þarf aldrei að vera á varðbergi gagnvart þjófum. Maturinn getur verið mjög misjafn og helst þarf að þekkja einhvern sem hefur búið í borginni til að lóðsa mann á úrvalsstaði. Því sem ausið er í túristana er frekar óspennandi," segir KK og ráðleggur ferðalöngum einnig að hafa með sér leiðsögubók um borgina.

„Það er nauðsynlegt að vera með heiti áfangastaðarins skrifað á kínversku fyrir leigubílstjórana, annars ertu í vondum málum," segir hann. „Ég þurfti líka bókina til að finna markaðina en ég leita alltaf uppi markaði þegar ég ferðast og gramsa eftir gömlum gíturum eða hljóðnemum. Við feðgarnir vorum orðnir ansi sjóaðir, sérstaklega sá nýfermdi en ég var búinn að segja honum að hann ætti aldrei að borga meira en einn þriðja af uppsettu verði. Hann fór svoleiðis með sölumennina að þeir mændu bænaraugum á mig þegar hann var að semja við þá. Eitt skiptið þegar hann gaf sig hvergi sagði sölumaðurinn miður sín: „You are joking!" Strákurinn sagði þá svellkaldur: „Do you see me laughing?" Á endanum vorum við farnir að láta hann sjá um alla samninga ef okkur langaði í eitthvað." ■ **heida@365.is**



**SJANGHAÍ** KK segist leita uppi markaði hvar sem hann er á ferðinni og í Sjanghaí var nóg af þeim. Þangað fór hann með sonum sínum tveimur í nokkurra vikna ferðalag fyrir tveimur árum og var yngri strákurinn orðinn svellkaldur prúttari á mörkuðunum áður en yfir lauk. NORDICPHOTOS/GETTY

Bílainnréttingar
á hagstæðu verði.
Aukin nýting rýmis
Verkstæði á hjólum
Metalsistem hillukerfi
Super 1/2/3 er hagkvæmur kostur í bílinn.
Ísetning - hröð þjónusta.
Sérsmíðum innréttingar eftir óskum. Komdu með hugmynd og við útfærum hana
Sjáið fleiri myndir á www.isold.is
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00



Buxnasprengja
ALLAR BUXUR 5.000 KR
• GALLABUXUR
• SVARTAR BUXUR
• KVARTBUXUR
• LITAÐAR BUXUR
OG FLEIRA OG FLEIRA
Vertu vinur
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Heitir pottar frá Lay-Z-Spa
– loksins fáanlegir aftur
Tilvaldir við sumarbústaðinn eða í garðinn heima. Pottarnir koma með loki og öllu sem til þarf.



Borgartún 36
105 Reykjavík
(bakvið Cabin Hótel)
588 9747
www.vdo.is
VDO Offroad Line



# LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

***Texasborgarar kynna***

Íslenskt lambakjöt hefur fengið heiðurssess á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér.“ Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteiktum laukhringjum, grænmeti og hamborgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaise-sósa. Nánar á **texasborgarar.is**, og á Facebook.




# NÝ ÆVINTÝRI Á HVERJUM DEGI

**GOTT FRÍ** *Sigling um Eyjahafið er ótrúlega áhrifamikil og heimsókn á grísku eyjarnar ógleymanleg upplifun. Frá Aþenu er hægt að fara um borð í skemmtiferðaskip og sigla á vit ævintýra á hverjum degi í heila viku.*

Það eru nokkur skipafélög í Aþenu sem bjóða upp á siglingar um Eyjahafið og til Istanbúl en siglingaleiðin þangað um Bospórussund er einstaklega skemmtileg. Bospórussund tengir Marmarahaf við Svartahaf og skilur að evrópska og asíska hluta Tyrklands.

Hægt er að velja um siglingu í eina viku eða lengri tíma, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Skipin kappkosta að bjóða upp á lúxus um borð, skemmtiatriði á kvöldin, kokkteilbari og hlaðborð sem svigna undan kræsingum. Það getur verið erfitt að halda sér í kjörþyngd í slíkri siglingu.

Fyrir þá sem vilja dvelja á eyjunum er hægt að taka ferju, sem er nokkuð ódýrara, en sigling með skemmtiferðaskipi er vissulega öðruvísi. Nýr staður á hverjum degi er skemmtileg upplifun.

Dæmi um sjö daga siglingu um Eyjahafið er með Atlantis (cruise.gr). Lagt er af stað á föstudegi frá Aþenu áleiðis til Istanbúl. Þaðan er haldið til hinnar líflegu eyju Mýkonos, síðan Patmos, Kusadasi í Tyrklandi, Ródos, Krít, Santorini og komið til Aþenu aftur viku síðar. Slík ferð kostar innan við 200 þúsund krónur frá Grikklandi og er þá miðað við staðlaðan klefa sjávarmegin og hótel í Aþenu að auki. Hægt er að velja um ódýrari og dýrari klefa. Flugfar frá Íslandi bætist síðan við.

Allir þessir staðir sem boðið er upp á eiga sér mikla sögu. Istanbúl er byggð í tveimur heimsálfum, Evrópu og Asíu. Þar stendur hin tignarlega Ægisif (Hagía Sófía). Hún var byggð sem kirkja en var breytt í mosku árið 1453. Í Istanbúl er risastór markaður, Grand bazaar, þar sem eru yfir 3.000 verslanir en þar er sannarlega hægt að prútta og gera góð kaup. Istanbúl kemur á óvart.

Eyjan Mýkonos er sérlega falleg eyja. Næturlífið blómstrar á eyjunni og hún er vinsæl partíeyja hjá fræga fólkinu. Þess vegna er verðlag þar heldur hærra en á öðrum eyjum.

Kusadasi er á vesturströnd Tyrklands. Þaðan er stutt að fara til Efesus þar sem forn rómversk borg hefur verið grafin upp. Í Efesus er margt að skoða og ógleymanlegt að koma þangað.

Grísku eyjarnar Ródos og Krít eru báðar merkilegar og gaman að heimsækja. Hins vegar er Santorini ein frægasta eyja í heimi. Hún myndaðist í einu stærsta eldgosi sögunnar og er einhver mest ljósmyndaði staður í heimi vegna einstakrar fegurðar og útsýnis. Fyrir þá sem vilja upplifa menningu og sögu ásamt því að kynnast blómlegu mannlífi er sigling um Eyjahafið góður kostur í fríinu. **elin@365.is**



**SANTORINI** Einstök fegurð einkennir Santorini.



**ISTANBÚL** Sannarlega borg sem kemur skemmtilega á óvart.



**MÝKONOS** Næturlífið er hvergi villtara en á Mýkonos en eyjan er undurfalleg.

# GREITT FYRIR MINNI TÖSKUR



Lággjaldaflugfélagið Easy Jet hefur sett strangari reglur fyrir handfarangur. Ástæðan er sú að það er of þröngt í skápunum fyrir margar töskur að því er Travelnews.se greinir frá.

Handtaskan má ekki vera stærri en 50x40x20 cm. Þeir sem eru með stærri töskur þurfa að setja hana í farangursgeymslu. Ef töskurnar eru 56x45x25, eins og fyrri reglur kváðu á um, verður ekki rukkað sérstaklega. Þessar nýju reglur taka gildi 2. júlí. Greiða þarf að öðru leyti fyrir hverja tösku sem farþegi er með.

Easy Jet er ekki eina flugfélagið sem hefur tekið upp þessar reglur. Bandaríska lággjaldaflugfélagið Frontier Airlines rukkar á bilinu 1.800 til 12.000 krónur fyrir afnot af geymsluskápum fyrir ofan sætin. Þetta á þó ekki við ef flugmiðinn er keyptur í gegnum heimasíðu flugfélagsins. Ungverska flugfélagið Wizz Air hefur sömuleiðis tekið upp gjald fyrir töskur sem eru stærri en 42x32x25 cm en það kostar 1.700 krónur að taka með sér töskuna um borð.




**EASY JET** Flugfélagið er með sérstakt töskugjald og bætir nú við gjaldi á stærri handtöskur.



# ÞJÓÐGARÐAR

MIÐVIKUDAGUR **29. MAÍ 2013**

## Gestir ávallt velkomnir

**Vatnajökulsþjóðgarður spannar tæp 14 % af Íslandi. Hann er vinsæll áfangastaður ferðamanna.** SÍÐA 2

## Bætt aðgengi

**Settir verða upp pallar og stígar á Þingvöllum til að auka öryggi ferðamanna og vernda gróður.** SÍÐA 3

# Gestir eru velkomnir allt árið

Vatnajökulsþjóðgarður spannar tæp 14 prósent af Íslandi. Þjóðgarðurinn var stofnaður árið 2008 og er því með yngstu náttúruverndarsvæðum landsins. Hann hefur verið stækkaður nokkrum sinnum. Náttúra þjóðgarðsins er mótuð af átökum jökuls og eldvirkni sem skapar honum sérstöðu í heiminum og því ekki að furða að hann er vinsæll áfangastaður ferðamanna.

Við stofnun, þann 7. júní árið 2008, var flatarmál Vatnajökulsþjóðgarðs um 10.700 km². Vorið 2013 hafði garðurinn verið stækkaður fjórum sinnum frá stofnun og spannaði þá um 13.900 km². Síðasta viðbót við garðinn var norðan Vatnajökuls, svæði sem kennt er við Krepputungu og Kverkárnes.

## Fjögur rekstrarsvæði

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn hans. Samt sem áður hafa sveitastjórnir og heimamenn óvenjumikil ítök í stjórnun garðsins í gegnum svokölluð svæðisráð sem starfa á hverju hinna fjögurra rekstrarsvæða hans og eru þjóðgarðsvörðum til ráðgjafar. Fjórir formenn svæðisráðanna ásamt tveimur fulltrúum umhverfisráðuneytis og einum fulltrúa náttúruverndarsamtaka skipa stjórn þjóðgarðsins.

## Helstu markmið Vatnajökulsþjóðgarðs:

- Að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar þess landsvæðis sem þjóðgarðurinn spannar.
- Að auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum og umferð um hann án þess að náttúra hans eða menningarminjar spillist.
- Að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins.

Fyrstu tvö markmiðin eru hefðbundin markmið þjóðgarða en nýtt er að kveða sérstaklega á um hlutverk þjóðgarðs í styrkingu byggðar. Með því er lögð áhersla á vilja ríkisvaldsins til þess að Vatnajökulsþjóðgarður verði öflugt tækifæri fyrir heimamenn í atvinnusköpun sem styður við markmið þjóðgarðsins.

## Náttúra þjóðgarðsins og sérstaða

Náttúra Vatnajökulsþjóðgarðs er mótuð af átökum jökuls og eldvirkni. Þetta skapar honum mikla sérstöðu meðal þjóðgarða heimsins. Vatnajökull er stærsti hveljökull Evrópu, a.m.k. utan Svalbarða, og hann liggur að miklu leyti á gliðnunar- og gosbeltinu sem gengur í gegnum landið frá suðvestri til norðausturs. Undir jöklinum eru sjö megineldstöðvar, þar á meðal tvær af virkustu eldstöðvum landsins, Grímsvötn og Bárðarbunga. Undir jöklinum er enn fremur miðja möttulstróks sem dælir kviku úr iðrum jarðar og skapar svokallaðan heitan reit á yfirborðinu. Utan þjóðgarðsins eru aðrar þrjár eða fjórar megineldstöðvar eftir því hvernig talið er og er Askja í Dyngjufjöllum meðal þeirra. Í suðvestri sendir Katla svo sprungurein (Eldgjá) inn í þjóðgarðinn þótt sjálf sé hún utan garðsins. Hreyfingar jökulsins í tímans rás, gosefni og vatnsagi, sem myndast hafa við eldsumbrot á sögulegum tíma, skapa síbreytilegt nútímalandslag við jökuljaðarinn. Samspil þessara sömu afla á ísöld hafa mótað fjölbreytilegar móbergsmyndanir sem eru einstakar á heimsvísu.

## Ferðamennska í þjóðgarðinum

Ekki eru til nákvæmar tölur um heimsóknir ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarð, enda fjölmargar innkomuleiðir í garðinn og ógerlegt að fylgjast með þeim öllum. Nokkuð áreiðanlegar áætlanir eru þó til um fjöldann og hvernig hann greinist á mismunandi staði innan þjóðgarðsins. Þessar áætlanir byggja bæði á könnunum meðal erlendra ferðamanna í Leifsstöð, símakönnunum og beinum umferðartalningum á nokkrum stöðum innan þjóðgarðsins. Samkvæmt þeim var heildarfjöldi ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarði 343 þúsund árið 2012 og hafði þá fjölgað úr 213 þúsund árið 2005 eða um 61% á sjö árum. Þar af hafði Íslendingum fjölgað um 43% en erlendum ferðamönnum um 71%.

Þrjár gestastofur eru þegar starfræktar í þjóðgarðinum, þ.e. Gljúfrastofa í Ásbyrgi, Snæfellsstofa á Skriðuklaustri og Skaftafellsstofa í Skaftafelli. Fjórða gestastofan verður opnuð í Gömlu búð á Höfn í Hornafirði á fimm ára afmæli garðsins 7. júní næstkomandi og stefnt að opnun hinnar fimmtu á Kirkjubæjarklaustri árið 2015.

Uppbygging þjóðgarðs sem spannar tæp 14% af Íslandi er gríðarlega umfangsmikið verkefni sem tekur mörg ár. Framtíðarsýnin er sú að Vatnajökulsþjóðgarður verði áður en langt um líður í hópi merkustu og þekktustu þjóðgarða heimsins. Nánari upplýsingar um þjóðgarðinn má nálgast á **www.vatnajokulsthjodgardur.is.**


Eldhraun norðan Kamba. MYND/SNORRI BALDURSSON





Lakagígar. MYND/SNORRI BALDURSSON

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Sigrún Kristinsdóttir, 512 5455, sigrunk@365.is | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# HANDBOLTAVEISLA ALLA HELGINA Á STÖÐ 2 SPORT



MIÐVIKUDAGUR 29. MAÍ 2013
3. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

**GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL**
Þættir fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

**DALLAS**
Einn vinsælasti þáttur sjónvarpssögunnar snýr aftur.

**HOSTAGES**
Spennandi þættir væntanlegir á Stöð 2.

# BESTA SVARIÐ

**SVERRIR ÞÓR SVERRISSON STÝRIR NÝJUM OG SKEMMTILEGUM SPURNINGAÞÆTTI Á STÖÐ 2 Í JÚNÍ**

krakkar GULL BÍÓ POPP TÍVÍ SPORT SPORT 2

**FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD**



# ENGIN RÉTT **EÐA RÖNG SVÖR**

Nýr og skemmtilegur spurningaþáttur hefur göngu sína á Stöð 2 um miðjan júní. Stjórnandi þáttarins er sjónvarpsmaðurinn og leikarinn góðkunni Sverrir Þór Sverrisson og fær hann til sín þjóðþekkta einstaklinga í heimsókn. Vinir og ættingjar gestanna munu spila stórt hlutverk í þættinum.

Hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, mun stýra nýjum og skemmtilegum spurningaþætti á Stöð 2 í sumar. Þátturinn, sem sýndur verður á föstudagskvöldum, heitir Besta svarið og er byggður á vinsælu erlendu borðspili. „Þátturinn byggist þannig upp að við fáum þjóðþekktan einstakling í hús til okkar. Hann kemur með þrjá vini sína eða ættingja meðferðis sem munu fara í spurningakeppni um viðkomandi einstakling. Það verða engin rétt eða röng svör heldur eiga þátttakendur að reyna að finna besta svarið við annars frumlegum spurningum.“ Sem dæmi um spurningar nefnir Sveppi gestinn Gísla Örn Garðarsson leikara. „Þar gæti ég til dæmis spurt vini hans hvað væri það fyrsta sem hann myndi gera ef hann færi til Las Vegas. Þeir gætu hugsanlega svarað á þann veg að hann myndi fara í spilavíti, fá sér bjór eða heimsækja hótelið Taj Mahal. Síðan þarf Gísli sjálfur að velja besta svarið. Málið vandast svo þegar spurningarnar verða erfiðari og persónulegri. Kannski spyr ég Gísla um hvaða leikara honum finnst leiðinlegast að leika á móti. Og hann verður alltaf að velja eitt svar þannig að gesturinn sleppur ekki auðveldlega úr þessu.“ Að sögn Sveppa byggist þátturinn upp á spjalli og skemmtilegheitum og á að geta sameinað alla fjölskylduna fyrir framan sjónvarpið.

Meðal þjóðþekktra einstaklinga sem mæta til Sveppa verða Ilmur Kristjánsdóttir leikkona, Jón Jónsson tónlistarmaður, söngkonan Selma Björnsdóttir og Ragnhildur Steinunn fjölmiðlakona, auk Gísla Arnar leikara. „Það sem á vafalaust eftir að gera þáttinn svo skemmtilegan er hlutverk vina og ættingja. Þegar fólk mætir almennt í spjall er það ekki endilega til í að segja allan sannleikann og jafnvel tala í kringum hlutina. Þá er gott að hafa vinina með sem segja sannleikann.“

Borðspil samnefnt þættinum kemur á markað í haust. Það er Stórveldið sem framleiðir þættina fyrir Stöð 2 og gefur einnig út spilið. Fyrsti þátturinn verður sýndur föstudaginn 14. júní.


## 2 ÓMISSANDI Í VIKUNNI



**HIÐ BLÓMLEGA BÚ**
**Miðvikudag**
**kl. 20.05**

**VICE**
**Fimmtudag**
**kl. 22.05**



**THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT**
**Föstudag kl. 21.00**





**HEMINGWAY & GELLHORN**
**Laugardag kl. 22.05**

**WALLANDER**
**Sunnudag**
**kl. 20.50**





**GAME OF THRONES**
**Mánudag kl. 21.30**

**TWO AND A HALF MEN**
**Þriðjudag kl. 20.45**



# SPRENGHLÆGILEG MCCARTHY



Melissa McCarthy leikur hina viðkunnanlegu Molly. Flestir þekkja hana þó sem brussuna í myndinni Bridesmaids.

**MIKE & MOLLY**
**Þriðjudaga kl. 20.25**

Gamanþáttaröðin um turtildúfurnar þéttvöxnu Mike og Molly hefst á ný á þriðjudaginn næsta en skilið var við parið í miðri þáttaröð. Þættirnir fjalla um þau Mike og Molly sem kynnast á fundi fyrir matarfíkla og fella hugi saman. Við tekur tilhugalíf sem er uppfullt af skemmtilegum uppákomum. Þættirnir hafa notið mikilla vinsælda vestanhafs líkt og hér á landi og fjórða serían hefur þegar verið ákveðin.

Aðalsöguhetjurnar eru leiknar af þeim Billy Gardell og hinni sprenghlægilegu Melissu McCarthy. Melissa er rísandi stjarna í kvikmyndaheiminum og því ekki úr vegi að skyggnast aðeins nánar inn í líf þessarar kostulegu leikkonu.

Melissa er 43 ára og fædd í Illinois í Bandaríkjunum. Fyrsta bitastæða hlutverk hennar var í þáttunum Gilmore Girls en þar lék hún kokkinn Sookie St. James. Þegar Gilmore lauk árið 2007 tók við þátturinn Samantha Who? þar sem Melissa lék Denu. Tveimur árum síðar var þættinum um Mike & Molly hleypt af stokkunum og hefur Melissa hlotið mikið lof fyrir og hlotið ýmis verðlaun, til að mynda Emmy-verðlaun. Hún hefur einnig verið tilnefnd til verðlauna fyrir hlutverk sitt sem kynnir í Saturday Night Live.

Þrátt fyrir þennan góða feril má segja að Melissa hafi tekið risastórt stökk í átt að heimsfrægð þegar hún lék í hinni óborganlegu kvikmynd Bridesmaids árið 2011. Hún var tilnefnd til fjölmargra verðlauna fyrir frammistöðu sína auk þess sem vinsældir myndarinnar veittu henni óteljandi aðdáendur. Melissa hefur leikið í fjölda kvikmynda eftir þetta og má þar nefna Identity Thief, The Heat og The Hangover Part III.

Og nú nokkrar áhugaverðar staðreyndir um leikkonuna viðkunnanlegu: Melissa er náfrænka gamanleikkonunnar Jenny McCarthy. Í Bridesmaids lék hún á móti eiginmanni sínum, Ben Falcone. Hann er leynilögreglumaðurinn um borð í flugvélinni á leið til Las Vegas. Flestir vina leikkonunnar eru hommar. Í hennar eigin brúðkaupi voru brúðarmeyjar hennar tvær konur og restin karlmenn.

# COLD FEET

**GULL COLD FEET**
**Kl. 20.45 þriðjudaga**

Breskt þema er allsráðandi á Stöð 2 Gull á þriðjudagskvöldum og nýverið hófust sýningar á þáttaröðinni Cold Feet sem voru í miklu uppáhaldi hjá áskrifendum Stöðvar 2 á árunum 1999-2002.

Cold Feet eru bráðskemmtilegir þættir um þrjú pör á fertugsaldri sem takast á við lífið og ástina, hvert með sínum hætti. Þættirnir nutu gífurlegra vinsælda í Bretlandi á sínum tíma og voru fjórum sinnum valdir bestu þættirnir í bresku sjónvarpi.

Í upphafi ríkti ekki mikil bjartsýni um framtíð þáttanna og gagnrýnandi The Independant sagðist vera þunglyndur eftir að hafa horft á fyrsta þáttinn. Áhorfendur voru þó ekki sammála og fljótlega varð Cold Feet vinsælasta þáttaröð ITV-sjónvarpsstöðvarinnar. Alls voru framleiddir 32 þættir af Cold Feet og í mörg ár eftir að sýningu þeirra lauk leitaði ITV að þætti sem gæti fyllt í skarðið sem Cold Feet skildi eftir sig.

Aðalhlutverkin leika James Nesbitt, Helen Baxendale, John Thomson, Fay Ripley, Robert Bathurst og Hermoine Norris.





# VINSÆLUSTU NÖRDAR HEIMS

**THE BIG BANG THEORY**
**Kl. 20.00 þriðjudaga**

Fimmta þáttaröð Big Bang Theory hefur göngu sína á Stöð 2 þriðjudaginn 4. júní. Þættirnir eru einir vinsælustu gamanþættir beggja vegna Atlantshafs. Þeir fjalla um eðlisfræðingana og ofvitana Leonard og Sheldon og vini þeirra, Howard og Raj, en þeir eiga það sameiginlegt að vera félagslega heftir og í vandræðum með samskiptin við hitt kynið.

Þættirnir hafa verið tilnefndir til fjölda verðlauna og hefur Jim Parsons, sem leikur Sheldon, hlotið bæði Emmy-verðlaun og Golden Globe-verðlaun fyrir frammistöðu sína í þáttunum.

Engan bilbug er að finna á framleiðendum Big Bang Theory. Sjötta serían hefur þegar verið framleidd og verður sýnd á Stöð 2.

## NOKKRAR STAÐREYNDIR UM HINN ÓBORGANLEGA SHELDON

**OFURHETJUR Í UPPÁHALDI**

Batman, Catwoman, Green Lantern, Hellboy, Incredible Hulk, The Flash, Superman og Wolverine.

**FÓBÍUR**

**Autophobia** (hræðsla við að vera einn)

**Cynophobia** (hræðsla við hunda)

**Germophobia/Mysophobia** (hræðsla við skít, bakteríur)

**Hypochondria** (hræðsla við sjúkdóma)

**Ornithophobia** (hræðsla við fugla)

**ÞÆTTIR OG MYNDIR Í UPPÁHALDI**

Battlestar Galactica

Star Trek (einlægur aðdáandi Spocks og leikarans Leonards Nimoy)

Star Wars

**ANNAÐ**

Félagi í Justice League of America

Gagntekinn af lestum.

Hefur tvisvar fengið nálgunarbann, annars vegar frá Leonard Nimoy og hins vegar frá Stan Lee.

VÆNTANLEGIR ÞÆTTIR
Á STÖÐ 2

# SJÖ NÝIR ÞÆTTIR TIL AÐ FYLGJAST MEÐ NÆSTA VETUR

Bandarískar sjónvarpsstöðvar eru byrjaðar að kynna dagskrá sína fyrir næsta vetur og Stöð 2 hefur kappkostað að sýna allar bestu og flottustu þáttaraðirnar strax í kjölfar frumsýningar vestan hafs.

Margar spennandi þáttaraðir eru væntanlegar næsta vetur og það eru skemmtilegir tímar fram undan fyrir áhorfendur. Ein allra flottasta þáttaröðin kallast Hostages og kemur úr smiðju Jerrys Bruckheimer sem framleitt hefur fjölda góðra bíómynda og sjónvarpsþátta. Þættirnir verða sýndir á CBS-sjónvarpsstöðinni og Stöð 2 mun sýna þættina innan sömu viku og CBS. Þættirnir eru byggðir á ísraelskum þáttum, líkt og spennuþáttaröðin Homeland sem snýr aftur á Stöð 2 í haust.

Það verður einnig fjöldi skemmtilegra nýrra gamanþátta í boði. Robin Williams er mættur með nýjan þátt sem og ástralska leikkonan Rebel Wilson sem sló í gegn í Bridesmaids og Pitch Perfect.




### Hostages

Spennuþáttaröð með Toni Collette og Dylan McDermott í aðalhlutverkum. Hún fjallar um Ellen Sanders skurðlækni sem undirbýr aðgerð á forseta Bandaríkjanna. Kvöldið fyrir aðgerðina ræðst hópur grímuklæddra manna inn á heimili hennar og hótar að myrða fjölskyldu hennar ef hún hlýðir ekki skipunum þeirra og drepur forsetann á skurðarborðinu.




### Mind Games

Gamansamur en jafnframt dramatískur þáttur með Christian Slater og Steve Zahn í aðalhlutverkum. Þeir leika bræður sem stofna fyrirtæki saman. Annar er sérfræðingur í mannlegu eðli en hinn er fyrrverandi svikahrappur sem kann öll brögðin í bransanum. Saman taka þeir að sér að leysa vandamál einstaklinga með því að breyta hugarfari fólks með ýmsum brögðum.



### The Crazy Ones

Gamanþáttur þar sem Robin Williams og Sarah Michelle Gellar fara á kostum. Hann fjallar um feðgin sem starfa saman í auglýsingabransanum með kostulegum afleiðingum. Framleiðandi þáttanna og handritshöfundur er David E. Kelley, maðurinn á bak við Ally McBeal og fjölda annarra flottra þátta.




### Super Fun Night

Gamanþáttaröð með áströlsku gamanleikkonunni Rebel Wilson í einu aðalhlutverkanna. Hún fjallar um þrjár frekar klaufalegar vinkonur um þrítugt sem eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í leit að fjöri á föstudagskvöldum.




### Friends With Better Lives

Gamanþáttaröð sem minnir um margt á Friends-þættina og er talin sú fyrsta sem getur fyllt í skarðið sem þeir skildu eftir sig. Þessir þættir fjalla einmitt um nokkra vini sem telja allir að hinir í hópnum lifi áhugaverðara lífi. Meðal leikara eru James Van Der Beek (Dawson's Creek) og Kevin Connolly (Entourage).




### Surviving Jack

Gamanþáttaröð með Christopher Meloni (Law & Order: SVU) í aðalhlutverki. Hann leikur fjölskylduföður sem hefur aldrei haft tíma til að sinna fjölskyldu sinni en þarf nú að aðlagast nýjum aðstæðum eftir að eiginkonan útskrifast úr lögfræði og fer út á vinnumarkaðinn á meðan hann verður heima og sér um börnin.




### Mom

Gamanþáttaröð úr smiðju Chucks Lorre sem er maðurinn á bak við nokkrar af bestu gamanþáttum síðustu ára, svo sem The Big Bang Theory, Two and a Half Men og Mike & Molly. Anna Faris leikur einstæða móður sem er nýbúin að koma lífi sínu á réttan kjöl. Hún reynir að koma í veg fyrir að dóttir sín geri sömu mistök í lífinu á sama tíma og hún þarf að fást við erfiða móður sína.

# BRÆÐUR BERJAST Á SOUTHFO



DALLAS
**Kl. 21.00 miðvikudaga, hefst 29. maí**

Tuttugu árum eftir að hinir vinsælu Dallas-þættir kvöddu aðdáendur sína b
ast þeir á skjánum á nýjan leik. Fjölskyldudrama af bestu gerð þar sem ásti
átök eru allsráðandi.

Aðalhetjur nýju Dallas-þáttanna eru synirnir, John Ross Ewing III, sonur
og Sue Ellen, og Christopher Ewing, ættleiddur sonur Bobbys Ewing og Pam
Ewing. Feðurnir verða að sjálfsögðu fyrirferðamiklir í þáttunum. Tekist er
um völd og auðæfi ekki ólíkt því sem gerðist í fyrri þáttum.

Nú hverfa áhorfendur aftur til Southfork-búgarðsins í Dallas, heimili hinn
auðugu olíubaróna, og fylgjast með hvernig ættin tekst á. Mörg kunnugleg a
lit koma fyrir í þáttunum og þykir ýmsum sem leikararnir hafi elst vel. Lar
Hagman, sem lést eftir að tökum lauk, mætir aftur sem JR, Linda Gray sem
Sue Ellen og Patrick Duffy er enn Bobby Ewing. Brenda Strong kemur ný í
þættina sem eiginkona Bobbys en hún er þekkt sem Mary Alice úr Aðþreng
um húsmæðrum. Þar að auki má sjá aftur Lucy Ewing, Ray Krebbs, hálfbró
Ewing-bræðranna, og Cliff Barnes en öll þessi nöfn ættu að hljóma kunnug
í eyrum gamalla aðdáenda þáttanna.



Á
RK

pirt-
r og
r JR
nelu
á
na
and-
rry
n
gd-
ður
lega

# DALLAS

- Sýningar í BNA hófust 1978.
- 13 þáttaraðir, sýningum lauk 1991.
- Alls 357 þættir.
- Fyrst sýndur á Íslandi 1981, þann 7. maí 1981, og var sýndur á miðvikudögum.
- Fyrst stóð til að sýna bara eina þáttaröð á RÚV en vinsældirnar urðu slíkar að halda varð áfram.
- Svo var gerð önnur tilraun til að hætta sýningum, væntanlega vegna þess að efnið þótti ekki boðlegt á menningarstofnuninni RÚV en þá hóf OLÍS að leigja þættina út á myndbandsspólum og fyrr en varði var þátturinn aftur kominn á dagskrá.
- Serían breytti sjónvarpslandslaginu því hún var ein fyrsta sápuóperan á besta sýningartíma (e. prime-time).
- Þátturinn þegar JR var skotinn er í öðru sæti yfir það sjónvarpsefni sem mest áhorf hefur hlotið í bandarískri sjónvarpssögu en yfir 41 milljón áhorfenda horfði á þáttinn (aðeins lokaþáttur MASH er með meira áhorf).
- Baráttan, spennan og dramatíkin munu snúast um átök milli sonanna Johns Ross og Christophers, sem eiga eftir að minna feður þeirra óþægilega mikið á valdabaráttu þeirra sjálfra á árum áður.



### Heilgrilluð nautalund með kryddjurtum

1 nautalund
4 msk. ólífuolía
Salt og pipar
4 hvítlauksrif

### Kryddblanda

3 msk. ferskt rósmarín
3 msk. fersk basilíka
3 msk. ferskt óreganó
3 msk. fersk steinselja
3 msk. ferskt timjan

*Hreinsið sinina af kjötinu og nuddið olíunni á kjötið. Kryddið með salti og pipar. Merjið hvítlaukinn í hvítlaukspressu og nuddið á kjötið. Saxið allt kryddið niður og blandið saman. Takið frá 5 msk. af kryddblöndunni. Nuddið svo afganginum af kryddinu á kjötið. Grillið við háan hita í 2 mín. á fjórum hliðum. Setjið svo á efri grind grillsins og lækkið hitann. Grillið í 20 mín. eða þar til kjarnhitinn er kominn í 54°C.*

### Köld sósa

6 msk. majónes
6 msk. sýrður rjómi
3 msk. kryddblanda
2 tsk. dijon–sinnep
Salt og pipar
*Blandið öllu saman og látið standa í u.þ.b. 1 klst.*

### Meðlæti

*Skerið kartöflur í sneiðar, veltið upp úr olíu og 2 msk. af kryddblöndunni sem tekin var frá. Grillið í 5 mín. á hvorri hlið en setjið svo á kaldari hluta á grillinu og eldið áfram í u.þ.b. 20 mín.*

# GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL



**GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL**
**Kl. 20.05 fimmtudaga, hefst 30. maí**

Einn ástsælasti sjónvarpskokkur þjóðarinnar, Jói Fel, kemur áhorfendum í sumarskap eins og honum einum er lagið í þáttunum Grillað með Jóa Fel. Í þáttunum kynnir Jói girnilegar uppskriftir og nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna.

„Það fer allt á grillið sem hægt er að grilla og þættirnir eru fyrir alla, byrjendur sem lengra komna,“ segir Jói en uppskriftirnar koma úr bókinni Grillbók Jóa Fel, sem kom út fyrir stuttu.

„Við byrjum þættina á svínarifjum, sem eru eitt það besta af grillinu, og svo kemur öll flóran; heilgrilluð nautalund, úrbeinað lambalæri, kjúklingur á bjórdós og pitsur, risastórar T-bone steikur, fiskur og fleira sem hægt er að grilla. Ég baka einnig brauð og geri nokkra góða sumardrykki með vínþjón mér við hlið. Ég fer vel yfir það hvernig best er að undirbúa réttina og hvernig á að grilla svo úr verði góð veisla. Þetta getur ekki klikkað.“

UPPÁHALDSÞÁTTURINN Á STÖÐ 2

# VEIKUR FYRIR MATREIÐSLUÞÁTTUM

**HIÐ BLÓMLEGA BÚ**
**Kl. 20.05 miðvikudaga**



Atli Fannar Bjarkason, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar, féll kylliflatur fyrir matreiðsluþáttunum Hið blómlega bú með Árna Ólafi Jónssyni sem hófu göngu sína á Stöð 2 fyrir skemmstu.

„Ég er mjög veikur fyrir hvers kyns matreiðsluþáttum, eflaust vegna þess að ég vil kunna að elda eins og sjónvarpskokkur en ég er í besta falli meðalmaður í eldhúsinu (nema þegar ég elda spagettí carbonara. Þá er ég frábær). Þess vegna hefur Hið blómlega bú komið mér skemmtilega á óvart. Þátturinn er afslappaður og réttirnir eru girnilegir. Ég vissi til dæmis ekki að tvö egg gætu orðið eitthvað annað en gul hræra,“ segir Atli Fannar.

Hann segir þættina sömuleiðis afar fróðlega. „Þeir eru beinlínis hollir fyrir Íslendinga, sem halda stundum að það eina sem bændur gera í sveitum landsins sé að mjólka beljur og taka á móti lömbum. Það er verið að rækta jarðarber á Íslandi. Spáið í því!“

Þættirnir, sem eru átta talsins, hófu göngu sína á Stöð 2 miðvikudaginn 15. maí. Þriðji þáttur verður á dagskrá í kvöld klukkan 20.05.

# MYNDIR HELGARINNAR



### THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT
**Kl. 21.00 föstudag**

Rómantísk gamanmynd með Jason Segel og Emily Blunt í aðalhlutverkum. Þegar Tom biður um hönd Violet grunar hvorugt hvað á eftir að ganga á í þeirra lífi áður en þau ná að ganga saman upp að altarinu. Skemmtileg mynd sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

### HEMINGWAY & GELHLORN
**Kl. 22.05 laugardag**

Söguleg stórmynd með Clive Owen og Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Sagan gerist á róstusömum tímum síðari heimsstyrjaldarinnar og fjallar um ástarsamband Ernests Hemingway og blaðakonunnar Mörthu Gellhorn.



## 10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ

### TOPPMYNDIR
**Kl. 22.00 alla daga**




Miðvikudagur
**The Next Three Days**

Hörkufín spennumynd með Russell Crowe um mann sem neyðist til að taka upp varnir fyrir konu sína, sem ákærð er fyrir morð.

Fimmtudagur
**Wanderlust**




Skemmtileg gamanmynd með Paul Rudd og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um par úr stórborginni sem flytur í hippakommúnu.




Föstudagur
**Brüno**

Geggjuð gamanmynd þar sem spéfuglinn Sasha Baron Cohen mætir til leiks sem tískumógúllinn Brüno. Hann kemur sjálfum sér og öðrum í óborganlega vandræðalegar aðstæður.

Laugardagur
**Mercury Rising**




Spennumynd með Bruce Willis og Alec Baldwin í aðalhlutverkum. Hún fjallar um alríkislögreglumann sem rannsakar hvarf níu ára einhverfs stráks.




Sunnudagur
**Red**

Hörkuspennandi mynd með Bruce Willis, Morgan Freeman, John Malkovich og Helen Mirren í aðalhlutverkum.

Mánudagur
**Ray**



Einstaklega vönduð og vel leikin verðlaunamynd um líf og starf tónlistargoðsagnarinnar Rays Charles. Jamie Foxx hlaut Óskarsverðlaunin fyrir frammistöðu sína.

Þriðjudagur
**Two Lovers**




Dramatísk og rómantísk mynd með Joaquin Pheonix, Gwyneth Paltrow og Vinessa Shaw í aðalhlutverkum.

Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2

# STRÁKARNIR OKKAR
## Í ÚRSLITUM MEISTARADEILDAR EVRÓPU



Það er komið að stóru stundinni í Meistaradeild Evrópu í handbolta. Blásið verður til handboltaveislu um helgina þegar úrslitakeppnin í Meistaradeildinni fer fram í Köln í Þýskalandi og þar verða íslenskir handboltamenn í stórum hlutverkum.

Fjögur lið standa eftir í keppninni og fara undanúrslitaleikirnir fram á laugardag og síðan brons- og úrslitaleikir á sunnudag. Allir leikirnir verða sýndir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í THW Kiel hafa titil að verja en liðið mætir öðru þýsku stórliði, HSV Hamburg, í undanúrslitum. Íslensku landsliðsmennirnir Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson leika með Kiel en félagið hefur fimm sinnum leikið til úrslita á sl. sex árum og unnið titilinn þrisvar.

Það lið sem oftast hefur orðið Evrópumeistari er Barcelona, alls átta sinnum, en liðið mætir pólska liðinu Kielce í undanúrslitum. Hornamaðurinn Þórir Ólafsson leikur með Kielce sem er með feiknarsterkt lið. Í þeirra röðum eru m.a. fimm leikmenn sem hafa komið frá Rhein-Neckar Löwen á undanförnum árum og þjálfari liðsins er frægasti handboltamaður Pólverja, Bogdan Wenta, sem lék á sínum tíma með Alfreð Gíslasyni hjá Bidasoa á Spáni.

SPORT
**HANDBOLTAVEISLA um helgina**

| Laugardagur: | Sunnudagur |
|---|---|
| **13.00** Kielce - Barcelona | **13.05** Leikur um 3. sæti |
| **15.50** Kiel - Hamburg | **15.50** Úrslitaleikur |

SPORT 2 enski boltinn

# MANCHESTER UNITED
## VIKA Á STÖÐ 2 SPORT 2



Enski boltinn heldur áfram að rúlla á Stöð 2 Sport 2 í sumar og næstu vikurnar stýrir Guðmundur Benediktsson nýjum og skemmtilegum þáttum alla virka daga klukkan 20.00. Hver vika verður tileinkuð einu af stórliðunum í enska boltanum og það eru nýkrýndir Englandsmeistarar Manchester United sem ríða á vaðið. Í þáttunum verður rætt við leikmenn og aðdáendur liðanna, farinna ára rifjaðir upp og í lok vikunnar er skemmtilegur spurningaþáttur sem enginn fótboltaáhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara.

VILD er snilld

# SKEMMTILEGAR FJÖLSKYLDUSTUNDIR FYRIR VILDARÁSKRIFENDUR

Nú býðst áskrifendum Stöðvar 2 að eiga frábæra stund með fjölskyldunni í Skemmtigarðinum í Smáralind á sérstökum vildarkjörum.

Áskrifendur geta keypt fjölskyldukort Skemmtigarðsins á 50 prósent afslætti. Fjölskyldukortið hljóðar upp á 6.000 króna inneign í Skemmtigarðinn en Vildaráskrifendur fá það á aðeins 3.000 krónur.

Með kortið í hönd geta áskrifendur meðal annars farið í öll tívolítækin, sleggjuna, fallturninn, klessubílana og 7d-bíóið og spilað ótal leiki á leikjagólfinu. Þeir geta sömuleiðis safnað tívolípunktum sem safnast sjálfkrafa inn á kortið. Því betur sem gengur því fleiri tívolípunkta fær fólk inn á kortið. Tívolípunktunum er síðan skipt út fyrir vinninga sem eru í verðlaunaborðinu. Vildarkerfið er rafrænt og virkjast tilboðið sjálfkrafa þegar greitt er með korti sem er skráð í Stöð 2 vild. Tilboðið gildir alla daga vikunnar út ágúst 2013.








Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:
App sem þú þarft
Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann
FBL
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play eða í App store og náðu í appið.
FRÉTTABLAÐIÐ


Panasonic
ALLT SEM ÞÚ ELSKAR Á EINUM STAÐ
NÝTT SMART VIERA MEÐ PERSÓNULEGUM HEIMASKJÁ.
SMART TV SJÓNVARP GERT EINFALT.
Með nýja Smart VIERA sjónvarpinu opnar þú á einum stað allt það besta sem sjónvarp og netið hafa uppá að bjóða, og gerir þér kleift að setja upp þinn eigin heimaskjá, uppsettan með þínum uppáhalds öppum, valmöguleikum og þjónustu.
Vitræn og notendavæn hönnun gerir þér kleift að stjórna Smart VIERA sjónvarpinu með einföldum raddskipunum og fisléttum Swipe & Share skipunum með snjallsíma eða spjaldtölvu.
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS
SMART VIERA



Útlendum ferðamönnum þykir afar skemmtilegt að koma í litlu, fallegu kirkjuna á Þingvöllum.

# Bætt þjónusta og aðgengi á Þingvöllum

Unnið er að bættri þjónustu og aðgengi í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Settir verða upp pallar og stígar til að auka öryggi ferðamanna og vernda gróður.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir að sú bætta þjónusta sem áhersla verður lögð á sé fyrst og fremst á Hakinu á barmi Almannagjár. „Við höfum stækkað verslunina og fyrirhugað er að hefja framkvæmdir í sumar við frekari stækkun. Í versluninni er boðið upp á vörur úr heimahéraði, til dæmis frá Sólheimum í Grímsnesi, landakort og póstkort en þarna er auk þess eitt mesta úrval landsins af landkynningarbókum um Ísland á hinum ýmsu tungumálum. Langflestir gestirnir eru erlendir ferðamenn."

Verslunin á Hakinu opnaði fyrir þremur árum. Í þjónustumiðstöðinni við söluskálann á Leirum er þjónusta við tjaldstæði og þar eru seld veiðileyfi. Flesta daga í sumar verður kirkjan opin fyrir ferðamenn. „Útlendum ferðamönnum finnst einstaklega gaman að skoða þessa litlu en virðulegu og fallegu kirkju," segir Ólafur Örn.

„Á hverjum morgni eru gönguferðir um þjóðgarðinn með leiðsögn á ensku og um helgar eru gönguferðir um hraunið þar sem áður voru bæjarstæði. Gönguferðirnar á morgnana eru vinsælar hjá erlendum ferðamönnum en Íslendingar koma gjarnan um helgar. Þá hafa fimmtudagsgöngurnar á sumrin verið einstaklega vinsælar í ellefu ár en þá koma fræðimenn og fróðleiksfólk með ákveðið þema, hvort sem það er jarðfræði, þættir úr fornsögum eða annað. Ferðirnar hefjast 6. júní."

## Bætt aðgengi

„Við erum að bæta stíga og aðgengi fólks á Þingvöllum og stýrum þannig umferðinni til að vernda gróðurinn. Næsta verkefni er að koma upp palli og útsýnissvæði við Öxarfoss þar sem nú er moldarflag. Í öðru lagi að setja upp pall sem fellur vel inn í landið við Drekkingarhyl og síðan að leggja stíg eða trébraut við svokallaðan Kirkjugarðsstíg en hann liggur á milli kirkjugarðsins við Þingvallakirkju og Öxarfoss," segir Ólafur Örn og bætir við: „Með þessu erum við að auka öryggi gesta og bæta aðgengi göngufólks með því að setja handrið og þrep. Í sumar verða sett upp skilti og gönguleiðir merktar í þinghelginni, út í hraun og á skógarsvæðum. Einnig verða gefin út kort og leiðbeiningar fyrir ferðamenn. Að auki ætlum við að laga gönguplanið fyrir framan gestastofuna á Hakinu og efri endann á Almannagjá. Þar verða lagðar hellur sem tengjast útsýnispallinum á Almannagjá.

Við vonumst til að fá 130 milljónir til framkvæmda en forsætisráðuneytið hefur óskað eftir þeirri fjárhæð á fjáraukalögum fyrir Þingvelli. Þá verður hægt að stækka og gera nýtt bílaplan sem er afar brýnt að komist í framkvæmd. Síðan verða hafnar framkvæmdir við stækkun gestastofunnar," Ólafur Örn.

## Gönguferðir sumarsins

Gönguferðirnar hefjast klukkan 20.00 frá fræðslumiðstöðinni við Hakið og er gengið niður Almannagjá að Lögbergi og síðan í þá átt sem viðfangsefninu hentar. Léttar gönguferðir þar sem fræðslan er í fyrirrúmi og þekking og skoðanir leiðsögumanns fá að njóta sín.



Ávallt eru í boði gönguferðir um Þingvelli með leiðsögn en þær hafa notið mikilla vinsælda.



Aðstaðan á Þingvöllum verður stórbætt í sumar.



Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.



Um þriggja tíma akstur er frá Reykjavík í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og malbik alla leið. Hér sést Snæfellsjökull frá Malarrifi. MYNDIR/ÞJÓÐGARÐURINN SNÆFELLSJÖKULL

# Dulmögnuð áhrif Snæfellsjökuls

Fjölskylduratleikur með aldagömlum álfastrák og stelpu, hellaferð í niðamyrkri í iður jarðar, selaskoðun, refaskoðun og 24 tíma sólstöðuganga uppi á og undir Jökli eru meðal ævintýra sem ferðalöngum bjóðast í ægifagurri náttúru Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls í sumar.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur yfir sér leyndardómsfullan blæ sem laðar að ferðamenn hvaðanæva úr heiminum. Margir koma gagngert til að sækja í ólgandi orku jökulsins og eiga sín helgu svæði eins og Öndverðarnes, sem er magnaður staður,“ segir Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður um einstæðan hugblæ í náttúru Snæfellsjökuls sem einnig hefur mikla sérstöðu meðal íslenskra þjóðgarða.

„Þjóðgarðurinn er sá eini hérlendis sem liggur að sjó og þar má stundum sjá hvali leika listir sínar undan ströndinni. Þá er landslag við ströndina síbreytilegt ár frá ári þar sem þungi sjávar brýtur, breytir og kastar stórgrýti á land upp í sjógangi vetrarins,“ útskýrir Guðbjörg.

## Sólarhringslöng sólstöðuganga

Í sumar verða ævintýri á hverju strái í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og þegar búið að opna dyr gestastofunnar á Hellnum.

„Á sumarsólstöðum bryddum við upp á spennandi nýjung sem er sólarhringslöng sólstöðuganga. Gengið verður frá Dritvík og áfram eftir ströndinni, upp eftir Jökulhálsinum og á jökultoppinn, niður Eysteinsdal og endað í nágrenni Hellissands. Á göngunni verða svo reglulegir hvíldarstaðir og boðið upp á dýrindis mat og drykk,“ segir Guðbjörg um gönguna, sem verður farin til styrktar björgunarsveitinni í Snæfellsbæ og unnin í samstarfi við ferðaskrifstofuna Út og vestur og fleiri aðila í Snæfellsbæ.

„Gestir þjóðgarðsins hafa úr úrvali gönguferða að velja því þrjá daga vikunnar verðum við með ókeypis, stuttar göngur klukkan 11 og lengri ferðir á laugardögum þar sem við göngum að refagrenjum og söguslóðum, förum í selaskoðun og í fjallgöngur. Auk þess verður barnastund á sunnudögum.“

## Stigið 33 metra ofan í jörðina

Meðal ævintýralegrar afþreyingar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli eru hellaferðir í Vatnshelli.

„Vatnshellir er í suðurhlíðum Purkhóla, upp af Malarrifi og alveg við þjóðveginn. Þangað má eingöngu fara með leiðsögn Hellaferða og með hjálm og ljós í farteskinu sem þeir útvega. Í hellinum eru hringstigar sem liggja ofan í kolsvart dýpi, 33 metrum undir yfirborði jarðar. Það er gaman að upplifa og alls staðar hátt til lofts og vítt til veggja,“ upplýsir Guðbjörg.

## Ratleikur með Sögu og Jökli

„Heill dagur frá morgni til kvölds dugar ekki fjölskyldunni til að komast yfir allt sem fyrir augu ber og því tilvalið að fara í helgarútilegu á eitthvert tjaldsvæðanna í námunda við þjóðgarðinn,“ segir Guðbjörg. Ekki má tjalda í þjóðgarðinum sjálfum en góð tjaldsvæði innan seilingar eru á Hellissandi, Arnarstapa, í Ólafsvík og Langholti.

„Við tökum vel á móti börnum og í sumar gefst þeim færi á að taka þátt í skemmtilegum ratleik með þeim Sögu og Jökli sem er barnvænt verkefni ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi. Saga er tíu ára stelpa og Jökull gamall álfur í strákslíki sem Saga getur kallað á þegar hún lendir í klandri. Ein saga tengist hverjum stað og því getur fjölskyldan farið á milli staða og leyst þrautirnar saman,“ segir Guðbjörg um ratleikinn, sem er gerður fyrir snjallsíma og pappír og framleiddur af Locatify.

Önnur skemmtileg nýbreytni verður á Degi landvarða 31. júlí.

„Þá ætlum við að bjóða gestum að verða landverðir í einn dag og taka þátt í vinnu með landvörðum. Starf landvarða hefur yfir sér rómantískan blæ en það á sér líka mun hversdaglegri hliðar.“

## Beðið eftir þjóðgarðsmiðstöð

Á hverju sumri fara fram verklegar framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og nú er unnið að skipulagi við Skálasnagavita og Svalþúfu sem bæði eru fjölsótt svæði.

„Til okkar koma erlendir sjálfboðaliðar til að vinna að göngustígagerð í fimm vikur. Sjálfboðaliðar vinna afar merkilegt starf í þjóðgörðum landsins og án þeirrar liðveislu væri ástand þjóðgarðanna mun verra,“ segir Guðbjörg, en alls vinna erlendir sjálfboðaliðar sem nemur 450 vinnuvikum að uppbyggingu og viðhaldi friðlýstra svæða á vegum Umhverfisstofnunar á þessu ári.

„Að Gufuskálum er nú unnið að uppgreftri á fornminjum þar sem lítil verbúð er þegar sýnileg og fundist hafa bein og fleiri merkir munir,“ upplýsir Guðbjörg.

Í gestastofunni er sýning á náttúru, sögu og mannlífi þjóðgarðsins og Guðbjörg segist full tilhlökkunar að taka í notkun þjóðgarðsmiðstöð sem gegna mun mikilvægu hlutverki.

„Í vor úthlutaði Framkvæmdasjóður ferðamannastaða 75 milljónum króna vegna byggingar þjóðgarðsmiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn sem rísa mun á Hellissandi. Hönnun byggingarinnar er lokið en framkvæmdir við hana fóru í bið eftir efnahagshrunið. Vonandi fæst meira fjármagn þannig að unnt verði að hefjast handa og ljúka við bygginguna sem fyrst. Þjóðgarðsmiðstöðin er afar mikilvægur liður í því að styrkja Snæfellsnes og allt Vesturland í uppbyggingu ferðaþjónustu árið um kring.“

Gestastofan á Hellnum er opin daglega frá klukkan 10 til 17 í sumar. Styttri gönguferðir í þjóðgarðinum eru ókeypis.



Vatnshellir hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðalanga þjóðgarðsins.



Áð eftir sumargöngu í Búðahrauni.



Rennt eftir fiski í Skarðsvík.

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Toyota Land Cruiser 150 GX 10/2011 ek.48þús. Sjálfskiptur. 7 Manna. Dráttarbeisli. Búinn í 45þús. km skoðun. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 9.680.000.- Rnr.285822.



Land Rover Range Rover TD V8 Vouge Diesel 12/2006 ek.48þús. Sjálfskiptur. Umboðsbíll. Leður. Topplúga. Ökutæki er í sal. Ásett verð 9.490.000.- Rnr.285692.



Skoda Octavia Ambiente Diesel 7/2010 ek.64þús. SJÁLFSKIPTUR. Dráttarbeisli. Ökutæki er í sal. Ásett verð 3.190.000.- Rnr.285728.



Hyundai I30 Comfort 5/2008 ek.97þús. Sjálfskiptur. Skipti möguleg. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.790.000.- Rnr.103437.



Peugeot 206 Xr Présence 6/2007 ek.60þús. Ný tímareim. Beinskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.190.000.- Rnr.285210.



VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

bílaland

**Bílaland, B & L**
**Breiðhöfða og Klétthálsi 11, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.bilaland.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Við seljum bíla!
Söluhæsta netbílasala landsins!
NETBÍLAR
www.netbilar.is · Sími 588 5300

Netbílar er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



HONDA Accord sedan executive 2.0. Árgerð 2008, ekinn 49 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.160640. Staðgreiðsluverð kr: 2.490.000,-



MERCEDES BENZ MI 350. Árgerð 2006, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.100074. Staðgreiðsluverð kr: 3.590.000,-



KIA Ceed ex 1.6 disel sjálfsk.. Árgerð 2011, ekinn 70 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.990048. Staðgreiðsluverð kr: 2.790.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

SUZUKI



Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum fyrir mótorhjólafólk, hjálmar, skór, hanskar, olíur og margt fleira í úrvali.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Ford Econline 1995, nýskráður 1997. Sólarsella, markísa, innréttaður hjá Ragnari Vals. Læst drif að aftan, snúningsstólar, nýtt í stýrisgangi, stálvatnstankur, nýskoðaður ferðabíll í toppstandi. Verð 1.990 þús. Raðn. 121512

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

J.R.BÍLASALAN
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



VW Golf trendline. Árgerð 2007, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000.ný tímareim Rnr.155155.



FORD F150 super crew. Árgerð 2005, ekinn 131 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000.palllok og húðaður pallur, fallegur bíll Rnr.155185.



VW Transporter double cab syncro doublecab 4x4. Árgerð 2005, ekinn 205 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.690.000 með VSK . Rnr.155217.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

BÍLALIND.is



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX Árgerð 2006. Ekinn 170 Þ.KM Verð kr. 3.990.000. Raðnúmer 150574

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLASALA · EIRHÖFÐA 11 REYKJAVÍK



VW Polo comfortline. Árgerð 2011, ekinn 72 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090 SÉRTILBOÐ 1.790 Rnr.218930.



VW Polo trendline. Árgerð 2010, ekinn 92 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790 SÉRTILBOÐ 1.400. Rnr.113357.



VW Golf fsi. Árgerð 2011, ekinn 58 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750. SÉRTILBOÐ 2.490. Rnr.113046.



SUZUKI Swift gl. Árgerð 2010, ekinn 75 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990. SÉRTILBOÐ 1.500. Rnr.191041.



SUZUKI Grand vitara lux. Árgerð 2010, ekinn 93 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.900 SÉRTILBOÐ 2.790. Rnr.218762.



NISSAN Note visia. Árgerð 2011, ekinn 81 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.060 SÉRTILBOÐ 1.790. Rnr.311315.



HYUNDAI I30 classic. Árgerð 2010, ekinn 85 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.820. SÉRTILBOÐ 1.550. Rnr.113045.



HYUNDAI I20 classic. Árgerð 2010, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar.ÁSETT VERÐ 1.650. SÉRTILBOÐ1.400. Rnr.113049.



NISSAN Pathfinder dísel útsala!!!. Árgerð 2008, ekinn 109 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.ÁSETT VERÐ 4.480Þ SÉRTILBOÐ 3.490.000. Rnr.310638.



SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2011, ekinn 43 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. ÁSETT VERÐ 4.390 Þ. SÉRTILBOÐ 3.900. Rnr.218923.

OPIÐ TIL KL. 20.00 Á FIMMTUDÖGUM Í SUMAR

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**Opið til kl. 21 á fimmtudögum.**
**www.nyja.is**




NISSAN Qashqai+2 LE. Árg. 8/2012, ek. 17 Þ.KM, bensín, sjálfsk, leður, lúga, Webasto omfl, Mjög flottur og vel útbúinn bíll, Ásett verð 5.990.000. Rnr.150707. Er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Nærri 50% lægra verð. Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu. Prufukeyrðu hann! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is S. 5522000.




BMW X5 3.0D dísel, árg. 2007 ekinn 85þ. Umboðsbíll. Stgr. 6490þ., myndir á x5.is, S. 898 2001.



Skoda Oktavia disel árg.'07 ek. 94þús beinssk. Verð 2.200mills. uppl. s. 692 6022

Seldur.is
seldu strax.....seldur.is



BÍLAR og TÆKI TIL SÖLU VELAMIDSTODIN.IS maggi@metanbill. is S:5 800 439

## 0-250 þús.



**LÍTIÐ KEYRÐUR SPARIBAUKUR**
VW POLO 1,2 árg'02 ek.115 þús, 3ja dyra, beinskiptur, ný skoðaður 14, álfelgur,kastarar,cd, lýtur mjög vel út og eyðir engu, verð 450 þús möguleiki á 100% visaraðgreiðlum 16 þús á manuði s.841 8955

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



HYUNDAI Santa Fe 4x4. Nýskr. 06/04, ekinn 155 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 890.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.120170.



TOYOTA Yaris Terra. Nýskr. 09/05, ekinn 104 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð **1.090.000.** Rnr.120161.



SUBARU Impreza 2.0. Nýskr. 07/08, ekinn 99 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.850.000.** Rnr.151864.



SKODA Fabia Comfort. Nýskr. 02/06, ekinn 98 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.090.000.** Rnr.151808.



HYUNDAI Santa Fe 4x4. Nýskr. 06/04, ekinn 163 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 860.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.201072.



NISSAN X-Trail Sport. Nýskr. 01/05, ekinn 169 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.290.000.** Rnr.130560.



KIA Sorento EX. Nýskr. 06/05, ekinn 189 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.590.000.** Rnr.201292.

Breiðhöfða og Klettháls 11
525 8000
www.bilaland.is

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**KAUPI BILAÐA BÍLA**
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 300 þús. S. 896 6744.

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Uppl. í S. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



**TIL SÖLU**
Kawasaki Zephyr ZR 750 Árgerð 1997 ekið 56þús. Hiti í handföngum, nýlegur rafgeymir, harðar ferðatöskur og nýleg dekk. Verð 520þús. Uppl.: 898-6789.

## Reiðhjól




Gerum við allar gerir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is

## Vespur




## Fjórhjól



Yamaha Grizzly 700 ,08. Ek: 11 þús. 27" Big Horne. Vökvastýri. Kassi með aukasæti. Einn eigandi og góð þjónusta. Aukastuðarar. Verð: 750 þús. Engin skipti. Uppl: Tómas 895 9974.

## Kerrur



**ÍSLENSK SMÍÐ.**
Kerrur br.1,25m. L. 2,00-3,0m. B.geta 750kg., 13" dekk. Verð frá kr.196.000 www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos s. 894-5111 Opið kl.13-16.30.

## Varahlutir




**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

## Fellihýsi




## Vinnuvélar




## Lyftarar



Til sölu skotbómu lyftarar netvelar.is Uppl. í s. 892-0566




**KÖRFUBÍLALEIGA**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Bátar




## tilkynningar

### Frá sveitarfélaginu Ásahreppi:

Í dag hafa íbúar í Ásahreppi ekki aðgang að öruggu og öflugu netsambandi.

Því vinnur sveitarfélagið Ásahreppur nú að áætlunum um lagningu ljósleiðara inn á öll lögheimili í sveitarfélaginu sem þess óska. Er miðað við að ljósleiðari verði lagður í þau hús þar sem skráðir verða íbúar þann 1. desember 2013.

Er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að senda inn athugasemdir vegna þessarar fyrirhuguðu framkvæmdar.

Skulu athugasemdir berast skrifstofu Ásahrepps, Laugalandi, 851 Hella, fyrir 30. júní 2013.

**Oddviti Ásahrepps.**

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

### Aðalfundur Gigtarfélagsins

Aðalfundur Gigtarfélagsins verður haldinn miðvikudaginn 29. maí nk., kl. 19:30 í húsakynnum félagsins að Ármúla 5 á 2. hæð.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Þorbjörg Jónsdóttir lektor við hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri halda fræðsluerindi sem hún nefnir „Langvinnir verkir og notkun á heilbrigðisþjónustu"

Allir eru velkomnir.

**Gigtarfélag Íslands**

MÆÐRASTYRKSNEFND REYKJAVÍKUR

### MENNTUNARSJÓÐUR Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. Sjóðnum er ætlað að styrkja efnalitlar konur til náms. *

Styrkurinn er ætlaður þeim sem hyggja á nám á skólaárinu 2013-2014.
Sótt skal núna um nám sem hefst 2014.
Gengið verður frá umsókn þegar staðfesting á skólavist berst.

**Um er að ræða** styrk til greiðslu skólagjalds (að ákveðnu hámarki), bókakaupa eða annars sem gerir umsækjanda kleyft að stunda og ljúka námi.

**Umsóknarfrestur rennur út 22. júní 2013.**
**Umsókn skal fylgja**
- skattskýrsla síðustu 2ja ára
- tekjuáætlun 2013
- staðfesting á námsvist hjá menntastofnuninni
- yfirlýsing um að umsækjandi fái ekki aðra styrki vegna námsins.

Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Menntunarsjóðsins á vef Mæðrastyrksnefndar: **www.maedur.is**og á Facebook-síðu Menntunarsjóðsins.

*Menntunarsjóðurinn leggur fyrst um sinn áherslu á að styrkja tekjulitlar konur til náms.*

UMFÍ

### Auglýst er eftir umsóknum úr Umhverfissjóði UMFÍ – Minningarsjóði Pálma Gíslasonar

*Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, fyrrverandi formanns UMFÍ, ásamt ungmennafélagshreyfingunni og öðrum velunnurum. Úthlutað verður úr sjóðnum 2. júlí næstkomandi, en þann dag hefði Pálmi orðið 75 ára.*

*Reglugerð um sjóðinn ásamt rafrænni umsókn má finna á heimasíðu UMFÍ (www.umfi.is) undir styrkir.* ***Umsóknum skila** rafrænt til UMFÍ,* ***fyrir 20. júní 2013.***

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**GB ÞVOTTUR HÁÞRÝSTIÞVOTTUR & ÞRIF**
Fjölbreyttar lausnir í þrifum með háþrýstiþvott: Klæðningar - gluggar - sorpgeymslur - bílaplön - veggjakrot - tyggjó, o.s.frv. GB Þvottur: gbthvottur@gmail.com S. 869 4698.

## Garðyrkja






# Félagsmálatröll stýrir fjölskyldufyrirtækinu

**Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður Samtaka verslunar og þjónustu, segist alltaf hafa verið virk í félagsmálum og fer nú fyrir hagsmunabaráttu verslunar- og þjónustuaðila. Hún segir Pfaff rekið eftir gömlum gildum sem margir mættu tileinka sér.**

**SVIPMYND**
**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), hefur verið áberandi í umræðunni síðustu misseri þar sem hún hefur talað máli kaupmanna í erfiðu árferði þar sem meðal annars er deilt um hátt verðlag og að landsmenn sækja í stórum stíl til útlanda í verslunarferðir.

Í samtali við Markaðinn segist hún hafa gaman af því að vinna í félagsmálum og að hún sjái rofa til í baráttu sem hafi staðið í áratugi.

Margrét er framkvæmdastjóri Pfaff og hefur gegnt starfi formanns SVÞ frá ársbyrjun 2009, en þar áður hafði hún verið stjórnarmaður og síðar formaður Félags kvenna í atvinnurekstri og í stjórn Félags íslenskra stórkaupmanna, sem varð síðar Félag atvinnurekenda, í átta ár, þar af seinustu árin sem varaformaður.

„Annars hef ég alltaf verið félagsmálatröll og haft gaman af hvers konar hagsmunabaráttu," segir Margrét og bætir því við að baráttumál verslunarinnar séu þau sömu nú og áður.

„Okkar hagsmunir felast í því að skapa verslun og þjónustu sambærileg rekstrarskilyrði og gerast í nágrannalöndum okkar. Að það sé ekki verið að leggja á verslun hér á landi skatta og álögur sem ekki þekkjast í löndunum í kringum okkur."

Slíkt gerir það að verkum, að sögn Margrétar, að verðlag hér á landi er mun hærra en það þarf að vera.

„Þessi barátta hefur staðið í áratugi og færist milli kynslóða, en okkur hjá SVÞ finnst þó sem okkar sjónarmið sé að koma sterkar fram. Ég held að að fólk sé að átta sig á því að ef á að viðhalda núverandi kerfi, mun verslun halda áfram að flytjast úr landi."

Margrét segir að útlit sé fyrir að verslun Íslendinga erlendis muni koma til með að aukast enn með auknum ferðalögum á næstunni.

„Við sjáum þetta mikið í smærri raftækjum sem bera þung gjöld, en ekki síður í fatnaði, og það er erfitt að keppa við lönd þar sem föt bera jafnvel ekki einu sinni virðisaukaskatt. Við viljum fá stjórnvöld með okkur til að vinna gegn þessari þróun því að það er ekki eðlilegt að 40 til 50 prósent af fatakaupum eigi sér stað erlendis, og menn geta reiknað það út í krónum og aurum hve miklar tekjur gætu skapast og hve mörg störf ef við næðum þótt ekki væri nema helmingnum af þessum viðskiptum til baka inn í landið."



**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR** Margrét hefur gegnt starfi formanns SVÞ í fjögur ár. Í frístundum finnst henni best að eyða tíma með fjölskyldu og vinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eitt af helstu verkefnunum sem SVÞ stendur frammi fyrir á næstunni eru kjarasamningar í haust.

„Okkur finnst ekki rétt að endurtaka leikinn frá síðustu kjaraviðræðum þar sem samningarnir gengu út á launahækkanir sem atvinnulífið ræður ekki við. Það sem máli skiptir er að tryggja kaupmátt. Við höfum talað fyrir því að fara blandaða leið með því að hækka laun hóflega en ná fram auknum kaupmætti, ekki síst með lækkuðu vöruverði."

Margrét hefur stýrt Pfaff frá árinu 1994 og fetar þar í fótspor föður síns, Kristmanns Magnússonar, og afa, Magnúsar Þorgeirssonar, sem stofnaði fyrirtækið 1929. Margrét segir Pfaff hafi ávallt verið rekið eftir sömu gildum.

„Við byggjum á gömlum og góðum gildum sem hafa reynst vel kynslóð eftir kynslóð. Að það sé skynsamlegt að byggja hlutina upp hægt og skuldsetja sig skynsamlega. Viðskipti eru í raun ekki mjög flókin. Þú þarft bara að fá inn meiri tekjur en þú eyðir."

Hún segir að á góðæristímanum fyrir hrun hafi Pfaff mögulega ekki þótt í hópi fínni fyrirtækja.

„En ég held að í dag myndu flestir vilja reka fyrirtæki eins og Pfaff. Fyrirtækið var stofnað 1929 og er enn rekið á sömu kennitölu, en að mínu mati þurfa fyrirtæki í dag einmitt að vinna eftir sömu gildum og við."



„Margrét er algjör nagli, hún hikar ekki við að taka að sér verkefni og sinnir því sem hún tekur að sér vel. Hún er afar ósérhlífin, gerir bæði kröfur til síns sjálfs og annarra. Margrét er mikill hundavinur, svo mikill að hún á það til að taka hundana með sér á stjórnarfundi, sem verður að teljast afar óvenjulegt. Það fer Margréti afar vel að flytja ræður, bæði er hún rökföst, fyndin og svo liggur henni mjög hátt rómur, hún þarf svo sannarlega ekkert hljóðkerfi til þess að koma skilaboðunum á framfæri. Margrét er sannkölluð fyrirmynd kvenna í viðskiptum."

**Sigríður Margrét Oddsdóttir**
*vinkona Margrétar*



„Við Magga höfum unnið saman með litlum hléum frá 2001 og aldrei eins náið og frá 2009. Hún tekur öll verkefni sem henni er trúað fyrir af mikilli samviskusemi og hellir sér í þau af ástríðu. Í framgöngu sinni sem formaður SVÞ í þágu okkar greinar hefur hún sýnt meira vinnuframlag og metnað en það sem ég hef áður upplifað. Hún fylgist mjög náið með því sem við erum að fást við og vinnur að málum af lífi og sál. Það er mikill akkur í því fyrir samtökin að hafa hana sem málsvara og mér finnst bæði ánægja og forréttindi að fá að vinna með svona öflugum einstaklingi."

**Andrés Magnússon**
*framkvæmdastjóri SVÞ*

Loksins virka debetkort á netinu

Það eru álíka mörg debet- og kreditkort í umferð á Íslandi.
Tekur þín vefverslun við öllum kortum?

Fáðu frekari upplýsingar á www.borgun.is eða í síma 560 1600



Með Borgun tekur þú við öllum kortum – hvar og hvenær sem er

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON UnionPay JCB Diners Club International DISCOVER AMERICAN EXPRESS

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI



**GRÆJAN Í NOTKUN** Ekki fer mikið fyrir armbandinu FitBit Flex á úlnliði fólks, þaðan sem það nemur hverja hreyfingu þess og jafnvel hversu djúpri hvíld það nær í svefni. MYND/FITBIT

Nýjung fyrir tækjaglaða unnendur hreyfingar:

# FitBit Flex hjálpar fólki að ná árangri

Stöðugar tækniframfarir miða að því að gera fólki lífið einfaldara og hjálpa því á ótal sviðum. Heilsurækt fer ekki varhluta af þessari þróun.

Meðal nýjunga er armband frá bandaríska fyrirtækinu FitBit sem nefnist FitBit Flex. Tækið greinir hreyfingar fólks, mælir orkunotkun og safnar gögnum um hvíld. Upplýsingarnar eru svo sendar þráðlaust í tölvu eða snjallsíma þar sem þær eru greindar og settar fram á skilmerkilegan máta. Í hugbúnaðinum getur fólk svo sett sér ákveðin markmið um hreyfingu á hverjum degi. Lítil ljós á armbandinu sjálfu lýsast svo upp eftir því sem deginum vindur fram og fólk færist nær markmiði sínu. Þegar markinu er náð lýsa öll fimm LED-ljósin á armbandinu.

Í nýrri umfjöllun danska viðskiptablaðsins Børsen um FitBit Flex er græjan sögð slá í gegn hjá hverjum þeim sem prófar. Venjulegu fólki finnist með aðstoð tækisins bæði skemmtilegt og áhugavert að fylgjast með hitaeiningabrennslu sinni, gæðum svefns og hversu mörg skref það tekur á degi hverjum. Tækið hjálpi fólki að gera heilsurækt að lífsstíl.




**Í MAÍBYRJUN** Masayoshi Son forstjóri Softbank kynnir FitBit Flex á tæknisýningu í Tókýó í Japan 7. maí síðastliðinn. NORDICPHOTOS/AFP

Tæknin er sögð byggja að stórum hluta á Bluetooth 4.0 þráðlausri samskiptatækni sem þurfi mikið minni orku til gagnasendinga en fyrri tækni. Vísað er til umsagna tækniritsins Wired sem segir græjuna nánast gallalausa til síns brúks. Herlegheitin kosta hins vegar sitt, rétt tæpa hundrað dali hjá Amazon.com. Það er nálægt 12.500 krónum og á þá eftir að gera ráð fyrir sendingar- og aðflutningsgjöldum. - óká

# Átti hvorki að vera fræðirit né poppbók

**Nýútkomin er bókin Forskot eftir Þórð Sverrisson. Íslenskar viðskiptafræðibækur eru fátíðar. Bókin hjálpar þeim sem móta þurfa og framfylgja stefnu í rekstri.**

„Ég vildi skrifa læsilega og hagnýta bók,“ segir Þórður Sverrisson, rithöfundur, meðeigandi og hópstjóri hjá Capacent. Nýverið kom út hjá Forlaginu bók hans Forskot, en í henni er á heildstæðan hátt tekið á lykilviðfangsefnum í stjórnun fyrirtækja, svo sem stefnumótun og framtíðarsýn, skipulagi og stjórnun, auk viðfangsefna markaðsstarfs af ýmsum toga.

„Bókin byggir eiginlega á þremur þáttum,“ segir Þórður. Hann vísar til ákveðins fræðilegs grunn sem hann hafi orðið sér úti um í námi, bæði í háskóla hér heima og í Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn, reynslu af störfum á bankamarkaði hér heima í áratug að námi loknu og svo reynslu af ráðgjafarstarfi með fjölda fyrirtækja eftir að hafa stofnað með fleirum ráðgjafarfyrirtækið Forskot. „Í dag er ég partner í Capacent og búinn að vera í 18 ár í ráðgjöfinni og þar hef ég örugglega kynnst á annað hundrað fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum og engin þeirra eru eins.“

Við þennan grunn segist Þórður svo blanda hlutum sem meðal annars snúa að heimspekilegum vangaveltum sem tvinnaðar séu í skrifin. „Ég hafði í byrjun mjög skýra mynd af því hvers konar bók ég vildi skrifa og hvernig hún ætti ekki að vera.“ Bókin hafi ekki átt að vera þurrt fræðirit og ekki heldur of poppuð.

Bókin segir Þórður meðal annars skrifað með stjórnendateymi fyrirtækja í huga þar sem hver og einn þurfi að átta sig á stefnu og skipulagi og hvernig ná skuli settu marki.

„Þannig varð líkanið til sem bókin byggir á. Hráefninu helli ég í þetta mót, þennan hring. Ég fór að velta fyrir mér hvað væru lykilspurningarnar sem stöðugt þyrfti að spyrja sig að í rekstri fyrirtækja á samkeppnismarkaði.“

Hringurinn sem Þórður vísar til er „markaðshringurinn“ sem draga á fram kjarnann í stefnu hvers fyrirtækis og innbyrðis tengsl þeirra verkefna sem stjórnendur þeirra þurfa að skilja og vinna út frá. Bókin eigi að geta nýst sem nokkurs konar handbók eða umræðugrunnur um þessar lykilspurningar.




**ÞÓRÐUR SVERRISSON** Í Forskoti veltir Þórður upp lykilspurningum sem stjórnendur fyrirtækja þurfa að fást við í rekstri sínum. Árangurinn ræðst svo af því hvert umræðan um skilar þeim. „Þetta er eiginlega gátlisti,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Af því að ég hef í um tíu ár verið að kenna uppi í Háskóla og í gegnum ráðgjöfina veit ég hversu mikið fólk lærir af dæmum, fremur en af fræðikenningum. Ég vildi þess vegna að bókin væri mjög hlaðin lýsandi dæmum sem ég hef sjálfur mikið upplifað og heyrt af.“

Þannig segir Þórður hugmyndina hafa verið að gera bókina sem aðgengilegasta og alltaf með áherslu á hagnýtingu íslensks veruleika.

olikr@frettabladid.isw





KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO V40 Í BRIMBORG Í DAG

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

brimborg Öruggur staður til að vera á

* Volvo V40 D2, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,6 l/100 km, $CO_2$ 94 g/km. Volvo V40 D2 R-Design, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km, $CO_2$ 99 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



**HJÓLAÐ** Forritið er hluti af könnun sem gerð er í tengslum við átakið Hjólað í vinnuna.

Nýtt snjallsímaforrit:

## Kortleggur hjólreiðaleiðir

Nú stendur yfir könnun á leiðavali hjólreiðamanna með einföldu forriti fyrir snjallsíma, svokölluðu appi. Fyrirtækið Saga Traffic stendur að könnuninni fyrir Vegagerðina og verður stuðst við gögnin sem notendur appsins senda inn til að bæta hjólastíga.

Forritið virkjar GPS-staðsetningarkerfi snjallsíma og skráir sjálfkrafa upplýsingar um leiðir notenda. Vilji hjólreiðamenn taka þátt í könnuninni þarf að svara spurningum í ferðavenjukönnun og svo aftur um hverja ferð að henni lokinni.

Könnunin stendur út þessa viku, til 31. maí. Nánari upplýsingar má finna á www.sagatraffic.is. Appið er eingöngu í boði fyrir eigendur Apple-tækja. - bþh



**SMÁRALIND** Reginn á fjölda fasteigna, meðal annars verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjórðungsuppgjör Regins:

## 243 milljónir í hagnað

Rekstrartekjur fasteignafélagsins Regins námu 882 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2013. Þetta kemur fram í árshlutareikningi félagsins sem stjórn þess samþykkti á mánudag. Félagið var skráð í Kauphöllina í fyrra og var fjöldi hluthafa í byrjun maí í ár 933.

Í texta með reikningnum segir að afkoma Regins á fyrsta ársfjórðungi hafi verið góð og í samræmi við áætlanir. Rekstrarhagnaður fyrir söluhagnað, matsbreytingu og afskriftir nam 69% af leigutekjum.

Fasteignasafn Regins samanstendur nú af 34 eignum. Meðal þeirra eru Smáralind og Egilshöll. Útleiguhlutfall safnsins er 96%. - bþh

Væntingavísitala Gallup:

## Bjartsýni ríkjandi á ný

Væntingavísitala Gallup mælist nú hærri en hún hefur verið síðan í febrúar 2008. Nú geta íslenskir neytendur í fyrsta sinn síðan fyrir hrun talist bjartsýnir á efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar.

Vísitalan hækkaði um 14 stig á milli apríl og maí og fór í 101 stig. Það að vísitalan fari yfir 100 þýðir að fleiri segjast vera bjartsýnir en svartsýnir.

Þess ber þó að geta að venjulega hækkar væntingavísitalan í kringum alþingiskosningar. Mælingin fyrir maí var gerð dagana 2. til 8. maí, eftir kosningar en fyrir myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Allar undirvísitölur hækkuðu í maí frá fyrra mánuði. - bþh

Sérfræðingur í klasamyndun heldur námskeið um samstarfsleiðir samkeppnisaðila fyrir íslenska stjórnendur fyrirtækja:

# „Sterk fyrirtæki vaxa ekki í einangrun“

Íslensk fyrirtæki þurfa að starfa betur saman á sama tíma og þau keppa við hvert annað. Þetta segir ný-sjálenskur sérfræðingur í klasamyndum sem staddur er hér á landi. Hann er hér á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem stendur fyrir námskeiði þar sem fulltrúar íslenskra fyrirtækja fá tækifæri til að kynnast aðferðum við klasamyndun.

Klasamyndun er hugtak sem nær yfir þróun á markaði þar sem landfræðilegar þyrpingar tengdra markaðsaðila á sérhæfðum sviðum eiga í samkeppni en einnig í samvinnu.

Ifor Ffowcs-Williams hefur sérhæft sig í þessu og gaf nýlega út vinsæla bók um hagkvæmni klasauppbyggingar. Hann heldur námskeið um hvernig skapa megi klasa um allan heim.

„Sterk fyrirtæki vaxa ekki í einangrun heldur vaxa þau oftast í návígi við svipuð fyrirtæki þar sem fyrir hendi er sérmenntað fólk fyrir rekstur fyrirtækjanna og önnur fyrirtæki sem geta veitt svipaða þjónustu,“ segir Ffowcs-Williams.

Hann segir klasa myndast með náttúrulegum hætti á markaði og nefnir sjávarútvegsklasann á Íslandi sem dæmi. Þann klasa segir hann sérstakan í heiminum því ólíkt því sem þekkist annars staðar eru litlir sem engir hvatar frá hinu opinbera til klasamyndunar hér.

„Þjónusta opinbera geirans hér er ekki komin jafn langt og í Skandinavíu,“ segir Ffowcs-Williams. Víðast hvar í Evrópu veitir hið opinbera víðtæka þjónustu við klasa. - bþh



**IFOR FFOWCS-WILLIAMS**





## Hin hliðin

ÞÓRUNN JÓNSDÓTTIR

# Alþjóðafæðing

Alþjóðafædd (e. born global) fyrirtæki eru þau sem frá fyrstu stigum horfa á alþjóðamarkað og ætla sér meiri og stærri hluti en að hasla sér völl á heimamarkaði. Það má í raun segja að þau lifi í landamæralausum heimi þar sem allt er mögulegt og brýr eru byggðar milli landa til að auðvelda förina.

**Af hverju vilja allir út?**
Íslensk sprotafyrirtæki eru mörg hver alþjóðafædd. Íslenski markaðurinn er ekki nógu stór til að hér sé hægt að skapa vaxtarfyrirtæki nema þú þjónir miklum fjölda fólks á almennum neytendamarkaði. Þetta hefur eflaust alltaf verið svona og verður eflaust alltaf svona. Það er líka allt í lagi. Ísland er ekki nafli alheimsins og ekkert að því að þurfa að víkka sjóndeildarhringinn þótt af illri nauðsyn sé.

**Helstu hindranir**
Það er þó ekki tekið út með sældinni að reka fyrirtæki á Íslandi sem ætlar að leggja undir sig heiminn. Fjarlægð frá markaði, háan flutningskostnað og hægan vöxt ber hvað hæst. Svo getur smæð samfélagsins verið vandamál sem skapar okkur oft og tíðum barnalegt viðhorf gagnvart markaðssetningu. Við getum nokkuð auðveldlega fengið símanúmer hjá dagskrárgerðarmanni hjá Kastljósi og fengið þáttinn í heimsókn, en við leikum þetta ekki svo auðveldlega eftir í Bretlandi eða Bandaríkjunum. Það er líka frekar auðvelt að skapa hér orðrómsmarkaðssetningu (e. word of mouth). Þú þarft ekki að ná athygli nema 1.000 manns sem bera orðið áfram og áður en þú veist af veit allt landið af þér. Í hinum stóra heimi er þetta aðeins erfiðara. Þá er aðgengi að fjármagni mjög takmarkað hér á landi, sérstaklega að erlendu fjármagni. Eða öllu heldur, erlent fjármagn á ekki greiðan aðgang að íslenskum sprotafyrirtækjum. Gjaldeyrishöftin og allt það. En það er efni í annan pistil.

**Tækifærin, ó tækifærin**
Því fylgja mýmörg spennandi tækifæri að skapa alþjóðafædd fyrirtæki. Fyrir utan lærdómskúrfuna sem frumkvöðullinn og teymið hans fer í gegnum við það eitt að finna út bestun á flutningsleiðum og hvernig sótt er um gjaldeyri til að geta greitt erlendum birgjum reikninga (já, þetta er skrifað árið 2013), þá fylgja erlendum viðskiptum ný sýn á viðskipti, spennandi vöruþróunarmöguleikar fyrir ókannaða markaði og uppbygging nets af alls konar áhugaverðu fólki. Alþjóðafædd fyrirtæki skapa líka gjaldeyristekjur sem koma sér ekki eingöngu vel fyrir fyrirtækið, heldur einnig samfélagið. Svo ekki sé minnst á tækifærið til að fá að breyta heiminum, þótt ekki væri nema örlítið. Það verður ekki metið til fjár.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-1084

Er fyrirtækið með hjartað á réttum stað?

Tölvukerfið er gjarnan hjartað í starfsemi fyrirtækja. Umsjón þess, hýsing og rekstur krefst hins vegar sérfræðiþekkingar.

Meðan þú einbeitir þér að rekstri fyrirtækisins sjá sérfræðingar Advania um að tölvukerfið þitt sé í réttum takti.

**Menntaskólinn á Akureyri**
Leggur metnað sinn í að bjóða framúrskarandi kennslu á meðan sérfræðingar Advania sjá um rekstur tölvukerfisins.

**MP banki**
Veitir viðskiptavinum sínum úrvals bankaþjónustu með öll gögn á öruggum stað í hýsingarsal Advania.

**Lækning**
Býður upp á viðurkennda sérfræðiþjónustu og trúnaðarupplýsingar eru í öruggu skjóli bak við traustan eldvegg Advania.

**Mannvit**
Sér um faglega verkfræðiráðgjöf og keyrir tölvukerfið sitt á öflugum og áreiðanlegum búnaði frá Advania.



**Ókeypis greining**
Hafðu samband núna – við bjóðum ókeypis greiningu á tölvukerfinu til **15. júní**. Nánari upplýsingar á **www.advania.is/tolvukerfid**.

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania
Welcome to IT

SHARP



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A147B
8 Vöruflokkar
200 Plu númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í notkun
Kr. 49.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A207B
99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A307
99 vöruflokkar.
Allt að 10,000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 89.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
SHARP
EÐALVÉL

Sælugarðar.is
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði
- Öll garðvinna

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt VERÐTILBOÐ. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

upb since 1991
TIMBUR/ÁL GLUGGAR
RENNIHURÐIR, ÁL OG PVC
10 ára reynsla
Gæðavara, góð þjónusta
UPB ehf. Bæjarhrauni 10, Hafnarfirði Sími 555 0066
www.upb.is

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

ÞAKMÁLUN.IS
Símar
899 2008
og
661 7444

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

**ÓLI SMIÐUR**
Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

**TRÖPPUVIÐGERÐIR**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

## Nudd

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-24. Rvk 101, s: 841 6795 Júlíja.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Grasslátt og umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Lítið notuð rafskutla af gerðinni Celebrity 2L til sölu. Keypt árið 2009 í Eirberg og hefur varla verið notuð. Hefur verið geymd inn í bílskúr. Verð er 300.000 kr. Upplýsingar fást í síma 692 9335.



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sogavegur 3, Sími 777 2000.

**TIL SÖLU RAFMAGNSNUDDPOTTUR**
6-8 manna rafmagnsnuddpottur með 16 stútum. Í topplagi. Verð kr. 420.000.- Upplýsingar í síma 893 3191.




www.stolpiehf.is
Geymslugámar
til sölu og leigu
Hafðu samband!
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## til sölu



## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Efstaleiti 5
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5 við Efstaleiti. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli vegna viðbyggingar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Nauthólsvík
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur. Í breytingunni felst að ákvæði um stríðsminjasafn er fellt niður en í stað þess verði ákvæði um að húsin verði fyrir veitingarekstur eða aðra starfsemi og þjónustu sem fellur að nýtingu útivistarsvæði og starfsemi í Nauthólsvík.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 29. maí 2013 til og með 4. júlí 2013**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 4. júlí 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 29. maí 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

**Skaftárhreppur skipulags- og byggingarfulltrúi**

### Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

Í samræmi við 1.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu vegna urðunar á stjórnarsandi. Breytingin felur í sér að sá hluti urðunarsvæðis sem nýttur hefur verið til urðunar ösku úr sorpbrennslu verður nýttur fyrir urðun heimilissorps.

Tillaga þessi ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. Frá 30. maí til og með 11.júlí . Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til 16:00, fimmtudaginn 11.júlí 2013. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, fyrir ofangreindan frests. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna eða umhverfisskýrsluna tejast samþykkir henni.

Fh.Byggingafulltrúa
Vigfús Þór. Hróbjartsson
Fulltrúi á sviði skipulags-og byggingarmála
Skaftár- og Mýrdalshreppi




**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## HEILSA

## Heilsuvörur



**GREEN PEOPLE - ORGANIC LIFESTYLE**
Breyttu um lífstíl og notaðu lífrænt vottaðar snyrtivörur. Dömu, herra, unglinga og barnalína. Sala og dreifing: Ditto ehf, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 14-18. Lau 12-15. S 517-8060, www.ditto.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



**DVERG SCHNAUZER**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

Fyrst.is

**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**
Verslunar - Skrifstofu - Iðnaðar og Lagerhúsnæði
- Allar mögulegar stærðir -
**Hafðu samband. jonvikingur@fyrst.is, Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbíl á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

Til leigu 2 herbergja íbúð á Grandavegi fyrir 55 ára+ með aðgang að mötuneyti, heitum potti, gufubaði o.fl. Leigist rólegum og reglusömum einstakling. Uppl. í s. 661-7000.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÚSAVIÐGERÐIR**
Óska eftir manni í múr og sprunguviðgerðir. Reynsla æskileg. Verður að hafa VSK númer. Uppl. hjá Þórði s. 618 5286.

**MOJO LAUGARVEGI 94**
Óskum eftir sveinum í stólaleigu. Umsóknir berast á mojo.mojo@outlook.com

Óskum eftir starfsmanni í fullt og hlutastarf í uppvask. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

**YFIRÞERNA/ HEADHOUSEKEE**
Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir yfirþernu í fullt starf. 100% trúnaði heitið. 1-2 ára starfsreynsla skilyrði. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

Hressingarskálinn leitar að vaktstjóra á dagvakt, þarf að hafa reynslu af þjónustu störfum og geta stýrt hópi fólks. Um er að ræða langtíma vinnu. Áhugasamir sendið ferilskrá á hresso@hresso.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**RAUDATORGID.IS**
Símastefnumót. Rómantík, skyndikynni, gay karlar. Íslenzkar spjalldömur. Skoða núna.








# OPIÐ HÚS Í DAG kl. 17:00 – 19:00

Aðalhönnuður: **Jón Hrafn Hlöðversson**
Innanhússhönnuður: **Bryndís Eva Jónsdóttir**

- Mikið útsýni
- Vandaður frágangur
- Sérsmíðaðar innréttingar
- Glæsileg lyftuhús

Úlfarsárdalur er náttúruperla í borginni. Leikskóli, grunnskóli og íþróttaaðstaða Fram eru í hverfinu. Hverfið er við stofnbraut og því fljótlegt að fara í bæinn og út úr bænum. Öll verslun og þjónusta í næsta nágrenni. Sundlaug væntanleg í hverfið.









## Friggjarbrunnur 3

Afhending: Október 2013

| | | |
|---|---|---|
| **Íbúð 10** SELD<br>Tveg… …ergja<br>…ELD | **Íbúð 10** SELD<br>Tveg… …ergja<br>…ELD | **Íbúð 103**<br>Fjögurra herbergja<br>127,7 m² **38.9** m.kr. |
| **Íbúð 201**<br>Fjögurra herbergja<br>174,4 m² **51.9** m.kr. | **Íbúð 202**<br>Fjögurra herbergja<br>133.3 m² **39.5** m.kr. | **Íbúð 301**<br>Fjögurra herbergja<br>176,6 m² **57.9** m.kr. |



## Friggjarbrunnur 5

Afhending: Júní 2013

| | | |
|---|---|---|
| **Íbúð 10** SELD<br>Tveg… …ergja<br>…ELD | **Íbúð 10** SELD<br>Tveg… …ergja<br>…ELD | **Íbúð 103**<br>Þriggja herbergja<br>118,8 m² **34.9** m.kr. |
| **Íbúð 20** SELD<br>Fjög… …ergja<br>…ELD | **Íbúð 202**<br>Fjögurra herbergja<br>147.2 m² **43.9** m.kr. | **Íbúð 301**<br>Fimm herbergja<br>165,6 m² **55.9** m.kr. |

FAGUS TRÉSMIÐJA · HÚSASMIÐJAN · RÖNNING · Parki INTERIORS · TENGI · Sólar

☎ **5 900 800**

Ólafur B. Blöndal löggiltur fasteigna- fyrirtækja- og skipasali

FASTEIGNASALAN **fasteign**.is




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 2 | | | 3 | |
| 6 | 7 | | | | 4 | | | |
| | | | 5 | 7 | | 4 | 6 | |
| | 2 | | 8 | 6 | 1 | | | |
| | | | | | | | | 9 |
| 4 | | 7 | 3 | 5 | | | | 2 |
| 7 | 9 | 6 | 4 | | | 5 | | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | 4 | |
| 3 | 4 | | | | 8 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 5 | | | 8 |
| | 2 | | | 8 | | | | |
| 3 | | | | | 1 | | 7 | |
| 8 | 9 | | | | 6 | | | |
| | | 3 | | | | | | 5 |
| 2 | | 4 | 9 | | 8 | | | |
| 4 | | | 8 | | 9 | | 3 | |
| 5 | | | | 2 | 4 | | | |
| 6 | | 1 | | 3 | | 2 | | 9 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 7 | | | | 2 | |
| | 3 | | 4 | | 1 | | 7 | |
| | | 4 | 2 | 6 | | | 3 | 5 |
| | | 1 | 5 | | | | | 3 |
| 9 | | | | | 3 | 2 | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | | 2 | | 4 | 7 | | 6 | |
| 8 | | | | | 6 | | | |
| | 1 | | 9 | | | 7 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 |
| 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 2 | 5 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 6 | 5 | 8 | 3 | 4 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 2 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 4 | 6 | 7 | 1 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 4 | 1 | 5 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 5 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 | 8 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 2 | 5 | 7 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Það gerist aldrei neitt um leið og það gerist. Allt gerist eftir á.“

*Steinunn Sigurðardóttir*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** spil, **8.** slunginn, **9.** fálm, **11.** ullarflóki, **12.** teygjudýr, **14.** rými, **16.** skóli, **17.** hlóðir, **18.** struns, **20. 49,** **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vafra, **3.** frá, **4.** unnusti, **5.** hyggja, **7.** að nokkru leyti, **10.** poka, **13.** hólf, **15.** sólbaka, **16.** skraf, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** ás, **8.** fær, **9.** fum, **11.** rú, **12.** amaba, **14.** pláss, **16.** ma, **17.** stó, **18.** ark, **20.** il, **21.** stál.

**LÓÐRÉTT: 1.** ráfa, **3.** af, **4.** kærasti, **5.** trú, **7.** sumpart, **10.** mal, **13.** bás, **15.** sóla, **16.** mas, **19.** ká.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Eyjapeyinn Nökkvi Sverrisson sigraði á Meistaramóti Skákskóla Íslands sem fram fór síðustu helgi. Í lokaumferðinni mætti hann Jóni Trausta Harðarsyni.**



**Svartur á leik** 22...Dh4! og hvítur gafst upp. Með sigrinum tryggði Nökkvi sér meistaratitil Skákskólans. Mikael Jóhann Karlsson og Dagur Andri Friðgeirsson enduðu í 2.-3. sæti. **www.skak.is** Íslandsmótið í skák hefst á föstudag í efstu hæð Turnsins í Borgartúni.


KFC
Krushers™
Ískaldur og svalandi beytingur
2 fyrir 1
alla virka daga
kl. 14–17
LÍTILL
349
STÓR
499
Milkybar
LION
Krushers
OREO
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
WWW.KFC.IS

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 29. MAÍ 2013**

### Sýningar

**16.00** Sýning nemenda úr 4. og 7. bekk Giljaskóla opnar í Populus tremula, í kjallara Listasafnsins á Akureyri. Yfirskrift sýningarinnar er Nýr norrænn stjörnuhiminn.

### Málþing

**15.00** Íslenska hagsveiflan í alþjóðlegu samhengi er efni málstofu sem haldin verður í fundarsal Seðlabanka Íslands, Sölvahóli. Frummælendur eru Bjarni G. Einarsson, Guðjón Emilsson og Rósa Sveinsdóttir. Málstofan er öllum opin.

### Tónlist

**21.00** Kristján Hrannar spilar rafmagnað píanópopp áður en Svavar Knútur tekur sviðið í tónlistarveislu í Hljóðbergi, tónleikasal Hannesarholts við Skálholtsstíg. Miðaverð er kr. 2.500.

### Leikrit

**20.00** Leikritið Slysagildran, eftir Steinunni Sigurðardóttur, verður sýnt á Gerðubergssafni, Gerðubergi 3-5.



Leikarar eru Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Miðaverð er kr. 2.000.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# Ævintýralegt ferðalag í strætó

TÓNLIST ★★★☆☆

**Routeopia**

Davíð Þór Jónsson lék á píanó. Ilmur Stefánsdóttir ók strætó.

**LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK, 26. MAÍ**

Þeim sem ætlar að læra um tónlist framandi þjóða í háskóla er venjulega bent á að reyna að skilja hana innan frá. Fólk sem lifir og hrærist í vestrænni tónlistarmenningu á erfitt með þetta. Því finnst tónlist framandi þjóða skrýtin, t.d. söngvar tíbetskra búddamunka eða afrískra töframanna. Það leitar að einhverju sem það skilur, mollhljómum, framvindu, fjórskiptum takti, o.s.frv. Þetta eru mistök. Tónlist framandi þjóða lýtur sínum eigin lögmálum og hún byggist á allt annarri hugsun en við eigum að venjast.

Mér datt þetta í hug á tónleikum Davíðs Þórs Jónssonar píanóleikara, sem áttu sér stað í gömlum strætó á sunnudaginn. Í vissum skilningi voru tónleikarnir verri en skelfilegir. Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona keyrði strætóinn, sem hafði verið innréttaður með gamaldags ljósakrónum og heilum flygli. Hávaðinn í gömlum strætó er mun meiri en í dag, og hann yfirgnæfði megnið af píanóleik Davíðs Þórs.

Píanótónlistin sjálf var svo býsna sundurlaus. Hún byrjaði með tilvísunum í ískur sem heyrðist í strætónum þegar hann var að dröslast þunglamalega af stað. Svo breyttist hún í eitthvað sem helst minnti á klezmer-tónlist. Við tók ásláttarverk þar sem Davíð barði með kjuðum á strengina. Og svo datt allt í dúnalogn. Af og til heyrðust þó glefsur úr sígildri tónlist; Fantasíu í d-moll eftir Mozart og Tristan og Isolde eftir Wagner. Gömul íslensk dægurlög urðu líka meira og meira áberandi. En eins og áður sagði heyrðist ekki vel í flyglinum fyrir hávaðanum í strætónum. Útkoman var því vægast sagt undarleg.

Þetta er eitt sjónarmið. En það er líka hægt að líta á Routeopiu allt öðrum augum. Ilmur Stefánsdóttir var á tímabili áberandi fyrir að breyta hversdagslegum hlutum í hljóðfæri. Sérstaklega minnistætt er strauborð með strengjum, eins konar selló. Ég man líka eftir söngkonu sem var með gamaldags nuddpúða um hálsinn og söng þannig Ave Maríu eftir Schubert. Hversdagslegir hlutir öðluðust þannig nýja vídd. Þeim var gefin rödd sem þau venjulega búa ekki yfir.

Horfa má á Routeopiu í þessu ljósi. Þarna var gamall strætó sem undir venjulegum kringumstæðum ætti að lenda á bílakirkjugarði, en var nú kominn með hljóðfæri inn í sig, eins konar hjarta. Það var eins og að honum hefði verið gefin sál, rétt eins og kom fyrir dúkkurnar í Petrúsku eftir Stravinskí á sýningunni Dansar í Eldborg fyrir nokkrum dögum. Þær öðluðust líf fyrir tilstilli töfra. Davíð Þór spann megnið af tónlistarflutningnum sínum út frá urginu í vél strætósins. Vélarhljóðið varð þannig að tónlist. Strætónum var umbreytt í eitthvað allt annað en hann var áður.

Í tónleikasal hefði tónlistin ekki komið vel út. En þetta var ekki tónleikasalur. Maður sat ekki bara hreyfingarlaus í klukkutíma, heldur fór í ferðalag um bæinn. Og mismunandi stöðum tilheyrir oft mismunandi tónlist, mismunandi stemning, sem tónlist Davíðs Þórs hjálpaði manni að upplifa. Hugurinn fór á flug og tónlistin og staðsetningin réð því hvert hann fór. Það var ljúft að sitja í strætónum og láta hugann reika. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Í vissum skilningi voru þetta vondir tónleikar, en í öðrum skilningi frábært ferðalag.

TILBOÐSDAGAR


EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

1.390 kr. kg
á eftirtöldum tegundum,
(tilboðið gildir þessa vikuna, 27. maí til og með 1 júní.)

Hlýrasteikur 1.390 kr.kg
Marineraðar Steinbítssteikur 1.390 kr.kg
Marineraðar Hlýrasteikur 1.390 kr.kg
Löngusteikur 1.390 kr.kg
Marineruð Langa 1.390 kr.kg
Rauðsprettuflök 1.390 kr.kg
Steinbítssteikur 1.390 kr.kg
Grill vertíðin er hafin. 2.390 kr.kg
Laxasteikur á grillið, marineraðar

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is




# Höfum hjálminn alltaf í umferð

Eimskipafélag Íslands og Kiwanishreyfingin færa öllum í 1. bekk reiðhjólahjálm að gjöf í samstarfi við grunnskóla landsins eins og undanfarin 9 ár. Mörg dæmi eru um að hjálmarnir hafi bjargað barnslífi eða komið í veg fyrir slys. Foreldrar eru hvattir til að minna Óskabörn þjóðarinnar á öllum aldri á að nota hjálm þegar þau fara út í umferðina og sýna gott fordæmi með því að nota sjálfir hjálm.

**Ónotaður hjálmur tryggir ekki öryggi neins.**

Fylgstu með **Óskabörnum á Facebook**



**40.000 kollar á 9 árum**

Kiwanis

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

# Farðu að sofa, drengur!

**BAKÞANKAR**
Svavars Hávarðssonar



Í lífi hvers manns verður ekki undan því vikist að tíminn saxar jafnt og þétt á andlegt og líkamlegt atgervi. Hver og einn tekur þessum breytingum af misjafnlega mikilli yfirvegun. Einn fagnar gráum hárum og líkamshlutum á suðurleið – á meðan rætt er um reynslubanka og þroska. Næsti maður grætur yfir eigin spegilmynd og hugsar um liðna tíð með þungum söknuði, og oft í samhengi tapaðra tækifæra.

**BREYTINGARNAR** verða manni ekki alltaf ljósar fyrr en töluvert vatn er runnið til sjávar. Flestir verða þeirra varir í gegnum hversdagslega hluti – því á einhverjum tímapunkti virðast menn nefnilega hætta að meðtaka nýjar stefnur og strauma. Þetta á við um tónlist. Þetta á líka við um klæði og skæði, en ekki síst um tómstundir hvers konar.

**ÉG** veit til dæmis ekki hverju öðru er um það að kenna en „reynslu“ eða „þroska“ að ég fékk brennandi áhuga á steindum. Til skýringar er um að ræða náttúrulegt, einsleitt, fast efni með ákveðna efnasamsetningu og skipulega röðun frumeinda, yfirleitt myndað í ólífrænum ferlum. Í raun er þetta bara fallegur steinn, svo notað sé orðfæri æsku minnar.

**OFT** eru það sakleysislegar athugasemdir frá ókunnugu fólki sem staðfesta að maður er ekki undanþeginn tímans þunga nið. Í mínu tilfelli var það hárgreiðslukonan mín þegar hún spurði hvort hún ætti að raka á mér eyrun. Ég hváði, en samþykkti með semingi. Og nú er skeggrótin ekki bundin við kjálkann á mér.

**EN** kannski eru það blessuð börnin sem eru nákvæmasta mælistikan af þeim öllum. Það er ekki bara að maður sjái bókstaflega tímann líða þegar barnið vex og dafnar, heldur fæst staðfesting á ellimerkjum ekki síður í ljúfsáru spjalli við sakleysingjana. Oft er það að loknum annasömum degi og ég nefni nýlegt dæmi: Atli 6 ára: „Pabbi, í gamla daga vorum við apar, áður en við urðum mannfólk.“ Ég: „Alveg rétt, vinur.“ Atli: „Pabbi, ert þú 45 ára?“ Ég: „Já.“ Atli: „Varst þú api þegar þú varst lítill?“ Ég: „Farðu að sofa, drengur!“



**CHRISTOPHER LEE** Leikarinn gaf út þungarokksplötu á 91 árs afmælinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þungarokk í annað sinn

Leikarinn Christopher Lee gaf út sína aðra þungarokksplötu á 91 árs afmæli sínu þann 27. maí. Honum til halds og trausts var Richie Faulkner, gítarleikari Judas Priest.

Lee hefur undanfarin ár leikið í Star Wars, Lord of the Rings, og Hobbitanum. „Á síðustu plötu, Charlemagne, var þungarokk en ég söng meira í sinfónískum stíl. Þessi plata, The Omens Of Death, verður 100% þungarokk. Ég er ekkert að öskra eða neitt slíkt en þetta er þungarokk engu að síður,“ sagði hann í viðtali við Ultimate Guitar.

# Kvikmyndahátíð barna í fyrsta sinn

Kvikmyndahátíð barna og unglinga verður sett í dag. Fjölbreytt flóra einkennir dagskrána sem er ætluð börnum allt niður í þriggja ára aldur.

„Það er svo mikið til af fínu barnaefni sem er synd að íslensk börn fari á mis við,“ segir Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíó Paradísar sem stendur fyrir Kvikmyndahátíð barna og unglinga.

Hátíðin hefst í dag en hún er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Stefnan er að gera hana að árvissum viðburði. „Síðan ég tók við hjá Bíó Paradís hef ég hugsað hvað það væri gaman að geta boðið börnum upp á alþjóðlegt gæðaefni enda vantar fjölbreytni í kvikmyndaúrvalið fyrir þennan aldur hér á landi. Þetta er liður í að styðja og styrkja kvikmyndamenntun fyrir börn og unglinga.“

Dagskráin er fjölbreytt en hátíðin stendur fram á þriðjudaginn 4. júní. Opnunarmyndin er franska teiknimyndin Ernest og Celestine sem hlaut verðlaun í heimalandi sínu í fyrra en hún er unnin úr vatnslitahreyfimyndum. Ein af áhugaverðari myndum hátíðarinnar er svo leikin mynd um barnavændi í þriðja heiminum. Hún er gerð fyrir börn og sýnd í þeim tilgangi að sýna þeim veruleika annarra barna. Myndin er byggð á sannri sögu og hugsuð fyrir eldri hópa hátíðarinnar. „Það er 15 ára aldurstakmark á þá mynd en það er eingöngu efnisins vegna. Svo erum við með myndir fyrir allt niður í þriggja ára áhorfendur.“ Hægt er að nálgast nánari dagskrá á vefnum Bioparadis.is. **-áp**



**FYRSTA SINN Á ÍSLANDI** Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíó Paradísar, ætlar að gera Kvikmyndahátíð barna og unglinga að árvissum viðburði. Hátíðin er sett í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Afturhvarf til æskunnar

- Á dagskrá hátíðarinnar má finna klassísku myndirnar E.T. the Extra-Terrestrial og Karate Kid. Þær eru sýndar svo foreldrar geti rifjað kvikmyndirnar upp með börnum sínum.
- E.T. kom út árið 1982 í leikstjórn Stevens Spielberg. Kvikmyndin sló í gegn á sínum tíma og hlaut fern Óskarsverðlaun. Myndin hefur verið vinsæl alla tíð síðan og var endurútgefin árið 2002 með aukaefni.
- Karate Kid kom út árið 1984 en leikstjóri hennar er John G. Avildsen. Hún var tilnefnd til einna Óskarsverðlauna á sínum tíma og óhætt segja að ákveðið karateæði hafi gripið um sig meðal ungmenna í kjölfar sýninga myndarinnar.




midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
New York Daily News
PART III
VINSÆLASTI GRÍNÞRÍLEIKUR ALLRA TÍMA! 12
FAST & FURIOUS 6
H.K. - Monitor
T.V. - Bíóvefurinn
EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS 12
THE CROODS L
OBLIVION 12
H.V.A. - FBL
T.K. - Kvikmyndir.is

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HANGOVER III | 5.50, 8, 10.10 | 12 |
| FAST & FURIOUS | 4, 7, 8, 10 | 12 |
| THE CROODS 3D | 4 | L |
| OBLIVION | 5.30, 10.40 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
IT ENDS
NEW YORK DAILY NEWS
FRÁBÆR GRÍNMYND
VINSÆLASTI GRÍNÞRÍLEIKUR ALLRA TÍMA!
THE EPIC FINALE TO THE HANGOVER TRILOGY
PART III
BRADLEY COOPER, ZACH GALIFIANAKIS & ED HELMS ERU STÓRKOSTLEGIR Í NÝJUSTU MYND TODD PHILIPS
EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS
ALL ROADS LEAD TO THIS
H.K. - MONITOR
FAST & FURIOUS 6
12
GATSBY 12
IRON MAN 3
STAR TREK INTO DARKNESS 3D
„STÓRFENGLEG“
„FRÁBÆR“
„EXHILARATING“
J.J. ABRAMS ER MÆTTUR MEÐ BESTU HASARMYND ÞESSA ÁRS! 12

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:20 - 10:50 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 - 8 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10:40 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ALL ROADS LEAD TO THIS
EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS!
FAST & FURIOUS 6
12 LÚXUS
THE PLACE BEYOND THE PINES 12
STAR TREK INTO DARKNESS 12
GATSBY 12
EVIL DEAD

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK | KL. 8 | 12 |
| THE CALL | KL. 10.45 | 16 |
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 3D ÓTEXTAÐ | KL. 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 6 - 9 | 12 |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 | 14 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMA | KL. 10.20 | 16 |
| OBLIVION | KL. 8 | 16 |
| NUMBERS STATION | KL. 6 | 12 |

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

SIGHTSEERS
E.T.
SAGAN AF LILET
JAGTEN
græna ljósið
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS
BARNA KVIKMYNDA HÁTÍÐ — CHILDREN'S FILM FESTIVAL

| | | |
|---|---|---|
| EVRÓPSKAR STUTTMYNDIR | (L) | 18:00 |
| E.T. | (7) | 20:00 |
| SAGAN AF LILET | (15) | 20:00 |
| SIGHTSEERS | (16) | 18:00, 20:00, 22:20 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 22:10 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 22:00 |



KOMDU ÚT AÐ LEIKA!
Sinalco
SUMARLEIKUR SINALCO
Kíktu í tappann og þú gætir unnið.
Glæsilegir vinningar í allt sumar!
Glæsilegir vinningar!
Sláðu inn númerið í tappanum á facebook-síðu Sinalco og þú kemst strax að því hvort þú hafir unnið.
lenovo SONY
Lenovo fartölva
Lenovo spjaldtölvur
Sony myndavélar
Sony Xperia Tipo símar
Sony heyrnartól
500 Sinalco kippur
500 Góu gjafaöskjur
500 vinningar frá KFC og Taco Bell
KFC
TACO BELL
Sinalco
Orange
Sinalco
Mundu að kíkja í tappann!
Fylgstu með á Facebook.com/sinalcoisland
PIPAR\TBWA • SÍA • 130881

## Hvað gerir Aron?



Lars Lagerbäck, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, tilkynnir í dag hverjir verða í hópnum fyrir leikinn gegn Slóveníu á Laugardalsvelli 7. júní.

Fróðlegt verður að sjá hvort Aron Jóhannsson verði valinn í hópinn. Aron hefur verið iðinn við kolann undanfarið ár bæði í Danmörku og Hollandi.

Frammistaða Arons hefur einnig vakið athygli Jürgens Klinsmann, landsliðsþjálfara Bandaríkjanna. Aron á íslenska foreldra en bjó í Bandaríkjunum til þriggja ára aldurs. Hann er því með bandarískt ríkisfang og gæti því kosið að spila fyrir Bandaríkin þar sem hann hefur ekki spilað fyrir A-landslið Íslands enn sem komið er.

Bandaríkin mæta Jamaíka þann 7. júní. Því gæti komið upp sú staða að Aron þyrfti að velja á milli landsliðanna strax á morgun. Aron hefur verið þögull sem gröfin undanfarna mánuði varðandi valið. -ktd

## Handboltinn mættur aftur í Vesturbæ

**HANDBOLTI** KR tilkynnti í gær að meistaraflokkur karla hjá félaginu hefði verið endurvakinn. Vesturbæingar ætla að byggja flokkinn upp hægt og rólega en þurfa þó að vera klárir með lið ekki síðar en þegar flautað verður til leiks í 1. deild í haust.

Arnar Jón Agnarsson verður þjálfari liðsins en KR-ingar hafa ekki starfrækt meistaraflokk síðan 2005 er félagið sleit samstarfi við Gróttu. Á sama tíma hafa KR-ingar byggt upp yngri flokka félagsins með ágætum árangri.

„Við fundum fyrir því hjá yngri iðkendum að fyrirmyndir og markmið skorti,“ segir Jón Þór Víglundsson, formaður handknattleiksdeildar.

Enginn 2. flokkur hefur heldur verið starfræktur í Vesturbænum þannig að leikmenn hafa þurft að leita í önnur hús að loknum 3. flokki eða einfaldlega hætta. Meistaraflokkurinn verður starfræktur í náinni samvinnu við 3. flokk félagsins. Ætlunin er að fá þá leikmenn sem gengið hafa upp úr 3. flokki undanfarin ár heim á nýjan leik.

Arnar Jón er örvhent skytta og útilokar ekki að spila með liðinu meðfram því að þjálfa. -ktd



**HANDSALAÐ** Arnar Jón Agnarsson (t.v.) og Jón Þór Víglundsson í Vesturbænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## PEPSI DEILDIN 2013

ÚRSLIT

**SELFOSS - ÍBV 1-2**

0-1 Elísa Viðarsdóttir (41.), 1-1 Eva Lind Elíasdóttir (53.), 1-2 Guðrún Bára Magnúsdóttir (70.)

**VALUR - STJARNAN 0-2**

0-1 Danka Podovac (83.), 0-2 Megan Manthey (85.)

**AFTURELDING - BREIÐABLIK 0-3**

0-1 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (31.), 0-2 Rakel Hönnudóttir (18.), 0-3 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (68.)

**HK/VÍKINGUR - FH 2-2**

1-0 Sjálfsmark (8.), 1-1 Guðrún Björg Eggertsdóttir (14.), 1-2 Ashley Hincks (51.), 2-2 Karen Sturludóttir (68.)

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 5 | 5 | 0 | 0 | 20-1 | 15 |
| Breiðablik | 5 | 5 | 0 | 0 | 15-4 | 15 |
| ÍBV | 5 | 3 | 1 | 1 | 16-9 | 10 |
| Þór/KA | 5 | 2 | 2 | 1 | 12-7 | 8 |
| Selfoss | 5 | 2 | 1 | 2 | 6-7 | 7 |
| Valur | 5 | 1 | 2 | 2 | 12-8 | 5 |
| FH | 5 | 1 | 2 | 2 | 8-13 | 5 |
| Afturelding | 5 | 1 | 1 | 3 | 3-14 | 4 |
| HK/Víkingur | 5 | 0 | 1 | 4 | 8-23 | 0 |
| Þróttur | 5 | 0 | 0 | 5 | 1-15 | 0 |

## Jón Arnór í undanúrslitin

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson skoraði 13 stig fyrir CAI Zaragoza þegar liðið tryggði sér sæti í undanúrslitum spænska körfuboltans með 83-77 útisigri á Valencia.

Zaragoza steinlá í fyrsta leik liðanna í Valencia en vann svo sigur í þríframlengdum öðrum leiknum. CAI Zaragoza mætir Real Madrid í undanúrslitum. -ktd

# Ekki hættir í handbolta

Handboltalið Akureyrar verður mikið breytt á næstu leiktíð. Þrír af bestu leikmönnum liðsins eru horfnir á braut en skörðin verða fyllt af efnilegum leikmönnum. Akureyringar eru langt frá því að leggja árar í bát.

**HANDBOLTI** Á síðustu vikum hafa þrír af lykilmönnum Akureyrarliðsins horfið á braut. Það eru þeir Geir Guðmundsson, Guðmundur Hólmar Helgason og Oddur Gretarsson. Þá hefur annar þjálfara liðsins, Heimir Örn Árnason, lagt skóna á hilluna.

Þetta eru ansi stór skörð að fylla hjá norðanmönnum. Þeir hafa þegar samið við þrjá unga leikmenn sem fá það verkefni að fylla skörðin. Þess utan ætla Akureyringar að næla sér í sterkan útlending.

„Við erum ekkert hættir í handbolta. Það kemur ekki til greina. Við vitum samt að við þurfum að spýta í lófana og fá fleiri leikmenn því við missum menn suður í skóla sem og í atvinnumennsku,“ segir Bjarni Fritzson, annar þjálfara liðsins.

„Það er engin sérstök stefna að vera með unga og efnilega leikmenn. Við erum að fá mjög spennandi leikmenn. Hér hafa líka ungir og efnilegir leikmenn fengið þjálfun og tíma til þess að verða enn betri. Við erum mjög ánægðir með þessa stráka sem við vorum að fá og lögðum okkur eftir því að fá þá.“

Strákarnir sem eru komnir eru Þrándur Gíslason frá Aftureldingu, Gunnar Kristján Þórsson frá Val og Kristján Orri Jóhannsson úr Gróttu. Efnilegir strákar en ekki með sömu reynslu og þeir sem eru farnir.

„Við erum ekki hættir á leikmannamarkaðnum. Það verður örugglega einn erlendur og svo erum við að ræða við fleiri íslenska stráka,“ segir Bjarni.

Akureyringar eru stoltir af því hversu vel þeim hefur gengið að búa til leikmenn. Bæði Geir og Guðmundur, sem eru farnir í Val, hafa verið valdir efnilegustu leikmenn deildarinnar og nú síðast var Bergvin Gíslason valinn sá efnilegasti.

„Það er mikil gróska hjá okkur. Við erum með 22 manna æfingahóp núna þar sem eru margir ungir og flottir strákar. Þessir strákar eru til í að leggja mikið á sig. Við njótum góðs af því að bæði Þór og KA eru að vinna mjög gott starf. 2. flokkurinn okkar er líklega sá stærsti á landinu en við vorum með tvö lið í fyrra og líklega tvö á næsta ári.“

Norðanmenn starfrækja líka akademíu þar sem efnilegustu strákarnir fá enn meiri þjálfun.

„Við fórum í samstarf við KA og Þór með þessa akademíu. Þá veljum við stráka frá sjöunda bekk og upp í tíunda bekk. Þar fara þeir á tækniæfingar hjá okkur í lotum yfir veturinn. Þarna kynnast strákarnir í liðunum og vinna í atriðum sem eru mikilvæg,“ segir Bjarni. Svo vel hefur tekist til með akademíuna að til stendur að stækka hana enn frekar.

Þrátt fyrir miklar breytingar á liðinu ætla Akureyringar að vera með samkeppnishæft lið.

„Það er auðvitað langt í tímabilið. Síðasta tímabil var vonbrigði hjá okkur en við viljum setja saman gott lið sem mun berjast um að komast í úrslitakeppnina. Í svona stöðu er bara hægt að gera tvennt. Að spyrna við fótum eða leggjast niður og deyja. Við höfum engan áhuga á seinni kostinum.“

henry@frettabladid.is

## Utan til æfinga



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Akureyringar eru á leið utan í keppnisferð um miðjan ágúst þar sem liðið fær að spila við mjög sterk erlend lið. „Þar mætum við mínu gamla félagi frá Frakklandi, St. Raphael. Þýsku úrvalsdeildarliðin Wetzlar og Gummersbach verða víst þarna líka sem og besta liðið í Hvíta-Rússlandi, Dinamo Minsk,“ segir Bjarni þjálfari. „Það er ótrúlega gott fyrir unga stráka að komast á svona alvöru mót. Þá geta þeir borið sig saman við alvöru atvinnumenn og séð hvar þeir standa. Draumur flestra er að komast í atvinnumennsku og þeir sjá á þessu móti hvað þeir þurfa að gera til þess að komast þangað.“

POTTURINN ER TVÖFALDUR OG STEFNIR Í

350 MILLJÓNIR

200.000.000
+150.000.000




SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 200 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 150 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

FITON / SÍA




**AJAX** Kolbeinn Sigþórsson með Ajax-treyjuna sem hann gefur til styrktar Sumarbúðum í Reykjadal. MYND/AÐSEND

# Hetjurnar gefa treyjur sínar

**FÓTBOLTI** Yfir fimmtíu af fremstu knattspyrnukonum og -körlum Íslands hafa áritað og gefið treyju sína til styrktar Sumarbúðum í Reykjadal. Landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson stendur fyrir verkefninu en sumarbúðirnar fagna 50 ára afmæli sínu um þessar mundir.

Með því að hringja í síma 901-7171 renna 2.000 krónur óskiptar til sumarbúðanna. Um leið fara hringjendur í pott þar sem 50 heppnir vinna áritaðar treyjur knattspyrnustjarna Íslands. Dregið verður þann 11. júní.

Hér að neðan má sjá þá leikmenn sem gefið hafa treyjur sínar til styrktar verkefninu. -ktd

**ENGLAND**
**Tottenham:** Gylfi Þór Sigurðsson.
**Cardiff:** Aron Einar Gunnarsson, Heiðar Helguson.
**Wolves:** Eggert Gunnþór Jónsson.
**Rotherham:** Kári Árnason.
**Liverpool:** Katrín Ómarsdóttir.
**Chelsea:** Edda Garðarsdóttir, Ólína G. Viðarsdóttir.

**ÞÝSKALAND**
**Bochum:** Hólmar Örn Eyjólfsson.

**ÍTALÍA**
**Pescara:** Birkir Bjarnason.
**Verona:** Emil Hallfreðsson.

**NOREGUR**
**Brann:** Birkir Már Sævarsson.
**Lilleström:** Pálmi Rafn Pálmason.
**Viking:** Indriði Sigurðsson, Jón Daði Böðvarsson.
**Hönefoss:** Kristján Örn Sigurðsson, Arnór Sveinn Aðalsteinsson.
**Sandnes Ulf:** Steinþór Freyr Þorsteinsson.
**Sarpsborg:** Guðmundur Þórarinsson, Þórarinn Ingi Valdimarsson, Ásgeir Börkur Ásgeirsson, Haraldur Björnsson.
**Start:** Matthías Vilhjálmsson, Guðmundur Kristjánsson.
**Ull/Kisa:** Stefán Logi Magnússon.
**Avaldsnes:** Hólmfríður Magnúsdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Mist Edvardsdóttir.
**Kolbotn:** Fanndís Friðriksdóttir.
**Arna-Björnar:** Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir.
**Vålerenga:** Sandra Sif Magnúsdóttir.

**SVÍÞJÓÐ**
**AIK:** Helgi Valur Daníelsson.
**Norrköping:** Gunnar Heiðar Þorvaldsson.
**Halmstad:** Kristinn Steindórsson, Guðjón Baldvinsson.
**Elfsborg:** Skúli Jón Friðgeirsson.
**Mjällby:** Hannes Þ. Sigurðsson.
**Sundsvall:** Ari Freyr Skúlason, Jón Guðni Fjóluson.
**Umeå:** Katrín Jónsdóttir.
**Kristianstad:** Margrét Lára Viðarsdóttir, Guðný B. Óðinsdóttir, Sif Atladóttir.
**Malmö:** Þóra B. Helgadóttir, Sara B. Gunnarsdóttir.
**Piteå:** Hallbera Guðný Gísladóttir.

**DANMÖRK**
**FC København:** Rúrik Gíslason.
**SönderjyskE:** Hallgrímur Jónasson.
**Randers:** Theódór Elmar Bjarnason.
**Esbjerg:** Arnór Smárason.
**Silkeborg:** Bjarni Þór Viðarsson.
**Vejle-Kolding:** Davíð Þór Viðarsson.

**BELGÍA**
**Cercle Brugge:** Arnar Þór Viðarsson.
**Zulte-Waregem:** Ólafur Ingi Skúlason.
**Club Brugge:** Eiður Smári Guðjohnsen.
**OH Leuven:** Stefán Gíslason.

**TYRKLAND**
**Kayserispor:** Grétar Rafn Steinsson.

**HOLLAND**
**Ajax:** Kolbeinn Sigþórsson.
**AZ Alkmaar:** Jóhann Berg Guðmundsson, Aron Jóhannsson.
**NEC Nijmegen:** Guðlaugur Victor Pálsson.
**Heerenveen:** Alfreð Finnbogason.



# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### > Stöð 2 kl. 20.55
### Dallas

Glæný þáttaröð af Dallas hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Frændurnir Christopher og John Ross bítast enn um yfirráðin í fjölskyldufyrirtækinu Ewing Oil og hafa tekið upp erjur feðra sinna um þessi sömu málefni. Að vanda blandast inn í málin ástir og afbrýði, svik og baktjaldamakk og gera þáttaröðina afar spennandi.





### Accused II

**RÚV KL. 21.00** Í þætti kvöldsins verður saga hárgreiðslukonunnar Mo Murray skoðuð. Hún lendir í verstu martröð hvers foreldris þegar sonur hennar er myrtur af gengi. Hlutirnir versna enn frekar þegar í ljós kemur að annar sonur hennar tók í gikkinn.

**TV.COM** 8,2 **IMDb** 7,6



### Date Night

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.30** Grínistarnir Steve Carrell og Tina Fey fara með aðalhlutverkin í þessari gamanmynd um miðaldra hjón sem hafa gleymt sér í hversdagsleikanum. Þau taka sig til eitt kvöldið og fara á langþráð stefnumót sem breytist í ævintýraríkt kvöld.

56/100 **IMDb** 6,3



### Solsidan

**SKJÁR 1 KL. 21.00** Þrátt fyrir að tannlæknirinn Alex Löfström hafi alist upp í bænum Saltsjöbaden á hann erfitt með að venjast furðufuglunum þar þegar hann flytur aftur heim á fullorðinsárum. Kærastan hans, Anna Svensson, á svo ekki síður erfitt með það.

**IMDb** 7,2

### Bylgjan 98,9 KL.9.00
### Ívar Guðmundsson



Ívar Guðmundsson stýrir persónulegum morgunþáttum á Bylgjunni, alla virka daga. Tónlistin spilar aðalhlutverkið í þáttunum þótt Ívar fái stundum góða gesti í hljóðverið.


17. júní 2013 í Reykjavík

**Umsóknir um sölutjöld**

Þeir sem óska eftir aðgang að sölutjöldum á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2013, geta sótt umsóknareyðublöð og allar upplýsingar á www.skataland.is
Skila þarf umsóknum fyrir **föstudaginn 5. júní** fyrir kl. 16.00 í Skátamiðstöðina Hraunbæ 123.

Vakin er athygli á því, að lausasala á hátíðarsvæðinu er bönnuð. Stæði fyrir sölutjöld er ekki veitt einkaaðilum, heldur einungis félögum og samtökum sem sinna æskulýðs og íþróttastarfi í Reykjavík.

Þjóðhátíðarnefnd Reykjavíkur | Skátasamband Reykjavíkur

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU
EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS

LADDI LENGIR LÍFIÐ




SÍÐASTA SÝNING FYRIR SUMARFRÍ ER 8.JÚNÍ

Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In The Middle** *(12:22)*
**08.30** **Ellen** *(155:170)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(91:175)*
**10.20** **Cougar Town** *(18:22)*
**10.50** **The No. 1 Ladies' Detective Agency** *(2:7)*
**11.50** **Grey's Anatomy** *(13:24)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Suits** *(12:12)*
**13.45** **Hot In Cleveland** *(5:10)*
**14.10** **Chuck** *(11:13)*
**14.55** **Last Man Standing** *(12:24)*
**15.15** **Big Time Rush**
**15.35** **Tricky TV** *(13:23)*
**16.00** **Nornafélagið**
**16.25** **Ellen** *(156:170)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Big Bang Theory** *(12:23)*
**19.40** **New Girl** *(9:25)*
**20.05** **Hið blómlega bú** Ný íslensk þáttaröð um kokkinn Árna Ólaf Jónsson sem lét draum sinn rætast um líf í íslenskri sveitasælu.
**20.30** **Go On** *(18:22)*
**20.55** **Dallas**
**21.40** **Lærkevej** *(2:10)*
**22.25** **Philanthropist** *(6:8)* Mögnuð þáttaröð sem segir frá milljarðamæringnum og glaumgosanum Teddy Rist sem lifir skrautlegu lífi í skugga sorgar.
**23.10** **NCIS** *(23:24)*
**23.55** **Grimm** *(7:22)*
**00.40** **Vice** *(1:10)*
**01.25** **Sons of Anarchy** *(11:13)*
**02.10** **American Horror Story** *(5:12)*
**02.50** **Fringe** *(9:22)*
**03.30** **Stir of Echoes: The Homecoming**
**05.05** **Dallas**
**05.45** **Fréttir og Ísland í dag**

## BÍÓ

**12.50** **Monte Carlo**
**14.40** **Unstable Fables**
**15.55** **Date Night**
**17.25** **Monte Carlo**
**19.15** **Unstable Fables**
**20.30** **Date Night**
**22.00** **The Next Three Days**
**00.10** **Volcano**
**01.50** **The Expendables**
**03.35** **The Next Three Days**

## GULL

**20.00** **Einu sinni var** *(7:22)*
**20.30** **Krøniken** *(18:22)*
**21.30** **Ørnen** *(18:24)*
**22.30** **Breaking Bad** *(3:7) (4:7)*
**00.10** **Einu sinni var** *(7:22)*
**00.40** **Krøniken** *(18:22)*
**01.40** **Ørnen** *(18:24)*
**02.40** **Tónlistarmyndbönd**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Austurdeildin: Indiana - Miami, leikur 4**
**15.10** **Þýski handboltinn: Neuhausen - RN Löwen**
**16.30** **Pepsi deildin: Fylkir - Þór**
**18.20** **Spænsku mörkin**
**18.50** **England - Írland** BEINT
**21.00** **2013 Augusta Masters samantekt**
**21.55** **Pepsi mörkin 2013**
**23.15** **England - Írland**
**01.00** **Vesturdeildin: San Antonio - Memphis, leikur 5** BEINT

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00** **Crystal Palace - Watford**
**20.00** **Football League Show 2012/13**
**20.30** **Goals of the Season 2012/2013**
**21.25** **Aston Villa - QPR**
**23.10** **Southampton - Man. City**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** UKI **07.20** Waybuloo **07.40** Svampur Sveinsson **08.05** Könnuðurinn Dóra **08.25** Strumparnir **08.50** Áfram Diego, áfram! **09.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.35** Histeria! **09.55** Skógardýrið Húgó **10.20** Brunabílarnir **10.40** Skógardýrið Húgó **11.05** Doddi litli og Eyrnastór **11.15** Njósnaraskólinn **11.40** Sorry I've Got No Head **12.05** Ofuröndin **12.25** iCarly (**17:25**) **12.50** Victourious **13.10** Big Time Rush **13.30** Lalli **13.40** Refurinn Pablo **13.50** Strumparnir **14.15** Waybuloo **14.35** Svampur Sveinsson **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.25** Áfram Diego, áfram! **15.45** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.10** Histeria! **16.35** Skógardýrið Húgó **17.00** Brunabílarnir **17.25** Doddi litli og Eyrnastór **17.35** Njósnaraskólinn **18.00** Sorry I've Got No Head **18.25** Ofuröndin **18.45** iCarly (**17:25**) **19.10** Big Time Rush **19.35** Victourious

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Á ferð og flugi

## POPP TíVí

**17.00** **Simpson-fjölskyldan** *(2:22) (2.22)*
**17.20** **Íslenski listinn**
**17.50** **Sjáðu**
**18.15** **Pretty Little Liars** *(18:22)*
**19.00** **Friends**
**19.25** **Two and a Half Men** *(21:24)*
**19.45** **Simpson-fjölskyldan**
**20.10** **The Cleveland Show** *(6:22)*
**20.35** **Funny or Die** *(7:10)*
**21.00** **FM 95BLÖ**
**21.20** **Arrow** *(20:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af.
**22.05** **The Secret Circle** *(3:22) (4:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
**23.35** **The Cleveland Show** *(6:22)*
**00.00** **Funny or Die** *(7:10)*
**00.25** **FM 95BLÖ**
**00.50** **Arrow** *(20:23)*
**01.35** **The Secret Circle** *(3:22) (4:22)*
**03.05** **Tónlistarmyndbönd**

## RÚV

**16.10** **Golfið** *(1:12) (e)*
**16.40** **Læknamiðstöðin** *(10:22) (Private Practice V) (e)*
**17.25** **Franklín**
**17.50** **Geymslan** *(e)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Hið sæta sumarlíf** *(2:6) (Det søde sommerliv) (e)*
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Síðasti tangó í Halifax** *(2:6) (Last Tango in Halifax)* Bresk myndaflokkur. Celia og Alan eru á áttræðisaldri og hafa bæði misst maka sína. Barnabörn þeirra skrá þau á Facebook og í framhaldi af því blása þau í glæður eldheits ástarsambands sem hófst meira en 60 árum áður.
**21.00** **Sakborningar – Saga Mo** *(Accused II)* **Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **EBBA-verðlaunin 2013** *(EBBA Awards)* Sýnt frá afhendingu EBBA-verðlaunanna á Eurosonic-hátíðinni í Groningen í Hollandi í janúar. Íslenska hljómsveitin Of Monsters and Men eru á meðal þeirra sem koma fram.
**23.50** **Kastljós** *(e)*
**00.15** **Fréttir**
**00.25** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.10** **America's Funniest Home Videos** *(21:48)*
**07.35** **Everybody Loves Raymond** *(7:25)*
**07.55** **Cheers** *(12:22)*
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **Pepsi MAX tónlist**
**16.05** **The Good Wife** *(5:23)*
**16.50** **Design Star** *(9:10)*
**17.40** **Dr. Phil**
**18.20** **Once Upon A Time** *(21:22)*
**19.05** **America's Funniest Home Videos** *(22:48)*
**19.30** **Everybody Loves Raymond** *(8:25)*
**19.50** **Cheers** *(13:22)*
**20.15** **Psych** *(3:16)*
**21.00** **Solsidan** *(10:10)* Það er komið að lokaþætti í þessum vinsælu þáttum um furðufuglana í Saltsjöbaden.
**21.25** **Blue Bloods** *(14:23)*
**22.10** **Common Law** *(3:12)*
**23.00** **The Borgias** *(4:9)*
**23.45** **The Walking Dead** *(16:16)*
**00.35** **Lost Girl** *(9:22)*
**01.20** **Excused**
**01.45** **Blue Bloods** *(14:23)*
**02.35** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Crowne Plaza Invitational **2013** *(3:4)* **12.40** Golfing World **13.30** Crowne Plaza Invitational **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour *(21:47)* **19.20** Ryder Cup Official Film **2006** **20**.40 Champions Tour - Highlights *(9:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(22:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(21:45)* **23.45** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

www.dominos.is sími 58·12345

Domino's Pizza

# LOKUM Í KVÖLD KL.20.00

Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.

Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!



OPIÐ Í SKEIFUNNI

## BÓKIN



**„Ég er að lesa Rauðbrysting eftir Jo Nesbø. Ég hef ekki lesið mikið eftir Nesbø en ég er búinn með þriðjung og held að þetta sé vel þess virði að klára.“**

Sverrir Berg Steinarsson, höfundur glæpasögunnar Drekans.

# Seldi 125 þúsund eintök á fimm dögum

Snæbjörn Arngrímsson gefur út nýjustu bók Dans Brown sem slær í gegn í Danmörku.

„Þetta er framar okkar björtustu vonum,“ segir Snæbjörn Arngrímsson, eigandi bókaútgáfunnar Hr. Ferdinand í Danmörku sem gefur út bækur spennusagnahöfundarins Dans Brown þar í landi.

Nýjasta bók Browns, Inferno, kom út í Danmörku um miðjan maí og fyrsta upplagið, 125 þúsund eintök, seldist upp á aðeins fimm dögum. „Við fengum mikla kynningu áður en bókin kom út í fjölmiðlum. Við vorum eitt af tólf löndum sem fengu leyfi til að gefa út bókina á sama tíma og í Bandaríkjunum en þetta er í fyrsta sinn sem höfundurinn gefur leyfi fyrir slíku,“ segir Snæbjörn, sem þurfti að lúta ströngum öryggisskilyrðum í aðdraganda útgáfunnar.




Þýðandi á vegum Snæbjörns var sendur til Lundúna þar sem hann fékk tvo mánuði til að þýða bókina í kjallara í netlausri tölvu með vopnaða verði yfir sér. Ritstýra bókarinnar fékk svo það hlutverk að sækja danska textann til London þar sem hann var afhentur henni á usb-lykli hönnuðum af CIA sem hún varð að lofa að gæta sem sjáaldurs auga síns.

„Hún endaði með að ferðast með lykilinn í brjóstahaldaranum sínum til Danmerkur. Þetta var ævintýralegt. Við höfum aldrei upplifað annað eins.“ Bókin kemur út hér á landi síðsumars. -áp

➜ Inferno er fjórða bókin í seríu Dans Brown um Robert Langdon.



**ÁNÆGÐUR** Snæbjörn Arngrímsson seldi 125 þúsund eintök af bókinni Inferno á fimm dögum í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/EOL

# Textinn er háðsádeila

Söngkonan Védís Hervör hefur sent frá sér nýtt lag.

Védís Hervör hefur sent frá sér lagið White Picket Fence. Það verður á þriðju sólóplötu hennar sem er í undirbúningi og er væntanleg síðar á árinu.

„Þetta er háðsádeila á hina týpísku úthverfaást,“ segir Védís, spurð út í lagið. „Það fjallar líka um ástarjátningar eins og þær geta verið ótrúlega öfgakenndar. Maður setur líka oft hvíta girðingu í kringum líf sitt. Það er stundum svolítil keppni í að hafa umgjörðina fína,“ segir hún.

Sex ár eru liðin síðan síðasta plata hennar, Beautiful Life – Recovery Project, kom út við góðar undirtektir.

„Síðan þá er ég komin með tvo litla gaura og búin að fara í meira háskólanám.“ -fb

**16** Védís Hervör steig fyrst fram í sviðljósið 16 ára með laginu Finished Melody.



**VÉDÍS HERVÖR** Védís hefur sent frá sér nýtt lag.




# Cannes-verðlaunahafi ræðst í nýtt verkefni

Guðmundur Arnar er kominn með vilyrði fyrir sínu næsta verkefni, kvikmynd í fullri lengd sem ber heitið Hjartasteinn. Handritið að myndinni er þegar tilbúið.

„Næsta verkefni hjá mér er kvikmynd í fullri lengd sem kallast Hjartasteinn. Handritið að henni er tilbúið og það er þegar komið velyrði fyrir að fjármagna hana,“ segir handritshöfundurinn og framleiðandinn Guðmundur Arnar Guðmundsson, sem kom heim af kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrrakvöld með dómaraverðlaun í vasanum.

Guðmundur Arnar varði tíu dögum á hátíðinni þar sem stuttmynd hans, Hvalfjörður, hlaut sérstök dómaraverðlaun. „Þetta var svakaleg upplifun. Stöðugar uppákomur, tengslamyndun og endalaust af partíum. Ef ég verð svo heppinn að fá að fara þangað aftur einhvern daginn ætla ég að undirbúa mig betur líkamlega. Vera duglegur að fara út að hlaupa og svona áður til að safna upp orku,“ segir Guðmundur og hlær. Hann segist hafa rekist á nokkra fræga einstaklinga þar ytra og nefnir sem dæmi Steven Spielberg, Umu Thurman og leikkonuna úr Amélie, Audrey Tautou, sem var að hans sögn verulega heillandi og enn þá sætari í raunveruleikanum en í myndinni. „Svo var ég alltaf að lenda í því að þekkja ekki þá sem ég var að tala við og spyrja þá hvað þeir gerðu. Það var frekar vandræðalegt þegar mér var bent á að þetta væru frægir leikarar,“ segir hann.

Guðmundur segir verðlaunin hafa gríðarlega þýðingu fyrir sig. „Það að hafa verið valinn inn á hátíðina var risastórt stökk. Verðlaunin gerðu stökkið svo enn lengra og ættu að auðvelda okkur að fá stuðning við verkefni hér eftir. Við nýttum tækifærið og kynntum Hjartastein vel á meðan við vorum úti svo það verður spennandi að sjá hvort fleiri stígi fram í kjölfarið og vilji taka þátt í henni.“

Hjartasteinn fjallar um samband tveggja unglingspilta sem búa í smábæ úti á landi. Fylgst er með þeim þegar kynþroskann ber að garði og þeir byrja að upplifa ástina. Málin flækjast svo þegar annar vinurinn byrjar að finna fyrir tilfinningum í garð hins. Stefnt er á að tökur á myndinni hefjist næsta sumar. tinnaros@frettabladid.is



**GÓÐIR VINIR** Guðmundur Arnar er hér lengst til hægri, ásamt vinum sínum, Kóreumanninum Moon Byung-gon, sem vann Gullpálmann, og Ítalanum Adriano Valerio, sem vann líka sérstök dómaraverðlaun. Þeir urðu allir miklir vinir í Cannes. NORDICPHOTOS/AFP

## Besti árangur íslenskrar myndar í Cannes

„Venjulega er Gullpálminn einu verðlaunin sem eru veitt í þessum flokki en dómnefndin hefur leyfi til að veita þessi dómaraverðlaun ef þau eru ekki sammála. Ég veit samt ekki til þess að tvenn dómaraverðlaun hafi verið veitt áður eins og núna,“ segir Guðmundur Arnar.

Hvalfjörður var ein níu mynda sem valdar voru til þátttöku á kvikmyndahátíðinni í Cannes, en 3.500 myndir voru sendar inn í keppnina. Hún er þriðja íslenska stuttmyndin í sögunni til að vera valin til þátttöku og sú fyrsta sem hefur hlotið verðlaun.

Það var myndin SAFE sem hlaut aðalverðlaunin í flokki stuttmynda en auk Hvalfjarðar hlaut myndin 37°4 S dómaraverðlaun. „Það var skemmtilegt að þessar myndir skyldu fá verðlaun því ég og leikstjórar hinna tveggja urðum allir svo góðir vinir þarna úti. Það var því frábært að við gátum allir fagnað saman,“ segir Guðmundur.

# Kennir landsbyggðinni að dansa

Margrét Erla Maack gefur sjálfa sig en safnar peningum fyrir bensíni og frönskum.

„Ég hef margoft verið beðin um að koma með námskeiðin út á land og bara síðan þessi hippa-hugmynd spurðist út er ég búin að fá yfir 30 pósta þar sem fólk er að biðja mig um að koma í sinn heimabæ,“ segir dansarinn og sjónvarpskonan Margrét Erla Maack.

Margrét Erla hyggst verja sumarfríinu sínu á ferðalagi um landið að bjóða upp á ókeypis dansnámskeið. Til að geta hrint hugmyndinni í framkvæmd hefur hún farið af stað með söfnun á heimasíðunni karolinafund.com og segist þurfa 200.000 krónur til að dæmið gangi upp. „Þó að ég sé öll af vilja gerð að gefa sjálfa mig þá þarf ég að eiga fyrir bensíni og frönskum á leiðinni,“ segir hún. „75% þeirra sem hafa gefið í söfnunina núna eru karlkyns en ég treysti því að konurnar séu að taka sig saman um stærri áheitin,“ bætir hún við.

Margrét hefur kennt magadans, Bollywood- og Beyoncedansa í Kramhúsinu í sex ár og verður með alla þá stíla í boði í sumar. Hún segir tímana henta öllum, líka byrjendum sem hafa aldrei dansað áður. „Amma mín kom á magadansnámskeið hjá mér þegar hún var 76 ára og fannst það geggjað. Hún hefur verið óstöðvandi síðan, alltaf að hella á sig ólífuolíu og dansa um íbúðina sína,“ segir Margrét. - trs



**DANS FYRIR ALLA** Margrét Erla er búin að kenna dans í sex ár og segir tímana sína henta öllum.

**75%** þeirra sem hafa þegar heitið á Margréti eru karlmenn.


MIÐASALAN HEFST Í DAG KL. 10!
FRANK OCEAN
LAUGARDALSHÖLL 16. JÚLÍ
WWW.SENA.IS/FRANK
MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Úr ráðherrastól í mótmæli

Mikill fjöldi safnaðist saman fyrir framan Stjórnarráðið í gær. Vakin var athygli á mikilvægi þess að vernda náttúruna og þrýst var á Sigmund Davíð forsætisráðherra að endurmeta stefnu sína og ríkisstjórnarinnar í virkjanamálum við endurskoðun rammaáætlunar. Á meðal mótmælenda mátti sjá fyrrverandi ráðherrana **Svandísi Svavarsdóttur** og **Álfheiði Ingadóttur**, Andra Snæ Magnússon rithöfund og Ómar Ragnarson. Þá mátti einnig sjá kvikmyndagerðarmanninn Árna Sveinsson og leikkonuna Sögu Garðarsdóttur.

**- mlþ**



### Hjálpsamur markvörður

Englendingurinn **David James**, markvörður ÍBV í fótbolta, þykir hafa smellpassað inn í samfélagið í Vestmannaeyjum eftir að hann fluttist þangað í vor. James vann sér inn nokkur stig utanvallar þegar hann var staddur í versluninni Krónunni á dögunum. Eldri kona stóð við afgreiðslukassann og dundaði sér ein við að setja matvörur ofan í poka. Henni fórst verkið hægt úr hendi þannig að James beið ekki boðanna, gekk aftast úr röðinni, hjálpaði henni að setja vörurnar í pokann og fór svo með hann út í bíl fyrir hana. Konan þakkaði James innilega fyrir greiðviknina og gaf honum stóran plús í kladdann, rétt eins og aðrir Eyjamenn sem fylgdust með.

**- trs**



## Mest lesið vísir

1 Loftsteinn á leiðinni
2 Matthías Máni ákærður fyrir að ráðast á fangavörð
3 Henti mömmu sinni af sjöttu hæð og stökk á eftir henni
4 Lík Önnu Kristínar Ólafsdóttur fundið
5 Breskir femínistar vilja að verslunarrekendur hætti að selja „karlatímarit"
6 Heimska vex á Vesturlöndum


*Spennandi saga frá Færeyjum um riddara ... álfastelpur ... og DREKA*




*www.forlagid.is*






Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M